FRÉTTABLAÐIÐ
frettabladid.is
159. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 14. ÁGÚST 2021



# Gagnrýni á forystuna nauðsynleg

Páll Magnússon kveður nú Alþingi og telur flokk sinn eiga við vanda að stríða. Hann ræðir einnig baráttuna við áfengið og hversu miklu máli Vestmannaeyjar skipta hann. ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Hefur stutt Liverpool frá fimm ára aldri

Katrín Jakobsdóttir, Gísli Einarsson, Sema Erla Serdar og fleiri, ræða sín lið. ➤ 24



## Laxastofninn í hættu

Bubbi Morthens hefur áhyggjur af áhrifum sjókvía-eldis á náttúruna. ➤ 22



## Síðasta veiðiferðin farin á Íslandi

Colin McKenzie liggur fyrir dauðanum og fer í síðustu veiðiferðir sínar á Íslandi. ➤ 4




Guðjón, forstjóri Reita, ásamt Degi.

## Athugasemdirnar litaðar fordómum

kristinnpall@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Geðhjálp segir óánægju fasteignafélagsins Reita vegna hugmynda um smáhýsi í Laugardalnum litast af fordómum. Um sé að ræða sorglega og ósmekklega tilraun til að tengja geðrænar áskoranir við fasteignamat og ýtt sé undir fordóma um að sumt fólk sé hættulegra en annað.

Reitir og Reykjavíkurborg sömdu í vor um byggingu um 440 íbúða við Orkuhúsið. Áform borgarinnar um byggingu fimm smáhýsa í Laugardalnum fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs eru á borði skipulagsyfirvalda þessa dagana. Í erindi Reita til borgarinnar er lýst yfir „alvarlegum athugasemdum“ við tillöguna.

Geðhjálp bendir á að það sé ekkert sem bendi til þess að fólk með geðrænar áskoranir áreiti börn eða aðra frekar en aðrir. Því óskar Geðhjálp þess að íslenskt samfélag haldi áfram að auka tillitssemi, umburðarlyndi, samkennd og kærleika í garð fjölbreytilegs samfélags. ■

## Sjórinn kælir á góðviðrisdögum



Þegar hitastigið er í líkingu við það sem Íslendingar hafa fengið að kynnast undanfarið er gott að kæla sig með söltum sundspretti. Undanfarnir dagar hafa verið góðir en í gær greindi bandaríska haf- og loftslagsstofnunin frá að júlí hafi verið heitasti mánuður á heimsvísu frá upphafi mælinga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Farþegar Icelandair hafa fengið útsýnisflug yfir eldgosið í aðflugi

svavamarin@frettabladid.is

**ELDGOS** Farþegar Icelandair á leið frá Evrópu hafa margir hverjir verið svo heppnir að fá útsýnisflug yfir gosstöðvarnar í Geldingadölum og sjá hraunið og eldtungurnar af himnum ofan. Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir þetta vera gert ef veður leyfi.

„Við höfum verið að gera þetta til að gefa fólki kost á að sjá gosið úr lofti og það mælist ofboðslega vel fyrir. Farþegum er tilkynnt um þetta þegar á flugi stendur, en það er metið hverju sinni og í samráði við Isavia og flugmálastjórn á svæðinu.“

Einar Dagbjartsson, flugstjóri hjá Icelandair, segir farþega glaða.

„Við erum að gera þetta fyrir farþegana þegar við fljúgum yfir gosið og látum vita hvorum megin úr vélinni það sjáist. Þetta vekur gríðarlega lukku. Við gerum þetta rétt og förum varlega ásamt því að fara ekki niður fyrir þrjú þúsund fet.“


Eldgosið sést vel úr lofti. MYND/AÐSEND

nánar á frettabladid.is


## Námskeið fyrir matsmenn

Lögmannafélag Íslands og dómstólasýslan standa fyrir námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið verður yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Þá verður farið yfir ákvæði einkamálalaga sem varða störf matsmanna og samningu matsgerða, undirbúning matsfunda, uppsetningu matsgerða og störf á vettvangi.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa verið matsmenn eða vilja gefa kost á sér sem matsmenn fyrir dómi.

Handbók með ítarlegum leiðbeiningum fyrir dómkvadda matsmenn er innifalin í námskeiðsgjaldi.

**Kennarar:** Viðar Lúðvíksson lögmaður hjá Landslögum og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur á Verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands.
**Staður:** Kennslustofa Lögmannafélags Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík og Héraðsdómur Reykjavíkur.
**Tími: Alls 7 klst. Miðvikudagur 1. september kl. 13.00-16.00 og fimmtudagur 2. september kl. 12.30-16.30**
**Verð:** kr. 47.000,-

**Nánari upplýsingar og skráning á www.lmfi.is**

Lögmannafélag Íslands DÓMSTÓLASÝSLAN


# Urðu vitni að slátrun á grindhvölum í Færeyjum

Guðni Ágústsson leiddi 50 manna hóp sem gapti þegar frændur okkar í Færeyjum drápu á þriðja tug hvala.

ser@frettabladid.is

**FÆREYJAR** Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og formaður Framsóknarflokksins, fór fyrir 50 manna hópi íslenskra ferðalanga í Færeyjum í vikunni sem er að líða – og má heita, að hans sögn að mannskapurinn hafi dottið í lukkupottinn þegar hann frétti óvænt af því að verið væri að smala 20-30 grindhvölum inn Skálafjörð, rétt sunnan við bæinn Rúnavík.

Rútu hópsins var snarlega snúið við og haldið niður að bryggju, þar sem hópur Færeyinga var mættur til að taka á móti hvölunum og landa þeim með viðeigandi hætti. Ákveðnar reglur gilda um meðferð dýranna eftir að þeim hefur verið slátrað og urðu Íslendingarnir á kajanum vitni að því þegar vörpulegur hópur atvinnumanna stjórnaði þeim aðgerðum af reynslunnar kúnst.

Meðal þess sem þarf að sinna, þegar dýrin eru tekin á land, er að merkja þau eftir fjölda skinna sem af þeim hljótast, áður en skurðurinn hefst með þar til bærum amboðum, en að því loknu er kjötið og spikið skolað með sverum og kraftmiklum vatnsslöngum – og gengur þá mikið á. Í þessu tilviki var verkefnið líka ærið, því alls var 24 dýrum slátrað við bryggjuna í Skálafirði þennan dag.

Guðni stóð þarna á hafnarbakkanum í Skálafirði jafn gapandi og hinir íslensku ferðalangarnir, öllu vanari því að eigin sögn að vera viðstaddur smalamennsku í návígi við fjórfætta sauðkindina en öllu stærri skepnur hafdjúpanna. Guðna þótti mikið til koma eins og öðrum í hópnum, einkum hversu faglega var að verki staðið.


Guðna þótti mikið til koma þegar hann stóð á hafnarbakkanum. MYND/AÐSEND

> „Það væri miklu auðveldara að selja aðgang að þessu frekar en að upplifa Norðurljósin.
>
> Sigurður K. Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu eldri borgara.

Grindhvalirnir tilheyra minnstu tegundum hvala og eru 7-10 metra langir. Grindhvalaveiðar hafa verið eins konar þjóðaríþrótt Færeyinga um langa hríð og má heita að allir Færeyingar, allt frá blautu barnsbeini að öldruðum eyjaskeggjum, þekki til þessara tilburða, sem leika lykilþætti í ímynd og sögu færeysku þjóðarinnar.

„Það væri miklu auðveldara að selja aðgang að þessu frekar en að upplifa Norðurljósin,“ segir Sigurður K. Kolbeinsson hjá Ferðaskrifstofu eldri borgara, en þessi óvænta uppákoma varð að hápunkti vel heppnaðrar ferðar eldri borgara til Færeyja að þessu sinni, þeirrar fjórðu á þessu ári, en þess má geta að engin smit hafa mælst í Færeyjum undanfarna daga og aðeins eru sex smitaðir á öllum eyjunum og enginn inniliggjandi á spítala. ■




## Komdu og reynsluaktu nýjum CR-V tvinnbíl.

Honda e:TECHNOLOGY

Viðbragðsgóður með einstakri akstursmýkt. Sparneytinn tvinnbíll fyrir lengra komna.
Opið í dag 12-16. Við hlökkum til að sjá þig.

**Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

**Umboðsmenn um land allt**
K.Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bílver, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland

## Tölur vikunnar

**436** íbúðir í byggingu eru í hættu vegna bótakröfu Fasteignafélagsins Reita vegna smáhýsa í Laugardal.

**20** prósenta fjölgun leigubíla er áætluð í Árborg.

**34** prósenta fjölgun hefur orðið á starfsfólki forsætisráðuneytisins frá árinu 2017.

**8.000** ferkílómetrar af jöklum hafa glatast frá árinu 2000.

**1.335** sæta nú einangrun vegna Covid-19 á Íslandi.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir unnið að lausn mála.

## Staðan þung á gjörgæsludeild

lovisa@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir að enn sé leitað leiða til að bregðast við þungri stöðu á gjörgæslu spítalans. Páll fundaði með Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni og Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra í gær.

Páll segir að það hafi tekist að bregðast við vandanum sem heilbrigðiskerfið standi frammi fyrir hvað varðar almenn legurými og þau sem eru á hefðbundinni bráðadeild.

„En þetta er flóknara með gjörgæsluna því þar er sérhæft starfsfólk. En það er verið að vinna í þessu,“ segir Páll.

Alls eru 32 sjúklingar með Covid-19 á Landspítala, þar af eru fimm í öndunarvél. Meðalaldur inniagðra er 65 ára.

Þórólfur segir að 2,5 prósent þeirra sem hafi smitast hafi þurft á innlögn að halda vegna alvarlegra veikinda. „Þetta er alvarleg staða finnst mér,“ segir Þórólfur. Varðandi hvort hann muni leggja til harðari takmarkanir þá velti það á Landspítalanum. „Það eru margir að tjá sig um það en maður hlustar ekki á það, heldur á þau sem að þar vinna og stýra spítalanum. Ég bíð bara eftir því,“ segir hann. ■

# Fór í síðustu veiðiferðirnar á Íslandi

Breskur stangveiðiunnandi fór í sínar hinstu veiðiferðir á Íslandi, eftir að hafa greinst með krabbamein.

thorgrimur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Breski stangveiðiáhugamaðurinn Colin McKenzie segir eftirlaunaár sín ekki hafa farið á þann veg sem hann vonaðist eftir. Fyrir um ári greindist hann með krabbamein, aðeins um viku áður en hann átti að setjast í helgan stein. „Ég fór í meiriháttar aðgerð en æxlið hafði breitt úr sér og mér var sagt að ég ætti í mesta lagi tólf til átján mánuði ólifaða.“

„Ég ákvað að reyna að verja árinu sem ég átti eftir í hluti sem mér finnast skemmtilegir,“ segir Colin. „Ég hef mjög gaman af því að veiða en ég gat ekki ferðast of langt í burtu. Þess vegna hafði ég samband við fyrirtæki á Íslandi sem kallast Fish Partner og kom fyrst til landsins til að veiða bleikju í júlí í fyrra. Ég skemmti mér svo vel að mér leið mun betur eftir á. Ég kom síðan aftur í ágúst og september.“

Colin segist hafa veitt meira á fyrsta deginum sínum á Íslandi en öll þau ár sem hann hefur stundað fiskveiðar í Skotlandi. „Það var ótrúlegt. Þetta er búið að vera frábært og ég er gífurlega þakklátur, því hreyfigeta mín hefur skerst æ meira með hverri ferðinni. Ég get varla hreyft mig án hjálpar núna, en þeir hafa hugsað fyrir öllu hjá Fish Partner og gert ráðstafanir til að koma mér inn og út úr farartækjunum og að ánum svo ég geti veitt. Þeir eru orðnir nánir vinir mínir.“

Kristján Páll Rafnsson, eigandi Fish Partner, segir það vera hverrar mínútu virði að hjálpa Colin að veiða. Í einni ferð hans til Íslands hafi hann verið of slappur til að veiða mikið, en Kristján hafi þá komið honum í nudd og í heitan pott og gert hvað hann gat til að hressa hann við. „Læknunum hans fannst ekki góð hugmynd að hann væri að koma hingað,“ segir Kristján. „Hann átti bara að liggja á dánarbeðinum þar til hann dæi. Hann sagði við mig að þetta væri hans líf og að hann ætlaði ekki að verja síðustu ævidögunum niðurbrotinn á spítalanum. Við erum sammála um að við séum tilbúnir til að taka það á okkur þótt hann myndi deyja á bakkanum.“

Colin ætlar að snúa heim til Bretlands á sunnudaginn, til þess að ganga frá málefnum sínum. „Þetta er síðasta veiðiferðin mín. Ég á aðeins um einn mánuð ólifaðan. Ég vildi njóta náttúrufegurðarinnar, hitta þetta góða fólk á Íslandi og veiða einu sinni enn. Þetta er mín saga.“ ■



Colin rennir fyrir fisk, hann vildi ekki eyða síðustu ævidögunum á spítala. Mynd/Kristján Páll Rafnsson

> Ég vildi njóta náttúrufegurðarinnar, hitta þetta góða fólk á Íslandi og veiða einu sinni enn.
>
> Colin McKenzie.

> Hann sagði við mig að þetta væri hans líf og hann ætlaði ekki að verja síðustu ævidögunum niðurbrotinn á spítalanum.
>
> Kristján Páll Rafnsson.




TAX
FREE
LÝKUR Á
MÁNUDAG
EKKI MISSA AF
ÞESSU
REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti.
Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.
www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN
NATURE'S REST LUXURY
heilsurúm með Classic botni
VERÐDÆMI
160 x 200 cm Nature's Rest Luxury heilsudýna á Classic botni: Fullt verð: 109.900 kr.
Aðeins 88.629 kr.
SEALY
Ultra Cooling heilsukoddi
VERÐDÆMI
Fullt verð: 9.900 kr.
Aðeins 7.984 kr.
SÆNGURFÖT
Mikið úrval og gæði
VERÐDÆMI
Fullt verð frá: 10.990 kr.
Frá aðeins 8.792 kr.
LICATA
hornsófi hægri eða vinstri.
Koníaksbrúnn eða grár.
VERÐDÆMI
Fullt verð: 269.900 kr.
Aðeins 217.661 kr.
MEGA
hornsófi hægri eða vinstri.
Lítill opið horn, west grár.
VERÐDÆMI
Fullt verð: 239.900 kr.
Aðeins 193.468 kr.
DORMA LUXE
heit sæng 140x200 cm
VERÐDÆMI
Fullt verð: 29.900 kr.
Aðeins 24.113 kr.
Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566
DORMA
Láttu drauminn rætast

# Umhverfisspjöll langtum meiri af flöskuvatni en kranavatni

thorgrimur@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Áhrif drykkjarvatns í flöskum á náttúruauðlindir er 3.500 sinnum meira en kranavatns. Kom þetta fram í nýlegri rannsókn sem unnin var á vegum heilbrigðisstofnunarinnar ISGlobal í Barselóna á Spáni.

Var þar komist að þeirri niðurstöðu að ef allir íbúar spænsku borgarinnar drykkju flöskuvatn myndi kostnaðurinn við auðlindasöfnun nema að andvirði um 10.570 milljóna króna, um 3.500 sinnum meira en ef allir borgarbúar drykkju kranavatn.

Lítill sem enginn munur er á gæðum drykkjarvatns úr krönum og úr flöskum á Íslandi. Kranavatnið á Íslandi er talið með hinu besta á heimsvísu og samkvæmt svari Matvælastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins fæst enginn heilsuávinningur af því að nota sér hið síðarnefnda frekar en hið fyrra, enda er flöskuvatnið að mestu fengið úr sömu vatnsbólum og í gegnum sömu lagnir.

Þrátt fyrir þetta tíðkast sala á drykkjarvatni í plastflöskum víða í íslenskum verslunum og þekkst hafa dæmi um að erlendum ferðamönnum sé ráðið frá því að neyta vatns úr krana.

Í svari umhverfisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins kom fram að neysla átappaðs vatns virtist hafa aukist á Íslandi síðasta áratuginn og að mikilvægt væri að snúa þeirri þróun við. „Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur sett aukið fjármagn á síðustu árum í vitundarvakningu um ofnotkun einnota plastvara og lagði meðal annars fjármagn til markaðsherferðarinnar Kranavatn. Herferðin, sem farið var í vegna vitundar um að neysla blávatns á flöskum væri að aukast, var í umsjá Íslandsstofu og Umhverfisstofnunar og beindist að því að vekja athygli erlendra ferðamanna á öryggi og gæðum kranavatns á Íslandi.“

Ný lög sem banna sölu á ýmsum einnota plastvörum tóku gildi í sumar. Bannið nær ekki til drykkjarvatns í einnota plastflöskum en tekur til vara sem eru „beinlínis óþarfar eða til eru staðgönguvörur fyrir, svo sem fjölnota lausnir“. Í lögunum er ákvæði um lágmarkshlutfall endurunnins plasts í einnota plastflöskum fyrir drykkjarvörur sem settar eru á markað, sem gildir meðal annars um drykkjarvatn í einnota flöskum.

„Plast í umhverfinu er skaðvaldur og það er í sífelldri endurskoðun í ráðuneytinu til hvaða ráðstafana mögulegt er að grípa til að draga úr plastmengun,“ kom fram í svari ráðuneytisins. ■



Sala á flöskuvatni tíðkast í verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Það eru 75 ár síðan húsið var reist en það hefur staðið autt undanfarin ár.

## Gamla sendiráðið tilbúið um áramót

hjorvaro@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Endurbætur á húsnæðinu sem hýsti áður kínverska sendiráðið að Víðimel 29 ganga vel. Til stendur að koma húsinu í upprunalegt horf og gera það íbúðarhæft. Áætlað er að verklok verði um komandi áramót, að sögn eiganda hússins. ■

## Steypusala tekur kipp á milli ára

ser@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Sala á steypu hefur aukist um að minnsta kosti 25 prósent frá því á fyrri hluta síðasta árs, til fyrstu sex mánaða þessa árs.

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri BM Vallár, segir byggingamarkaðinn hafa tekið vel við sér, ólíkt því sem var á síðasta ári þegar sala var borin uppi af einstaklingum.

„En þetta er og hefur verið sveiflukenndur bransi á Íslandi og bremsuförin hafa oft og tíðum verið löng, milli þess sem bæði starfsfólk og tæki hefur vantað,“ segir hann. ■

# Ekki von á afgönskum túlkum

**Aðildarríki NATO hafa hafið flutninga á túlkum og öðrum samstarfsmönnum sínum frá Afganistan til að forða þeim undan framrás Talibana. Utanríkisráðuneytið segir slíkar aðgerðir ekki grundvallaðar á samþykktum NATO og svipaðar aðgerðir virðast ekki fyrirhugaðar Íslandi.**

thorgrimur@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Engar áætlanir virðast liggja fyrir hjá ríkisstjórn Íslands um það hvort afganskir túlkar eða aðrir Afganir sem störfuðu með íslenskum friðargæsluliðum í Afganistan muni eiga kost á að hljóta hæli hér á landi. Talibanar hafa staðið í leiftursókn gegn afgönskum stjórnvöldum að undanförnu og hafa hertekið fjölda borga. Talið er að túlkar og aðrir Afganir sem unnið hafa með erlendum hernámsliði og bandalagsríkjum Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins eigi á hættu að lenda í skotlínu Talibana ef þeir verða innlyksa á hernámssvæðum þeirra eða ef Talibanar ná stjórn á landinu öllu.

Frá því að Joe Biden Bandaríkjaforseti tók ákvörðun um að draga bandarískt herlið frá Afganistan hafa mörg ríki sem tóku þátt í innrásinni í Afganistan eða í hernámi og friðargæslu í landinu gert áætlanir um að forða afgönskum túlkum og veita þeim hæli. Biden bauð um 200 afganska túlka og fjölskyldur þeirra velkomin til Bandaríkjanna um mánaðamótin. Umræða um svipaðar aðgerðir hefur farið fram í nágrannaríkjum Íslands. Í Danmörku hafa stjórnmálaflokkar á borð við Íhaldsflokkinn, Róttæka vinstriflokkinn, Sósíalíska þjóðarflokkinn og Einingarlistann mælt fyrir því að afganskir túlkar fái hæli í landinu. Fjórir danskir hershöfðingjar og fyrrum varnarmálastjórar sögðu jafnframt við Politiken að Danmörku bæri siðferðisleg skylda til að tryggja öryggi túlka og annarra samstarfsmanna sem hefðu hjálpað dönskum hermönnum í Afganistan.

Ísland, sem aðildarríki í Atlantshafsbandalaginu, tók þátt í verkefnum alþjóðaliðsins (ISAF) í Afganistan á árunum 2003 til 2013. Meðal annars fóru Íslendingar um skeið með stjórn alþjóðaflugvallarins í Kabúl og sendu friðargæsluliða og þróunarfulltrúa til landsins. Fyrir liggur í skýrslum friðargæsluliðsins og í frásögnum Íslendinga sem fóru til landsins að unnið var með innfæddum túlkum við starfsemina, en samkvæmt svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins leiddi Ísland ekki verkefni í eigin nafni og réð ekki túlka eða aðra heimamenn til starfa.

„Þau ríki sem leitt hafa verkefni og ráðið til starfa heimamenn sem túlka eða samstarfsmenn í þeim verkefnum, hafa í einhverjum tilfellum boðið þeim skjól og hæli nú þegar verkefninu lýkur,“ kom fram í svari ráðuneytisins. „Slík boð eru ekki grundvölluð á samkomulagi Atlantshafsbandalagsins og afganskra stjórnvalda. Fleiri dæmi eru um slíkar aðgerðir einstakra ríkja þegar verkefnum á vegum herliðs lýkur í einstökum ríkjum.“

„Fulltrúar Íslands hafa lýst yfir áhyggjum yfir þeirri stöðu sem komin er upp í Afganistan og fylgjast grannt með þróuninni þar í landi. Staðan, og viðbrögð við henni, er reglulega rædd á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Ísland tekur þátt í þeirri umræðu.“ ■



Afganskir fyrrverandi túlkar mótmæla í miðbæ Kabúl þann 30. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> **Slík boð eru ekki grundvölluð á samkomulagi Atlantshafsbandalagsins og afganskra stjórnvalda.**
>
> Utanríkisráðuneytið.



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
Jeep 4xe






# Lokafrestur til að skila ársreikningi er til 31. ágúst 2021

- Forráðamenn félaga sem ekki hafa nú þegar skilað ársreikningi eru hvattir til að bregðast skjótt við og senda ársreikning rafrænt. Frestur til að halda aðalfund og skila ársreikningi rennur út átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Senda skal inn til opinberrar birtingar þann ársreikning sem staðfestur var á aðalfundi félagsins. Óheimilt er að breyta eða fella niður neinar upplýsingar í þeim ársreikningi sem sendur er inn til opinberrar birtingar.
- Örfélög geta nýtt sér Hnappinn að því tilskyldu að þau hafi skilað skattframtali. Ef félag nýtir sér Hnappinn þá er ársreikningi skilað með aðstoð Skattsins. Ekki er heimilt að staðfesta hefðbundinn ársreikning á aðalfundi félags en senda svo inn hnappsreikning í stað þess reiknings sem staðfestur var á aðalfundi.
- Hægt er að ganga úr skugga um hvort að ársreikningi hafi verið skilað á vefnum ***skatturinn.is***.

**Sekt vegna vanskila er 600.000 kr.
og leggst á eftir 31. ágúst.**

Skatturinn
Fyrirtækjaskrá

fyrirtaekjaskra@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

## Rannsóknarstofa líklegur uppruni

arib@frettabladid.is


Peter Ben Embarek, verkefnastjóri hjá WHO.

**COVID-19** Kínverjar þrýstu á Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, WHO, að útiloka allar vangaveltur um að veiran sem veldur Covid-19 hafi átt uppruna sinn á rannsóknarstofu í Wuhan, í skýrslu WHO um uppruna veirunnar.

Peter Embarek, sem leiddi hóp WHO í Wuhan, sagði við dönsku stöðina TV2 að það væri „líkleg kenning“ að starfsmaður rannsóknarstofu hafi borið veiruna í menn eftir að hafa safnað sýnum úr leðurblökum. Nefndi hann sérstaklega stofu sem flutti í húsnæði nálægt matarmarkaði í lok árs 2019. ■

## Efnaskipti stöðug fram að sextugu

arib@frettabladid.is

**VÍSINDI** Efnaskipti líkama fullorðinna einstaklinga haldast stöðug frá tvítugsaldri til sextugs, þá fer að hægja á þeim. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem birt var í vísindatímaritinu Science í gær.

Þar kemur fram að efnaskipti eru hröðust í ungabörnum. Þau brenna hitaeiningum rúmlega helmingi hraðar en fullorðnir. Það hægist svo á efnaskiptunum um þrjú prósent á ári til tvítugs. Efnaskiptin haldast svo stöðug til sextugs, þá hægist á þeim um eitt prósent á ári. ■


## Kosningar til Alþingis

Kosningar til Alþings fara fram 25. september 2021 og getur kosning utan kjörfundar hafist föstudaginn 13. ágúst 2021.

Innanlands fer kosning utan kjörfundar fram hjá sýslumönnum um allt land, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra. Þá getur sýslumaður einnig ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á sérstökum kjörstað í umdæminu. Nánari upplýsingar verður að finna á vefsvæði sýslumanna syslumenn.is.

Erlendis fer kosning utan kjörfundar fram á skrifstofu sendiráðs, í sendiræðisskrifstofu eða hjá kjörræðismanni samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið getur þó ákveðið að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram á öðrum stöðum erlendis. Kjósendum er bent á að hafa samband við sendiskrifstofur og/eða sendiherra sem hafa yfirlit yfir hvar unnt er að kjósa. Vegna þess ástands sem ríkir í heiminum vegna COVID-19 farsóttarinnar geta þau tilvik komið upp, vegna sóttvarnaráðstafana stjórnvalda á hverjum stað, að aðgengi kjósenda að kjörstöðum erlendis verði takmarkað.

Dómsmálaráðuneytinu, 13. ágúst 2021

**Stjórnarráð Íslands**
Dómsmálaráðuneytið


# Loks hægt að sturta niður á ný við perluna Hverfjall

**Landeigendur eru komnir með nóg af aðgerðarleysi Umhverfisstofnunar við Hverfjall í Mývatnssveit og vilja taka svæðið yfir. Salernishús stóð lokað í hartnær 18 mánuði, en er komið aftur í gagnið að frumkvæði landeigenda.**

benediktboas@frettabladid.is


Frístandandi kömrum var komið fyrir í sumar framan við óvirkt salernishús Umhverfisstofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

**UMHVERFISMÁL** Eftir að hafa verið lokað í 18 mánuði rennur nú vatn loks aftur um salernisaðstöðu við náttúruperluna Hverfjall í Mývatnssveit. Landeigendur tóku til sinna ráða eftir að hafa beðið eftir aðgerðum Umhverfisstofnunar. Stefnt er á að bora nýja borholu í lok mánaðarins en sú fyrri fylltist af sandi – eins og spáð hafði verið.

Hverfjall hefur verið friðlýst í áratug og árið 2016 var opnuð salernisaðstaða, útbúin nýjasta hreinsibúnaði. Fyrir Covid-faraldurinn var talað um að 100 þúsund manns kæmu árlega að fjallinu.

Til að fá rennandi vatn í salernisaðstöðuna var ákveðið að bora borholu lágt í landslaginu. Heimamenn bentu á að þegar snjóa leysti myndi holan fyllast af sandi og eyðileggja þannig lagnir og jafnvel blöndunartæki. Á það var ekki hlustað, en eftir snjóþungan síðasta vetur gerðist það sem heimamenn spáðu fyrir um.

Umhverfisstofnun reyndi að hreinsa dælur og annað í húsinu en allt kom fyrir ekki og var því einfaldlega skellt í lás. Í ár hefur verið stöðugur straumur af erlendum ferðamönnum og horfði blaðamaður Fréttablaðsins á þegar tvær rútur komu með farþega í spreng sem komu að lokuðum dyrum. Þurftu þeir því að kúldrast út í hraun og gera þarfir sínar þar.

Ólöf Hallgrímsdóttir, einn landeigenda, viðurkennir að vera komin með nóg af hægagangi stjórnsýslunnar og ákvörðunarfælni hennar.

„Þetta gengur ekki lengur. Hægri hendin veit ekkert hvað sú vinstri er að gera og við viljum fá að sjá um svæðið því við treystum ekki lengur Umhverfisstofnun. Hún hefur ekkert verið að sinna hlutverki sínu við fjallið,“ segir Ólöf.



Landeigendur vilja taka við hinu friðlýsta svæði af Umhverfisstofnun. Ferðamenn hafa gert þarfir sínar í sumar við nýja salernishúsið sem var opnað 2016.

> ,, Við viljum fá að sjá um svæðið því við treystum ekki lengur Umhverfisstofnun.


Ólöf Hallgrímsdóttir, landeigandi.

Hún bendir á að landeigendur hafi einfaldlega fengið nóg og tekið málið í sínar hendur. Útvegað vatnstank sem yfirborðsvatni er dælt í og þannig sé hægt að halda salernishúsinu opnu – í bili að minnsta kosti. Þá hafi landeigendur meira að segja keypt nokkra varahluti til að halda húsinu gangandi.

„Við getum ekki horft upp á þetta lengur. Við erum búin að vera ýta á stofnunina því við viljum sjá um svæðið og ég er bjartsýn að það gerist um áramótin,“ segir Ólöf. Starfsmaður Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit segir að stefnt sé á að bora nýja holu í lok mánaðarins. Von sé að hún gangi betur en síðasta hola. ■









365 Grayscale 30L
**Verð 12.995 kr.**



365 Black 30L
**Verð 12.995 kr.**



Campus Garnet 33L
**Verð 13.995 kr.**



Campus Carbon 18L
**Verð 9.995 kr.**



365 Crimson Red 21L
**Verð 9.995 kr.**



365 Dark Olive 21L
**Verð 9.995 kr.**



365 Jungle Palm 21L
**Verð 9.995 kr.**



365 Phil Morgan 21L
**Verð 11.995 kr.**

DAKINE

Hallarmúli 2 I Laugavegur 11 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

# Veikur spítali



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Stjórnvöldum er óhætt að fara að vilja þjóðarinnar í heilbrigðismálum, eins og raunar í hvaða málaflokki sem er. Hver könnunin af annarri í þessum efnum, árum og áratugum saman, hefur sýnt sömu niðurstöðuna: Yfirgnæfandi meirihluti almennings vill opinbert heilbrigðiskerfi sem er vel rekið fyrir fólkið í landinu, óháð fjárhag þess og búsetu.

Með öðrum orðum, fólk vill ekki að heilbrigðisþjónustan hér á landi fari í manngreinarálit – og taki þá fram fyrir röðina sem eru efnameiri og frekari. Það vill mannúðlega þjónustu á þessu sviði sem byggir á jafnræði.

Í öllu falli, landsmenn vilja ekki veikan spítala.

Stjórnendur æðstu heilbrigðisstofnunar landsins kalla nú eftir fjármunum og sértækum aðgerðum til að mæta auknu álagi af völdum farsóttarinnar sem herjað hefur á Íslendinga og heimsbúa alla í hálft annað ár. Það er eðlileg krafa, enda ber Landspítalanum samkvæmt lögum að veita nauðsynlega hátækniþjónustu á hvaða tíma sem er, líka í kreppum og heimsfaraldri.

En það verður líka að gera kröfu til stjórnendanna sjálfra. Þeir verða að hugsa lengra en nef sér. Og það er við hæfi að þeir hugsi í lausnum – og út fyrir kassann.

Landspítalinn hefur verið eyland. Það á við í tvennum skilningi. Hann hefur ekki nýtt sér sem skyldi þau sjúkrahús sem standa honum næst – og eru mörg hver vannýtt. Það á við um sjúkrahúsin í Keflavík, á Selfossi, Akranesi og allt eins mætti nefna Hafnarfjörð í sömu andrá. Það á að vera hægt að útvista verkefnum sem minna tæknivæddir spítalar ráða við, svo sem til að laga fráflæðisvanda Landspítalans sem hefur staðið starfsemi hans fyrir þrifum um árabil. Og vel að merkja, hér gildir það sama um íbúa höfuðborgarsvæðisins og fólk úti á landi, að aksturfjarlægð frá sjúkrahúsi er ekki vandamál.

Og svo er hitt. Landspítalinn getur hæglega reitt sig á þjónustu einkarekinna læknastofa þar sem við á, til dæmis hvað liðskiptaaðgerðir varðar. Það á ekki að vera goðgá. Og það má ekki heita afbrigðilegt að nýta skattpeninga landsmanna betur með útboði á vandaðri þjónustu sem kostar minna en ríkisreksturinn.

Í grunninn er Landspítalinn vel rekin ríkisstofnun. Afköst hans standast samanburð við vel rekna spítala á hinum Norðurlöndunum. En hann má ekki stjórnast af kreddum. ■

> „Í öllu falli, landsmenn vilja ekki veikan spítala.




## Gunnar




## Mín skoðun

# Vírusinn sem aldrei hvarf



Sif Sigmarsdóttir

Hvað gerist næst í heimsfaraldrinum? Er þetta upphafið að endinum? Eða erum við nær byrjunarreit en lokum hans? Spálíkönin eru óvenjuhljóð. Svo virðist sem eina vissan sé óvissan. En veirufræðingar rýna nú í óvænta spákúlu. Sumir halda því fram að horfum við til fortíðar sjáum við betur til framtíðar.

**Vopnahlé við vírus**

Í janúar árið 1892 ritaði Josephine Butler, enskur femínisti og umbótasinni, syni sínum bréf þar sem hún kvartaði undan máttleysi og deyfð. Hún taldi að um væri að ræða eftirköst flensu sem hún hafði fengið um jólin. „Ég held að ég hafi aldrei verið svona veikburða, ekki einu sinni eftir að ég fékk malaríu í Genúa.“ Þremur mánuðum síðar bólaði ekkert á bata. „Ég er svo orkulítil að ef ég les eða skrifa í hálftíma verð ég máttfarin og mig fer að sundla svo að ég þarf að leggjast út af.“

Árið 1889 upphófst einn banvænasti heimsfaraldur sögunnar. Rússaflensan eins og hún var nefnd, er talin hafa orðið einni milljón manna að aldurtila. Í 130 ára gömlum læknaskýrslum sést að helstu einkenni voru þurr hósti, hiti og breytingar á bragð- og lyktarskyni. Sumir, eins og Josephine Butler, glímdu við langvarandi veikindi í kjölfar sýkingar, þunglyndi og síþreytu. Börn veiktust síður en fullorðnir. Konur sluppu betur en karlar.

Sagnfræðingar og veirufræðingar telja nú líkur á að Rússaflensan hafi ekki verið inflúensa heldur hafi veikindin verið af völdum kórónavíruss, ekki ólíkum þeim sem við glímum við nú. Þau hin sömu velta yfir því vöngum hvort Rússaflensan geti varpað ljósi á framvindu kórónaveirufaraldursins. Getur sagan sagt okkur hvenær faraldrinum muni ljúka?

Farsóttin, sem hófst árið 1889, reið yfir heimsbyggðina í nokkrum mannskæðum bylgjum næstu fimm árin. Minni bylgjur fylgdu í kjölfarið allt til aldamótanna 1900 þegar faraldurinn fjaraði út.

> „Svo virðist sem eina vissan sé óvissan.

Svo kann þó að vera að vírusinn hafi aldrei horfið. Rannsókn belgískra líffræðinga frá árinu 2005 hefur vakið athygli nýverið, en niðurstöður hennar benda til þess að kórónavírusinn OC43, kórónavírus sem veldur óbreyttu kvefi, sé í raun vírusinn sem olli Rússaflensunni.

Paul Hunter, prófessor í lýðheilsufræðum við Háskólann í Austur-Anglíu, telur líklegt að Covid-19 muni fylgja sama ferli og Rússaflensan og smám saman verða að meinlausum vetrarvírus. „Vírusinn er kominn til að vera,“ sagði hann í nýlegu viðtali. „Barnabarnabörnin okkar munu fá kóvid. En fyrir þau verður það smámál.“

En hvenær verðum við sem nú kveljumst laus undan ægivaldi vágestsins?

Bóluefni við Covid-19 veitir góða vörn gegn því að veikjast illa. Það virðist hins vegar ekki veita þá vörn gegn smitum sem vonir stóðu til. Vegna þessa hefur nokkuð borið á gremju meðal fólks sem finnst það hafa verið svikið um loforð um umsvifalaus endalok faraldursins.

Á fimm árum smituðust nógu margir af Rússaflensunni til að mesta hættan var liðin hjá. Á öðrum fimm árum varð sjúkdómurinn að hálfgerðu kvefi. Það kann að hljóma sem langur tími. Að þessu sinni ættu bólusetningar hins vegar að flýta töluvert fyrir ferlinu.

David Matthews, prófessor í veirufræði við Háskólann í Bristol, tekur undir líkindin við Rússaflensuna. „Þetta er ekki lengur spurning um að við náum hjarðónæmi og við það hverfi vírusinn.“ Hann segir að markmiðið ætti ekki að vera hjarðónæmi heldur vopnahlé. „Við munum smitast af vírusnum, líklega oft. En vegna þess að við erum bólusett mun hann ekki reynast okkur banvænn.“

Kórónaveiran hefur lag á að koma okkur í opna skjöldu. En kannski að orð sem gjarnan eru höfð eftir rithöfundinum Mark Twain geti varpað einhverju ljósi á hvað gerist næst í yfirstandandi heimsfaraldri: „Sagan endurtekur sig kannski ekki, en hún rímar.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Sigmundur Ernir Rúnarsson ser@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is


RAFMAGNAÐUR
ENYAQ iV
412 til 534 km drægni (WLTP)
ŠKODA
Enyaq
FÆST EINNIG FJÓRHJÓLADRIFINN
FRAMSÆKINN OG VISTVÆNN FERÐAFÉLAGI
Skoda Enyaq er afskaplega rúmgóður og með stórt skott. Hin fjölmörgu geymsluhólf og faglegur frágangur heilla en umhverfisvæna áklæðið setur punktinn yfir i-ið. Skoda Enyaq iV er með úrval snjalllausna sem auðvelt er að stjórna. Hann er næmur, framsækinn, nýjungagjarn og reiðubúinn í nýtt ferðalag með þér. Skoda Enyaq iV er í boði með tveimur stærðum af rafhlöðu, hiti í stýri er staðalbúnaður ásamt undirbúningi fyrir dráttarbeisli en dráttargetan er 1.000 kg. Komdu í heimsókn og prófaðu. Sjáumst hress!
Verð frá 5.790.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
Veldu þinn Enyaq á www.hekla.is/skodasalur
Fylgdu okkur!
@skoda
www.skoda.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Sviðslistasjóður
## Styrkir til atvinnusviðslistahópa
Umsóknarfrestur **4. október kl. 15.00**

**Sviðslistaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Sviðslistasjóði fyrir leikárið 2022/23.**

**Umsóknarfrestur rennur út 4. október 2021 kl. 15:00.* Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.**

Í umsókn er beðið um lýsingu á verki, verk- og tímaáætlun, fjárhagsáætlun og upplýsingar um þátttakendur og umsóknaraðila.

Vakin er athygli á nýju formi fyrir fjárhagsáætlun sem skal fylgja umsókn. Fylgigögnum skal skila með rafrænni umsókn til Rannís.

Umsókn atvinnusviðslistahópa getur einnig gilt sem umsókn í Launasjóð listamanna.

Sviðslistasjóður starfar samkvæmt lögum um sviðslistir 2019 nr.165. Svör til umsækjenda berast í janúar 2022.

**Nánari upplýsingar** veita Óskar Eggert Óskarsson og Ragnhildur Zoëga á skrifstofu Rannís, svidslistasjodur@rannis.is.

***Ath. Sjóðir hjá Rannís loka kl. 15:00.**

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

rannís
www.rannis.is



60+
# Tenerife með Kristínu Tryggva
**5.janúar - 13 eða 20 nætur**







Gist á hinu glæsilega Best Tenerife, í hjarta Playa de las Americas og glæsileg heilsu - og skemmtidagskrá með Kristínu Tryggva allan tímann.



13 nætur
**Frá 235.900 kr**

20 nætur
**Frá 297.900 kr**

**Innifalið:** Flug, gisting, hálft fæði, ferðir til og frá flugvelli ásamt heilsu og skemmtidagskrá.

Aventura
www.aventura.is
• Sími: 556 2000
• Sundagörðar 2 - 104 Reykjavík







Miklar vonir eru bundnar við sóknartengiliðinn Jack Grealish hjá ríkjandi meisturum Man. City. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Nágrannar fengu hvorn sinn enska dáðadrenginn

Manchester City, Chelsea og Manchester United eiga þrjá dýrustu leikmennina sem keyptir hafa verið í félagaskiptaglugganum í ensku úrvalsdeildinni í sumar.

hjorvaro@frettabladid.is

**ENSKI BOLTINN** Keppni í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla hófst í gær með leik nýliða Brentford og Arsenal.

Félagaskiptamarkaðurinn hefur verið nokkuð rólegur í sumar en dýrustu félagaskiptin eru kaup Manchester City á Jack Grealish fyrir 100 milljónir punda, endurkoma Romelu Lukaku til Chelsea fyrir tæpar 100 milljónir punda og fjárfesting Manchester United á Jadon Sancho fyrir 73 milljónir punda.

Auk þess að bæta framlínu sína bólstraði Manchester United varnarlínu sína með því að tryggja sér þjónustu Raphael Varane. Liverpool gerði slíkt hið sama með því að næla í Ibrahima Konate.

Aston Villa eyddi svo hluta af kaupverðinu sem það fékk fyrir Grealish með því að festa kaup á Danny Ings. Félagaskipti Harry Kane frá Tottenham til Manchester City hafa legið í loftinu í allt sumar en svo virðist sem ekkert verði úr þeim í þessum félagaskiptaglugga.

Fréttablaðið fékk Elvar Geir Magnússon, ritstjóra fótbolta.net og Tómas Þór Þórðarson, ritstjóra enska boltans hjá Sjónvarpi Símans, til þess að tína til þau félagaskipti sem þeir telja að muni reynast best á komandi keppnistímabili.

Elvar Geir Magnússon nefnir fyrst til sögunnar Jadon Sancho til Manchester United. „Öll tölfræði segir manni að Sancho eigi eftir að verða frábær hjá United. Þess utan held ég að hann passi vel inn í stemninguna sem er í hópnum. Ungur leikmaður sem vill komast alla leið á toppinn. Mögulegt að hann þurfi nokkrar vikur til að trekkja sig í gang hjá nýju liði en verði svo funheitur.“

> „Öll tölfræði segir manni að Sancho eigi eftir að verða frábær hjá Manchester United.



Elvar Geir Magnússon, ritstjóri fótbolta.net.

Næst á listanum hjá Elvari Geir eru vistaskipti Jack Grealish til Manchester City. „Það er ekki að ástæðulausu sem Manchester City borgar metfé fyrir þennan leikmann. Þetta eru kaup sem eiga ekki að geta klikkað.

Hjá Aston Villa lögðu mótherjarnir alla áherslu á að loka á hann en hjá City er hann ekki lengur stór fiskur í litlili tjörn. Passar vel inn í fljótandi Pep fótboltann og þeir ljósbláu munu fá urmul af aukaspyrnum.“

Um leið er Elvar spenntur að sjá áhrif danska miðvarðarins Janniks Vestergaard á varnarleik Leicester City.

„Ég er gríðarlegur Vestergaardmaður. Hann er sterkur karakter, leiðtogi og með svakalegan skrokk. Ég held að hann muni stíga næsta skref hjá Leicester, mistökunum muni fækka og hann stimpli sig inn sem einn besti miðvörður deildarinnar.“

Elvar Geir telur svo að stuðningsmenn Arsenal eigi að vera spenntir fyrir komu Albert Sambi Lokonga til félagsins. „Lokonga hefur spilað fyrir öll yngri landslið Belgíu og verið valinn í A-landsliðið. Það er ekki tínt upp af götunni.

> „Það verður gaman að sjá hvernig Patson Daka mun pluma sig á stóra sviðinu.



Tómas Þór Þórðarson, ritstjóri enska boltans hjá Símanum Sport.

Skrefið frá Anderlecht upp í ensku úrvalsdeildina er þó ansi stórt og spurning hversu langt aðlögunarferlið verður. En ég er spenntur fyrir þessum 21 árs leikmanni og tel að spurningin sé frekar hvort, heldur en hvenær, hann lætur almennilega til sín taka hjá Arsenal.“

Tómas Þór Þórðarson tekur í sama streng og Elvar Geir og er spenntur fyrir komu Sanchos til Manchester United. Þá telur Tómas Þór að Lukaku muni gera gott mót hjá Chelsea. Tómas Þór nefnir svo félagaskipti sambíska landsliðsframherjans Patson Daka til Leicester City.

„Daka kemur til Leicester City frá Red Bull Salzburg en hann skoraði 27 mörk í 28 deildarleikjum í austurrísku efstu deildinni á síðustu leiktíð. Það verður gaman að sjá hvernig Daka mun pluma sig á stóra sviðinu,“ segir Tóma s.

Njósnateymi Leicester City hefur síðustu ár verið naskt við að finna áður óþekkta demanta. Tómas Þór telur að Daka verði enn eitt dæmi góðrar vinnu hjá því teymi. ■


pepsi
MAX
DEILDIN
AÐEINS 3.990 KR./MÁN.
ALLIR LEIKIRNIR Í PEPSI MAX DEILDINNI ERU SÝNDIR Á STÖÐ 2 SPORT
OG Í VEFSJÓNVARPI STÖÐVAR 2 sjonvarp.stod2.is/pepsimax
FYLKIR
Í BEINNI FRÁ ÁRBÆ
MÁNUDAG 19:00
STAKUR VIÐBURÐUR 990,-
KA - STJARNAN SUN. 15:50 | FH - LEIKNIR R. SUN. 17:00 | VALUR - KEFLAVÍK SUN. 18:50
HK - KR MÁN. 19:15 | BREIÐABLIK - ÍA MÁN. 19:15
2 SPORT
Tryggðu þér áskrift á stod2.is

# LOKADAGAR RÝMINGARSÖLUNNAR







## LEONE

Hornsófi úr Leone línunni 2H2. Svört álgrind og gráar sessur og bakpullur úr fyrsta flokks svampi. Endingargott Olifin áklæði. Stærð: 203 x 203 x 80 cm

Sófarborð úr svörtu áli með reyklitaðri glerplötu fylgir sófanum. Stærð: 70x70x30 cm

**130.193 kr.**
~~185.990 kr.~~



# RÝMINGARSALA Á GARÐHÚSGÖGNUM












*Fallegur borðbúnaður – tilvalinn í útileguna eða út á pallinn!*




30-50%

## RÝMINGARSALA Á GARÐHÚSGÖGNUM

Rýmum til fyrir öllum fallegu haustvörunum







Stærð horneininga:
154,5 x 83 x 66 cm

Stærð ferköntuðu
eininganna: 83 x 83 cm.



## BERMUDA

Grásvart sett, 4 einingar sem má raða saman á marga vegu. Vinstri og hægri sófaeining með armi, þeim fylgja setpullur og bakpúðar. Einnig tvær ferkantaðar einingar, þeim fylgja setpullur og annarri fylgir einnig hert gler. Hægt er að mynda t.d. hornsófa, 4-6 sæta langan sófa með skammeli og/eða borði.

95.994 kr. ~~159.990 kr.~~

# Heildræn nálgun á krabbameinsmeðferð



Þorvaldur S. Helgason
thorvaldur @frettabladid.is

Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda, og heilbrigðistæknifyrirtækið Sidekick Health, skrifuðu í síðustu viku undir samning um samstarfsverkefni sem á að tryggja krabbameinssjúklingum aðgang að endurhæfingu í gegnum snjallsímaforrit.

Fréttablaðið ræddi við Ernu Magnúsdóttur, forstöðukonu og stofnanda Ljóssins, og Sæmund Oddsson, lækni og annan stofnenda Sidekick Health, um verkefnið.

„Við hjá Sidekick höfum lengi fylgst með starfsemi Ljóssins og verið mjög áhugasöm um að starfa með þeim og því brautryðjendastarfi sem á sér stað þar. Markmið Ljóssins er að bæta þjónustu við krabbameinsgreinda og er það í fullkomnu samræmi við markmið okkar,“ segir Sæmundur.

Erna segir samstarfið hafa byrjað þegar Sidekick kom að máli við Ljósið og bauð því að taka þátt.

„Ljósið er orðið sextán ára á þessu ári og í raun erum við búin að vera að starfa mjög mikið í stafrænu umhverfi frá því að Covid byrjaði. Svo kemur þessi beiðni hvort við viljum taka þátt í þróun og rannsókn á því að auka gæði og heldni endurhæfingar. Það væri þá í raun viðbót við þá miklu endurhæfingu sem er í Ljósinu,“ segir Erna.



Erna og Sæmundur undirrituðu samninginn í höfuðstöðvum Ljóssins í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

> **„Við erum mörg í teyminu sem höfum ýmist átt ástvini sem hafa þurft að glíma við krabbamein, eða greinst sjálf.**
>
> Sæmundur Oddsson, læknir og stofnandi Sidekick.

### Fjarmeðferð í gegnum snjallsíma

Verkefninu verður ýtt úr vör með rannsókn þar sem yfir 100 einstaklingar í virkri krabbameinsmeðferð munu taka þátt í prófun og þróun á fjarmeðferð í gegnum snjallsíma.

„Þetta virkar þannig að sjúklingar fá aðgang að snjallsímaforriti Sidekick og tengjast þar með nýju meðferðarúrræði sem byggir á þeirri heildrænu nálgun sem Ljósið er sérfræðingur í. Sjúklingar fá hvatningu og stuðning til að bæta lífsstíl sinn á heildrænan hátt þegar kemur að mataræði, streitustjórnun og aukinni hreyfingu. Það má líta á Sidekick sem eins konar hjálparhellu sjúklinga og fræðsla sem er aðlöguð að heilsulæsi sjúklinga er mikilvægur þáttur af meðferðinni, þannig er til að mynda fræðsla um hvernig má eiga við aukaverkanir,“ segir Sæmundur.

Erna telur fjarmeðferðina kærkomna viðbót við starfsemi Ljóssins en þar geta krabbameinsgreindir mætt í alls kyns reglulega dagskrá á borð við heilsutengd námskeið, fræðslufundi, gönguhópa, líkamsrækt, handverkshópa og fleira.

„Þarna höfum við aukaverkfæri til að hjálpa þeim að halda áfram. Þótt þú sért búinn með eitt námskeið þá nærðu kannski ekki alveg tökum á því sem við erum að kenna. En þarna er aukafræðsluefni og verkefni sem hjálpa fólki að viðhalda því sem þatt er að læra hjá okkur,“ segir Erna.

„Það sama á við um hreyfingu, við erum náttúrlega með stóran og flottan líkamsræktarsal sem fólk kemur í og getur nýtt sér mismikið. En með því að vera með forrit og þennan stuðning í gegnum snjallsíma þá getum við hvatt fólk til að gera æfingar eða göngutúra heima hjá sér. Þannig að þetta er svona auka hvatning inn í endurhæfingarferlið,“ segir hún.

### Lífsnauðsynlegar breytingar

Sæmundur segir hugmyndafræði Ljóssins um endurhæfingu sjúklinga samræmast vel markmiðum Sidekick. Mikilvægt sé að kenna fólki að gera jákvæðar breytingar á lífsstíl sínum til að efla heilsu og líðan meðan á meðferð stendur.

„Margar rannsóknir hafa sýnt að það er hægt að draga verulega úr aukaverkunum af krabbameinsmeðferð með því að bæta lífsstíl, til dæmis með bættu mataræði, betri svefnvenjum og daglegri hreyfingu. Fátt er meira streituvaldandi en að greinast með krabbamein, og til dæmis þegar kemur að mataræði þá hafa rannsóknir sýnt að það má draga úr þessari svokölluðu krabbameinsþreytu með því að borða próteinríkari mat. Sem dæmi um áhrif bættra svefnvenja þá hafa rannsóknir bent til þess að í brjóstakrabbameini, hjá ungum konum sérstaklega, þá virðist góður svefn geta bætt horfur,“ segir Sæmundur.

Þá segir hann snjallsímatæknina auka möguleikann á heildrænni nálgun þegar kemur að krabbameinsmeðferð og hún nýtist sérstaklega vel til ýta undir lífsstílsbreytingar. Rannsóknir Sidekick og annarra á atferli sjúklinga hafi ítrekað sýnt fram á að margfalt fleiri snertipunkta þurfi til að ná fram lífsstílsbreytingum heldur en hægt er að veita á sjúkrahúsum.

„Svona til gamans þá segi ég stundum frá ákveðnum straumhvörfum á mínum ferli, þegar ég starfaði sem sérfræðilæknir á hjartadeild á erlendu háskólasjúkrahúsi. Ég var með sjúkling hjá mér og var með takmarkaðan tíma til að fara í gegnum mikla fræðslu og hvetja hann til að gera lífsnauðsynlegar lífsstílsbreytingar. Ég gleymi því aldrei að eftir að samtalinu lauk þá leit ég út um gluggann og sá sjúklinginn kveikja sér í sígarettu og sýna snjallsímanum miklu meiri áhuga en samtalinu okkar. Þetta er þekkt vandamál og hefur að gera með hvað það er dýrt og erfitt að vera með svona marga snertipunkta við sjúklinginn eins og þarf til að ná fram breytingu. Í þessu samhengi er þetta aukna aðgengi að sjúklingum í gegnum snjallsíma ákveðin bylting innan læknavísindanna,“ segir Sæmundur.

### Kemur ekki í staðinn fyrir Ljósið

Erna tekur undir þetta en segir þó að snjallsímatæknin geti aldrei alveg komið í staðinn fyrir mannlega þáttinn.

„Við megum ekki gleyma því að þetta kemur ekki í staðinn fyrir Ljósið, þar sem að fólk hittist og fær líka félagslega næringu og styrkir hvert annað þannig. En það eru ekkert allir sem hafa aðgang að okkur, Ljósið er bara í Reykjavík eins og er, nema við erum komin með landsbyggðadeild þar sem við þjónum fólki stafrænt. Ég vil taka það fram að þetta er svo frábær viðbót og vinnur samhliða hugsjón okkar, mér finnst eins og hugmyndafræðin hjá Sæma og þeim í Sidekick sé svipuð hugmyndafræðinni hjá okkur. Það er verið að grípa einstaklinginn andlega, líkamlega og félagslega og ekkert bara verið að horfa á einn læknisfræðilegan þátt. Það er verið að horfa heildrænt á einstaklinginn eins og við gerum í Ljósinu.“

„Þarna deilum við sömu sýn og það er mikill meðbyr þegar kemur að þessari nálgun, til dæmis á meðal krabbameinslækna, hér á landi og erlendis, þar sem margir eru í ráðgjafahópi okkar, því það eru allir sammála um að það þarf að gera meðferðir einstaklingsmiðaðri. Einstaklingar eru mismunandi, með mismunandi einkenni, mismunandi áhyggjur, mismunandi bakgrunn, mismunandi forsendur til að takast á við meðferðina,“ segir Sæmundur.

### Vænta mikils af samstarfinu

Þótt verkefnið fari rólega af stað til að byrja með, þá segjast bæði Erna og Sæmundur vænta mikils af samstarfinu, sem Sæmundur lýsir sem allt að því einstöku á heimsvísu.

„Við væntum mikils af samstarfinu og hlökkum til að taka þátt og geta boðið okkar skjólstæðingum enn þá meiri og enn þá betri þjónustu í rauninni,“ segir Erna.

„Við erum mjög þakklát og spennt fyrir þessu samstarfi og stolt yfir því að vera búin að þróa tæknina á þennan stað. Fyrir allmörgum árum þá sáum við bekkjarbræðurnir úr læknadeildinni, við Tryggvi Þorgeirsson, sem er brautryðjandi í rannsóknum á áhugahvöt sjúklinga og annar stofnenda Sidekick, að það er þörf fyrir að sinna krabbameinsgreindum eins og Ljósið gerir á þennan heildræna hátt. Í teyminu eru nú tæplega 90 manns í fullu starfi og í tengslum við þróun og rannsóknir hér á landi og erlendis, hefur skapast einstök þverfagleg þekking. Við erum mörg í teyminu sem höfum ýmist átt ástvini sem hafa þurft að glíma við krabbamein, eða greinst sjálf,“ segir Sæmundur. ■


**Listamannalaun 2022**

Umsóknarfrestur **4. október kl. 15.00**

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2022 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Umsóknarfrestur rennur út 4. október 2021. Umsóknarkerfi lokar kl. 15:00.***

Úthlutað verður úr eftirfarandi sjóðum:
launasjóður **hönnuða**
launasjóður **myndlistarmanna**
launasjóður **rithöfunda**
launasjóður **sviðslistafólks**
launasjóður **tónlistarflytjenda**
launasjóður **tónskálda**

Í umsóknum er óskað eftir upplýsingum um verk- og tímaáætlun, listrænt gildi verkefnis og feril umsækjenda. Þessir þættir liggja að jafnaði til grundvallar ákvörðunar um úthlutun starfslauna.

Umsóknir eru einstaklingsumsóknir. Í vinnuáætlun er hægt að tilgreina samstarf sérstaklega. Nota þarf rafræn skilríki við gerð umsóknar og eingöngu er tekið við rafrænum fylgigögnum.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef áfangaskýrslu/lokaskýrslu hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Áfram verður hægt að fella starfslaun sviðslistafólks inn í umsókn í Sviðslistasjóð.

Aðgangur að umsókn, eyðublöðum fyrir skýrslur, matskvarða, ásamt lögum og reglugerðum um sjóðinn, stefnu stjórnar o.fl., er að finna á vefslóðinni: **www.listamannalaun.is**.

**Nánari upplýsingar** veita Óskar Eggert Óskarsson og Ragnhildur Zoëga á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is.

***Ath. Sjóðir hjá Rannís loka kl. 15:00.**

launasjóður listamanna artists' salary fund

rannís www.rannis.is

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

# Hausttilboð

**Steinn og sökkull, grátt granít, grafskrift og skrautmynd (efst). Uppsetning á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi. Frí sending um allt land**

**Tilboð 1**




Blómarammi - innanmál 45 cm

**Verð:**

| | |
|---|---|
| Sett eins og á mynd : | 498.000 |
| Sett án blómaramma : | 398.000 |
| Steinn : | 298.000 |

**Tilboð 2**




Blómarammi - 45 cm innanmál

**Verð:**

| | |
|---|---|
| Sett eins og á mynd : | 585.000 |
| Sett án blómaramma : | 485.000 |
| Steinn : | 385.000 |

**Tilboð 3**




**Verð:**

| | |
|---|---|
| Steinn með lugt: | 240.000 |
| Steinn : | 195.000 |




**Paradiso**




**Svartur**




**Grár**

**Tilboð 4 á meðan birgðir endast**
**Hægt að setja tvö nöfn**

**Verð: Sett eins og á mynd : 350.000**
**Steinn án aukahluta : 255.000**

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**

# Fyrst og fremst Eyjamaður

**Páll Magnússon kveður Alþingi eftir fimm ára dvöl og segist sáttur við sitt framlag. Sjálfstæðisflokkurinn eigi hins vegar við vanda að stríða. Páll ræðir stjórnmálin á landi og í Eyjum, baráttuna við áfengi, arfleifð föður síns og hvernig hann kemst í tengsl við almættið.**



Páll telur eðlilegt að Sjálfstæðismenn spyrji spurninga um forystuna þegar illa gangi í kosningum og opin umræða sé lífblóð flokksins. Fréttablaðið/Valli

Eftir að ég tók þá ákvörðun að hætta á þingi líður mér sífellt betur með hana. Áhuginn hefur að miklu leyti dofnað og neistinn kulnað,“ segir Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á þessum tímamótum.

Ákvörðunin um framboð, fyrir rúmum fimm árum, var nokkuð brött. Þá lá á borði Páls tilboð um spennandi fjölmiðlastarf sem hann ætlaði að taka. Á síðustu stundu, örfáum klukkustundum áður en framboðsfresturinn í prófkjörinu rann út, snerist honum hugur og vann að lokum oddvitasætið í Suðurkjördæmi.

„Þegar fór að líða að prófkjörinu núna í maí fann ég að sú ögrun sem var upphaflega fyrir hendi var farin,“ segir Páll. Margir litlir hlutir hafi komið saman og þetta var niðurstaðan. „Það væri of djúpt í árina tekið að segja að þingmannsstarfið hafi valdið vonbrigðum, því margt fannst mér skemmtilegt og ýmislegt gat ég lagt til málanna. Ég hætti ekki í neinni biturð heldur kveð ég þingið nokkuð sáttur.“

**Flokkurinn í tilvistarkreppu**

Fyrr í sumar skrifaði Páll grein, sem birt var í Morgunblaðinu, um stöðu Sjálfstæðisflokksins og þann vanda sem hann standi frammi fyrir. Greiningu á því hvers vegna flokkurinn hafi verið fastur í fylgi í kringum 25 prósentin frá hruni.

Samkvæmt Páli skýrist þetta að stórum hluta af afstöðuleysi. Það er að flokkurinn þori hvorki að vera frjálslyndur né íhaldssamur, af ótta við að missa fólk yfir til Viðreisnar og Miðflokksins, sem séu þeir flokkar sem tekið hafa af honum fylgi. Þá sé forysta flokksins ekki kölluð til ábyrgðar gagnvart fylgismissinum og engin raunveruleg umræða innan flokksins um hann, heldur aðeins tuð og pískur í þröngum hópum. Að lokum hafi það ekki tekist að hrista af sér grunsemdir um hagsmunaárekstur.

„Stundum finnst mér að Sjálfstæðisflokkurinn sé orðinn nokkurs konar framkvæmdastjóri Íslands. Hann hefur verið lengi í ríkisstjórn og formaðurinn lengi í fjármálaráðuneytinu,“ segir Páll. Þetta orsaki það að hugsjónir og raunveruleg stjórnmál víki fyrir skriffinnsku og embættisræði.

„Árið 1929 runnu Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn saman í Sjálfstæðisflokkinn og flestar götur síðan bar hann gæfu til að vera breiðfylking borgaralegra afla,“ segir Páll. „Nú hefur brotnað úr flokknum í báða enda og flokkurinn er í dálítilli tilvistarkreppu.“

Þegar Páll er beðinn að staðsetja sjálfan sig á ásnum segist hann vera helst til íhaldsmegin. Það myndu að minnsta kosti flestir samflokksmenn hans segja. „Þegar kemur að menningarlegum og þjóðlegum gildum er ég íhaldsmaður,“ segir hann og nefnir frumvarp dómsmálaráðherra um mannanöfn og afnám mannanafnanefndar sem lítið dæmi. „Ég tel íslenska nafnahefð órjúfanlegan hluta af íslenskri málstefnu, tungu og sögu og engin ástæða til að höggva á þá tengingu og gefa mannanöfn algerlega frjáls.“

**Hollusta verði ekki meðvirkni**

Aðspurður segir Páll atvinnumálin hafa skipt hann mestu og þá einkum sjávarútvegurinn. Lengi hafi verið ósætti um fiskveiðistjórnunarkerfið, sem sé ekki hjálplegt. Sjálfur lagði hann fram frumvarp í vetur sem átti að stemma stigu við



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

of mikilli samþjöppun á eignarhaldinu.

„Mér finnst að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að taka frumkvæðið í að laga agnúa á fiskveiðistjórnunarkerfinu, sem í grundvallaratriðum er gott“ segir Páll. Hingað til hafi flokkurinn staðið vörð um óbreytt kerfi, sem sé ekki til þess að minnka grunsemdirnar um hagsmunaárekstur. Sérstaklega ekki þegar sjávarútvegsráðherra hafi sterk tengsl við stærstu útgerðina.

„Þegar kemur að grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar á Sjálfstæðisflokkurinn ekki að sitja hjá aðgerðalaus,“ segir Páll.

Páll bendir á að samkvæmt nýjasta Þjóðarpúlsi Gallup sé flokkurinn á sama stað og hann var í kosningunum eftir hrunið, sínu lægsta fylgi í sögunni. Flokksmenn hafi þá trúað að leiðin gæti ekki legið nema upp á við. Það hafi hins vegar ekki gerst, þrátt fyrir mikla uppgangstíma í efnahags- og atvinnumálum fram að faraldrinum.

„Í Sjálfstæðisflokknum hefur skapast andrými fyrir þá skoðun að þú sért að bregðast flokknum með því að gagnrýna forystuna,“ segir Páll. „Ég vil hins vegar meina að þú sért að bregðast með því að gera það ekki þegar þörf er á, eins og nú er.“

Páll segist ekkert endilega vera á þeirri skoðun að forysta flokksins eigi að víkja en umræðan væri lífblóð flokksins. „Hollusta við formann má ekki breytast í meðvirkni, því þá er hún skaðleg,“ segir hann. „Sjálfstæðismenn hljóta að ræða hvort það sé fullreynt að ná árangri með núverandi formanni og forystu.“

Viðbrögðin við greininni létu ekki á sér standa og Páll segir flesta sem höfðu samband hafa verið sammála. Sumir hafi þó verið ósáttir við birtinguna, jafnvel þó að þeir væru sammála efninu. Fæstir hafi verið ósammála því.

Þó Páll hafi hrist upp í Sjálfstæðisflokknum á sinni útleið af þingi segist hann ekki hættur í flokknum. Það geti vel komið til greina að bjóða kraftana fram á öðru stigi stjórnmálanna ef svo bæri undir. Páll jánkar því að rætt hafi verið við sig um sveitarstjórnarkosningarnar, sem fram fara næsta vor. „Já, já, það er ýmislegt skrafað og skeggrætt en ég er ekkert að pæla í því núna.“

> **Í Sjálfstæðisflokknum hefur skapast andrými fyrir þá skoðun að þú sért að bregðast flokknum með því að gagnrýna forystuna.**

**Meirihlutinn féll fyrir eigin hendi**

Róstusamt hefur verið í Sjálfstæðisflokknum í Eyjum undanfarin ár og var Páll dreginn inn í þær deilur. Rótin að þessu voru deilur um hvort halda ætti prófkjör fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2018, sem lauk með því að stór hluti flokksmanna fylkti sér á bak við listann Fyrir Heimaey, með Írisi Róbertsdóttur í fararbroddi. Páll var sakaður um að styðja ekki við D-listann í kosningunum og var að lokum vikið úr fulltrúaráðinu í Vestmannaeyjum.

„Fyrir mér snerist þetta um prinsipp,“ segir Páll og rifjar upp að tillaga um uppstillingu hafi verið



Páll fór til Bandaríkjanna í meðferð árið 2001 og fagnar nú tuttugu árum án áfengis. Hann telur mikilvægt að viðhalda óttanum við að falla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

felld á fundi fulltrúaráðs, í ljósi þess að margir flokksmenn hafi viljað prófkjör, sem hafi alltaf verið meginreglan hjá flokknum. Allir sem af þeim fundi gengu hafi því verið fullvissir um að prófkjör væri þar með ákveðið.

Þá hafi allt í einu verið boðað til annars fundar til að snúa þeirri niðurstöðu við. Á þeim fundi var sérstaklega borin upp tillaga um prófkjör sem var felld með 28 atkvæðum gegn 26. „Þetta tel ég vera brot á efni og anda skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins. Í þeim segir skýrt að til þess að taka ákvörðun um annað en prófkjör þarf tvo þriðju hluta atkvæða."

Niðurstaðan var ekki kærð heldur klofnaði flokkurinn og Páll ákvað að styðja hvorugt framboðið. Hans ábyrgð væri að lágmarka skaðann af þessum klofningi í þingkosningunum en ekki skipta sér af innanbúðardeilum í Eyjum. Hins vegar gátu ekki allir fellt sig við þetta og töldu Pál svíkja lit með því að styðja ekki við D-listann.

„Þægilegast fyrir mig hefði verið að fylgja línu þeirra sem réðu ferðinni í flokknum í Vestmannaeyjum og vera ekki að gera mér neina rellu út af þessu," segir Páll. „En sannfæring mín var sú að farið hefði verið á svig við þessa meginreglu Sjálfstæðismanna og ég myndi taka þessa ákvörðun aftur, vitandi að þetta myndi baka mér alls konar óþægindi."

Í kosningunum missti Sjálfstæðisflokkurinn einn stærsta meirihluta í íslenskum stjórnmálum, fór úr 73 prósentum niður í 45. Í kjölfarið myndaði Fyrir Heimaey, sem fékk 34 prósent, meirihluta með Eyjalistanum.

„Meirihlutinn féll fyrir eigin hendi og á þessum þremur árum hef ég því miður ekki séð nein merki þess að þessar fylkingar sameinist," segir Páll og játar því að enn ríki kergja hvað hann sjálfan varðar í þessu máli. „Lítil samfélög eins og Vestmannaeyjar eru ákaflega samheldin, til dæmis þegar áföll ríða yfir, en hin hliðin á peningnum er sú að deilur í stjórnmálum og annars staðar geta orðið mjög persónulegar. Nándin er svo mikil."

**Gliðnunarmerki fyrir faraldur**

Ólíkt tveimur fyrri ríkisstjórnum hefur núverandi stjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri græna haldið út heilt kjörtímabil. Páll segist hafa stutt þessa stjórn en gert sér grein fyrir að hún myndi hvorki lækka skatta né draga úr opinberum umsvifum. Festa var sett í forgang því hinn pólitíski óstöðugleiki hafi verið orðinn að sjálfstæðu efnahagslegu vandamáli.

„Í meginatriðum hafa þær vonir sem bundnar voru við ríkisstjórnina ræst," segir Páll. „En það voru komin ýmis gliðnunarmerki í stjórnina rétt áður en faraldurinn skall á." Einkum hafi Sjálfstæðismenn verið ósáttir við andstöðuna við einkarekstur í heilbrigðismálum og Vinstri græn verið ósátt við að frumvarp um miðhálendisþjóðgarð væri fast. Líkt og landhelgisstríðin forðum hafi faraldurinn hins vegar þjappað stjórnarliðum saman.

Framhald stjórnarinnar, fái flokkarnir til þess fylgi, ráðist hins vegar af Vinstri grænum, sem séu stóra spurningarmerkið í kosningunum. Helmingur kjósendahópsins ætli ekki að kjósa þá aftur en fylgið hefur hins vegar aðeins dalað um 3 prósent. Virðist því sem flokkurinn hafi að stórum hluta skipt um fylgjendur.

En þó Páll hafi stutt núverandi ríkisstjórn taldi hann sig, og kjósendur sína í Suðurkjördæmi, hlunnfarna, þegar kom að útdeilingu ráðherrastóla. Sérstaklega árið 2016 þegar hann vann bæði sitjandi ráðherra í prófkjöri og flokkurinn hlaut rúmlega 31 prósent í kjördæminu. Þessa skoðun fór Páll ekki leynt með.

„Já, ég var hissa," segir hann aðspurður um það að hafa ekki verið boðið ráðuneyti. „Á þessum fimm árum áttaði ég mig hins vegar á því að ég hefði ekkert þurft að verða svona hissa. Ég kom utan frá í pólitíkina án þess að eiga mér neitt bakland eða sögu í flokknum. Það getur verið býsna torsótt inni í Sjálfstæðisflokknum. Þegar kemur að ráðuneytum skiptir það ekki endilega mestu máli að hafa sem sterkast lýðræðislegt umboð, heldur ráða aðrir þættir meiru um það."

> Þegar frá leið varð aðalhlutverk pabba heitins að sannfæra fólk um að koma aftur eftir þessa hroðalegu upplifun.

**Tuttugu ár án áfengis**

Þann 25. júlí fagnaði Páll því að tuttugu ár voru frá því að hann lagði flöskuna á hilluna. Hann segir það hafa komið flatt upp á marga vini og kunningja, sem hafi kannski ekki vitað hversu miklum vandræðum áfengið var farið að valda honum.

„Viðskiptajöfnuðurinn var orðinn mjög óhagstæður því að leiðindin og armæðan sem fylgdu þessu yfirskyggðu gleðina og hressleikann," segir hann.

Páll segir áfengið hafa verið farið að taka ákveðinn toll, ekki síst í fjölskyldulífinu. „Ég var fyrir löngu búinn að átta mig á því að áfengi væri vandamál sem ég þyrfti að gera eitthvað í. En það tók mig um tíu ár að sjá að ég myndi ekki ná árangri án hjálpar." Þessa hjálp fékk Páll á meðferðarstöð í Bandaríkjunum og síðan hefur hann haldið sér við með því að sækja AA-fundi og hafa augun á boltanum.

„Þegar ég var að kveðja meðferðarráðgjafann á leið út á flugvöll spurði ég hann hvernig hann byggist við að mér myndi ganga. Hann sagðist ekki búast við góðum árangri," segir Páll og hlær. „Ég væri þannig karakter að ef ég myndi ekki sýna edrúmennskunni áhuga og viðhalda óttanum við að fara aftur í sömu spor, yrði ég fljótur að falla."

Páli brá nokkuð að heyra þetta en hefur síðan passað upp á að verða ekki værukær og viðhalda bæði áhuganum og hræðslunni. Engin leið sé betri til þess en að hlusta á reynslusögur fólks sem hefur fallið.

Aðspurður um hvers vegna hann hafi farið til Bandaríkjanna til að sækja sér meðferð segir Páll það hafa stafað af einhvers konar hégóma og skömm. Í dag sé meiri skilningur á áfengisvanda í samfélaginu.

„Mér fannst vera tormerki á að fara í meðferð hér á Íslandi því hér myndu allir frétta af því vegna þess að ég væri þekktur," segir hann. Var Páli því eindregið ráðlagt að fara erlendis fremur en að fara ekki. „Þetta var fyrirtaks meðferð en það var í raun ástæðulaust að fara erlendis. Í dag myndi ég sækja mér hjálp á Íslandi þar sem hún er mjög góð."

**Arfleifð pabba**

Páll á heimili bæði í Garðabæ og í Vestmannaeyjum, þar sem faðir hans, Magnús H. Magnússon, var bæjarstjóri. Í febrúar sá Páll æskuheimili sitt, við Vestmannabraut 22, rifið til grunna. Páll segir það hafa vakið upp tilfinningar innra með sér, þó að byggingin sjálf hafi verið að hruni komin og ekki til mikillar prýði í miðbænum. Páll fékk þó að eiga húsnúmerið og segist geta ornað nostalgíunni með því.

Magnús var bæjarstjóri þegar gosið hófst, 23. janúar árið 1973. Páll var þá 18 ára gamall, nemandi í Kennaraháskólanum og leigði íbúð í Kópavoginum með félaga sínum.

„Ég fór að sofa en hann fór á djammið þetta kvöld. Þegar hann kom heim um nóttina, nokkuð við skál, gargaði hann í gegnum hurðina hjá mér að það væri byrjað að gjósa í Eyjum. Ég trúði honum ekki fyrr en hann náði í útvarpið og restin af nóttinni fór í að finna fjölskylduna mína. Ég fann mömmu og systkini mín í Austurbæjarskólanum í hádeginu daginn eftir en pabbi fór ekkert í land," segir Páll. Sjálfur vann Páll um sumarið við að moka vikri úr kirkjugarðinum.

Aðeins eldra fólk man hvílíkar hamfarir gosið í Heimaey var og erfitt að ímynda sér hvernig það hafi verið fyrir bæjarstjóra að sjá bæinn fara undir hraun og ösku og alla íbúana flutta upp á land. Magnús hlaut fálkaorðuna þetta ár, ásamt fleirum sem komu að björgunaraðgerðunum. Páll segir þær þó ekki hafa verið erfiðasta verkefnið.

„Þegar frá leið varð aðalhlutverk pabba heitins að sannfæra fólk um að koma aftur eftir þessa hroðalegu upplifun. Sannfæra fólk um að það væri framtíð í Eyjum og fólk ætti að byggja önnur hús í stað þeirra sem fóru undir hraunið," segir Páll. „Að það hafi tekist að veita fólkinu kjark til þess, finnst mér vera mikilvægasti hluti hans arfleifðar."

**Alltaf Eyjamaður**

„Að vera Eyjamaður er mjög stór hluti af sjálfsmyndinni," segir Páll. „Miklu stærri en að vera fjölmiðlamaður eða stjórnmálamaður. Ég áttaði mig einna helst á þessu þegar ég fór til að tæma skrifstofuna mína á Alþingi. Þar var ég ekki með neitt persónulegt sem ég þurfti að taka með mér. Það sama átti við þegar ég var að hætta sem útvarpsstjóri. Ég gat bara gengið út."

Páll varar við því að fólk geri starfsgrein sína að órjúfanlegum hluta sjálfsmyndarinnar. Það geti verið sárt þegar fólk hætti að vinna af einhverjum orsökum. „Ég sá marga vini mína til dæmis í flugstéttunum algerlega niðurbrotna við að missa vinnuna í faraldrinum. Því þeir voru að missa hluta af sjálfsmyndinni líka. Ég verð alltaf fyrst og fremst Eyjamaður, það er miklu eðlilegri hluti af sjálfsmyndinni en starfið sem maður gegnir á hverjum tíma."

**Í samband við almættið**

Páll mun stýra þáttunum Pólitík með Páli Magnússyni á sjónvarpsstöðinni Hringbraut fram að kosningum í lok september. En framhaldið er algerlega opið að hans sögn. Páll er nú orðinn 67 ára gamall, á fjögur börn úr tveimur hjónaböndum og barnabörnin eru orðin sjö, og komið eitt langafabarn að auki.

Þegar hann lítur til baka yfir langan feril í fjölmiðlum segir hann alltaf hafa verið skemmtilegast að starfa sem almennur blaðamaður. „Þú mættir í vinnu að morgni og vissir ekkert hvað dagurinn bar í skauti sér. Gast endað niður í þingi eða uppi í óbyggðum í miðjum náttúruhamförum," segir hann. „Eftir því sem maður komst hærra í goggunarröðinni jókst argaþrasið og leiðindastigið."

Einfaldleikinn á vel við Pál sem kemur kannski best í ljós í Eyjum. Þar á hann lítinn skemmtibát með vinum sínum. Páll segir sjóferðirnar dýrmæta afslöppun.

„Ég fer oft einn út og leita að hvölum, sérstaklega háhyrningum," segir hann. „Stundum sé ég að þeir hafa fundið síldartorfu og súlurnar stinga sér að ofan. Ég fer þá eins nálægt og ég get, drep á mótornum og stari á þetta sjónarspil. Þá finnst mér eins og ég hafi verið tekinn úr sambandi við gráan hversdagsleikann og stungið í samband við almættið." ■

# GOLI VÍTAMÍN










**KOMIN Í BÓNUS Á BÓNUS VERÐI**

**1.998 kr./pk.**

**Goli Ashwagandha og Eplaedik**
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

**1.598 kr./pk.**

**Goli Superfruits**
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

## KRINGLUR




**298 kr./pk.**

**Bónus Kringlur**
4 stk. í pk.

## FLATKÖKUR




**139 kr./pk.**

**Bónus Flatkökur**
5 stk. í pk.

## PIZZA RONCADIN

**ALVÖRU ÍTALSKAR PIZZUR**
**ÞÚ SÆKIR OG FÆRÐ FRÁBÆRT VERÐ**




**400 g**

**398 kr./pk.**




**355 g**

**398 kr./pk.**




**375 g**

**398 kr./pk.**




**360 g**

**398 kr./pk.**

**ANDAÐU LÉTTAR**
**ÞÍN BÓNUS VERSLUN ER KOLEFNISJÖFNUÐ**



Verð gildir til og með 15. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## VATNSMELÓNA



**179 kr./kg**

**Rauð Vatnsmelóna**
frá Spáni

## PAPRIKA



**395 kr./kg**

**Paprika Rauð, Gul og Græn**
frá Hollandi

## VÍNBER



NÝ UPPSKERA

**885 kr./kg**

**Vínber Rauð og Græn**
frá Kalíforníu

## BLÁBER



**795 kr./pk.**

**Bláber**
500 g - frá Portúgal

## CARPACCIO




**2.998 kr./pk.**

**Nauta Carpaccio**
10x80g í pk.

## RÆKJUR




**1.198 kr./pk.**

**Hráar Risa Rækjur**
454 g í pk.

## SVARTAR ANDLITSGRÍMUR
## NÝ SENDING AÐEINS BETRA VERÐ






**1.498 kr./pk.**

**Svartar Andlitsgímur**
50 stk. í pk. - verð áður 1.798 kr.

## ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLF/UR



**898 kr./kg**

**Frosinn Heill Lambabógur**
verð áður 999 kr./kg



**2.598 kr./kg**

**Frosin Hálfur Lambahryggur**
verð áður 2.898 kr pr kg.

## MUNUM EFTIR FJÖLNOTA INNKAUPAPOKUNUM




**198 kr./stk.**

**Almennur afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri):** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Eldið ekkert skárra á Íslandi en annars staðar

**Myndbönd sem kajakræðarinn Veiga Grétarsdóttir tók af illa förnum eldislaxi sýna að fiskeldið hér á Íslandi glímir við sömu vandamál og erlendis. Stangveiðimaðurinn Bubbi Morthens harmar undanlátssemi eftirlitsstofnana við fyrirtækin, sem maki hér krókinn.**



**Kristinn Haukur Guðnason**
kristinnhaukur @frettabladid.is




Veiga Grétarsdóttir kajakræðari skoðaði og myndaði margar opnar sjókvíar eftir að hún fann illa farna og dauða laxa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eldislax í kvíum gengur í gegnum alls konar viðbjóð. Hann er uggaskemmdur, særður og sýktur. Í hann er dælt sýklalyfjum og hann þarf að synda hring eftir hring. Þetta hefur verið vitað lengi og þess vegna eru æ fleiri lönd að banna laxeldi í opnum kvíum og æ fleiri fyrirtæki að færa eldið upp á land,“ segir Bubbi Morthens, tónlistarmaður, stangveiðimaður og náttúruunnandi.

Fyrir skemmstu voru birt myndbönd á RÚV af illa förnum eldislaxi í sjókvíum á Vestfjörðum. Var hálfur haus þeirra farinn af og slæm sár á hliðum þeirra.

Bubbi og fleiri laxveiðimenn hafa lengi talað gegn sjókvíaeldi, sem og Verndarsjóður villtra laxastofna og Icelandic Wildlife Fund. Engu að síður hefur iðnaðurinn aðeins stækkað hér á Íslandi og það mjög hratt.

Það er ekki aðeins velferð eldislaxanna sjálfra sem er undir, að mati Bubba, heldur umhverfisins og annars lífríkis. „Mengunin sem fylgir laxeldinu er á við tugþúsunda manna byggð. Bæði dauðir og lifandi laxar skila af sér úrgangi og fóðrið sekkur niður á botn. Þetta er að eyða öllu lífríki langt út fyrir kvíarnar sjálfar,“ segir hann. „Í Noregi eru rækjumiðin í kringum stöðvarnar að hverfa og firðirnir að deyja.“

**Geta hagað sér að vild**

Ein hættan er að eldislax sleppi úr sjókvíunum og blandist villtum íslenskum löxum í ánum. Samkvæmt Verndarsjóðnum eru villtir laxar aðeins um 50 til 80 þúsund, miðað við tæplega 16 milljónir eldislaxa, sem gætu farið upp í 45 milljónir.

Rannsóknir á Vestfjörðum sýna þegar erfðablöndun vegna slysasleppinga.

Bubbi hefur ekki aðeins áhyggjur af erfðablönduninni heldur einnig þeirri lús sem eldislax ber með sér í árnar og smitar villta laxa af. „Þeir lifa það ekkert af. Kannski er ég af seinustu kynslóð manna sem veiða villtan lax,“ segir Bubbi.

Bubbi bendir á að eigendur eldisstöðvanna séu að stærstum hluta Norðmenn sem hafi komið hingað vegna þess að þrengt hafi verið að þeim í heimalandinu. „Hér sáu þeir tækifæri til þess að hala inn gigantískar peningaupphæðir og geta hagað sér að vild,“ segir hann.

Aðspurður segir Bubbi þá eftirlitsaðila sem til eru, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og Fiskistofu, algerlega hafa brugðist hlutverki sínu. Sú undanlátssemi sem eldisfyrirtækjunum sé sýnd skýrist af pólitík. „Á landsbyggðinni eru vandamál og fólk þarf að hafa vinnu,“ segir hann.

**Séð sveimara í hverri kví**

„Ég var að róa fram hjá kví þegar ég sá dauðan skarf í neti. Þegar ég réri nær sá ég dauða fiska fljótandi á yfirborðinu,“ segir Veiga Grétarsdóttir kajakræðari, sem tók myndefnið upp. Í kjölfarið fór hún í fleiri kvíar í Arnarfirði og Dýrafirði til þess að skoða hvort þar væri sama sagan.

Talsmenn eldisfyrirtækjanna, Arctic Fish og Arnarlax, hafa sagt þetta undantekningar og sá fyrrnefndi lýst efasemdum um að myndefnið sem Veiga tók upp komi úr þeirra kvíum.

„Ég hef séð þetta í hverri einustu kví sem ég hef komið að, þó ég hafi ekki myndað í öll skiptin,“ segir Veiga.



Sárin á eldislaxinum ná ekki að gróa og hann blindast loks og drepst. MYND/VEIGA GRÉTARSDÓTTIR

> **Kannski er ég af seinustu kynslóð manna sem veiða villtan lax.**
>
> Bubbi Morthens, tónlistarmaður og stangveiðimaður.

Þessir fiskar eru kallaðir sveimarar, þar sem þeir sveima á yfirborði kvíanna, blindir af sárum sem ná ekki að gróa. Sár sem myndast vegna nudds við netið og þrengsla í kvínni.

**Byggðirnar verða háðar**

Elvar Örn Friðriksson, framkvæmdastjóri Verndarsjóðsins, segir myndefni Veigu sýna að fiskeldið hér á landi sé að stefna í nákvæmlega sömu átt og það hefur gert víða erlendis. Með tilheyrandi áhrifum á villta stofna, svo sem lax, urriða og bleikju og mengun umhverfisins. „Þetta sýnir að ástandið hér er ekkert skárra en annars staðar,“ segir hann.

Samkvæmt Elvari er ein helsta hættan sú að ótraustum kvíum fjölgi og fjölgi. Sleppi mikið magn í einu gæti það orðið stórslys fyrir íslenska náttúru, sem hafi verið í þróun um þúsundir ára.

„Ég er mjög hræddur um að þetta aukist til til muna. Það er búið að gefa út heimildir fyrir töluvert mikla stækkun og eldisiðnaðurinn hefur gefið það sterklega í ljós að hann vill enn meira en búið er að heimila,“ segir Elvar. Heimildin nær upp á um 100 þúsund tonn en framleiðslan er um 40 í dag.

Elvar harmar það hvað stjórnvöld hafa tekið lítið mark á þessari hættu þrátt fyrir háværar gagnrýnisraddir. Þegar fiskeldislöggjöfin fór í gegnum Alþingi fyrir tveimur árum síðan beitti Verndarsjóðurinn sér fyrir því að fá vitnisburði óháðra erlenda vísindamanna. „Því miður var lítið sem ekkert tekið mark á því og nánast ekkert rataði inn í löggjöfina,“ segir Elvar.

Elvar beinir spjótum sínum að Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra, Vinstri grænum og öðrum stjórnmálamönnum sem telja sig bera hagsmuni náttúrunnar fyrir brjósti.

„Þeir flokkar sem eiga að standa fyrir umhverfið eru ekki að beita sér í þessum málum,“ segir Elvar. „Þetta verður líka sífellt erfiðara því byggðir fyrir vestan og austan eru byrjaðar að treysta á þennan iðnað.“



Bubba er umhugað um náttúruna og villta íslenska laxastofninn.

**Vilja eldið upp á land**

Bubbi, Veiga og Elvar eru öll sammála um að það að færa eldið upp á land sé eina leiðin. En fiskeldisstöðvar hafa borið fyrir sig að því fylgi aukinn kostnaður.

„Ég styð landeldi heilshugar,“ segir Bubbi. „Það er dýrara, en að sama skapi færðu betri afurð og fólk getur haft betri samvisku að kaupa hana. Ég hvet alla til að fara með laxeldið upp á land.“

Elvar bendir á að sjókvíaeldi sé ódýrasta aðferðin til að framleiða lax en munurinn sé langt því frá óyfirstíganlegur.

„Munurinn í startkostnaðinum er töluverður en þegar þetta er komið á legg er kostnaðurinn svipaður. Þess vegna eiga stjórnvöld að skapa hvata fyrir landeldi,“ segir hann, um hvernig hægt sé að bregðast við.

„Að færa eldið upp á land myndi valda því að það væri engin laxalús, engar slysasleppingar og erfðablöndun við villta íslenska stofna. Það væri líka hægt að stjórna öllum úrganginum frá eldinu og endurvinna hann í bíódísel eða áburð.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 14. ágúst 2021






Ljúffeng og matarmikil súpa sem hentar jafnt á sumar- og vetrarkvöldi.

## Spergilkál í súpuna

starri@frettabladid.is

Íslenskt spergilkál kom nýlega í verslanir, sem er fagnaðarefni. Hér er uppskrift af gómsætri súpu sem inniheldur meðal annars spergilkál, kartöflur, gulrætur og cheddar ost.

1/4 bolli smjör
1 laukur, saxaður smátt
2 meðalstórar gulrætur, saxaðar smátt
1 msk. smátt saxaður hvítlaukur
1/4 bolli hveiti
4 bollar grænmetissoð (t.d. teningur og vatn)
1 bolli mjólk
2-3 stórar kartöflur, skrældar og skornar í litla teninga
450 g spergilkál, skorið í hæfilega munnbita
2 bollar rifinn cheddar ostur
Salt og pipar

**Aðferð**

Afhýðið kartöflur og gulrætur og skerið í litla bita. Saxið lauk og hvítlauk smátt. Skerið spergilkál í litla munnbita. Bræðið smjör í potti og steikið við meðalhita gulrætur og lauk þar til hvort tveggja er mjúkt. Bætið næst út í hvítlauknum og steikið í um mínútu.

Næst fer hveitið út í ásamt grænmetissoðinu og mjólkinni. Hrærið vel saman. Kartöflubitarnir fara næst út í. Hrærið saman og sjóðið við vægan hita í fimm mínútur. Smakkið til með salti og pipar.

Bætið svo spergilkálinu út í og sjóðið við vægan hita í um tíu mínútur eða þar til kartöflubitarnir eru mjúkir. Takið pottinn af hellunni og bætið ostinum út í.

Áður en súpan er borin fram er gott að strá smá rifnum cheddar osti yfir og smá pipar. ■






Hartmann hefur stundað hjólreiðar markvisst í nokkur ár en hnévandamál hafa sett strik í reikninginn. Hann fann mikinn mun eftir að hann byrjaði að taka inn Active Joints. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

# Getur loks hjólað án óþæginda

Hartmann Kristinn Guðmundsson er rúmlega sextugur hjólreiðakappi sem hefur verið að glíma við liðverki og gigt. Hann segir verkina hafa stórlagast eftir að hann fór að taka inn Active Joints frá Eylíf, bætiefni úr náttúrulegum innihaldsefnum úr íslenskri náttúru. 2



Hartmann hefur keppt í hjólreiðum í aldurshópnum 60 plús en í júlí keppti hann í KIA gullhringnum og vann fyrstu verðlaun.

Hartmann hefur stundað hjólreiðar markvisst í nokkur ár en hnévandamál hafa sett strik í reikninginn.

„Ég er með léleg hné og er búinn að fara í nokkrar aðgerðir,“ segir Hartmann.

„En ég hef verið að nota Active Joints núna í dálítinn tíma og það hefur gert mér kleift að hjóla verkjalaus. Ég var alltaf að drepast úr verkjum áður, bæði meðan ég hjólaði og eftir álag, en núna finn ég varla fyrir því.“

Hartmann segist einnig hafa fundið fyrir óvæntum jákvæðum áhrifum eftir hann fór að taka inn Active Joints.

„Ég var lengi búinn að vera frekar slæmur af brjóstsviða en hann hefur minnkað eftir að ég fór að taka inn þessi bætiefni, það var alveg óvænt. Þetta hefur líka haft jákvæð áhrif á gigt í höndunum. Ég var oft að fá verki í hendurnar undir álagi, en það er lítið um það núna. Þetta virkar náttúrulega á alla liðina. Ég upplifi þetta eins og verið sé að smyrja liðina“ segir Hartmann, sem er alls ekki á því að hætta að nota Active Joints.

„Það er alls ekki á dagskrá, maður er orðinn alveg húkkt á þessu,“ segir hann og hlær.

Hartmann tekur þrjú hylki á dag, yfirleitt á morgnana og segir að ef hann verði uppiskroppa með bætiefnið þá líði kannski vika þar til hann byrjar að finna fyrir verkjum aftur.

Hartmann hefur keppt í hjólreiðum í aldurshópnum 60 plús en í júlí keppti hann í KIA gullhringnum og vann fyrstu verðlaun.

„Það voru 15 sem tóku þátt í 60 plús flokknum, sumir mjög öflugir svo ég var mjög ánægður með sigurinn. Um helgina hjólaði ég svo 205 kílómetra og fann ekki fyrir neinu eftir það. Þetta hefði ekki verið séns áður en ég fór að taka inn Active Joints,“ segir Hartmann ánægður. ■




Bætiefnalínan frá Eylíf samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair.

**Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.**

## Hreinar íslenskar vörur

Active Joints bætiefnið frá Eylíf er sérhönnuð blanda sem inniheldur kalkþörunga, smáþörunga, GeoSilica kísil og birkilauf. Margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif næringarefnanna á bein, liði, meltingu og húð. Auk þess inniheldur bætiefnið C- og D3-vítamín.

Fyrirtækið Eylíf framleiðir fæðubótarefni úr hágæða íslenskum hráefnum. Auk Active Joints framleiðir Eylíf Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og Happier Guts. Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi fyrirtækisins, leggur áherslu á að nota hrein hráefni frá sjálfbærum auðlindum. Vörurnar eru framleiddar á Grenivík en þróun þeirra er unnin í samstarfi við sérfræðinga hjá Matís.

„Ég sæki hráefnið í lífið á eyjunni okkar fögru, bæði frá sjó og landi. Þangað sæki ég líka nafnið á fyrirtækinu, það táknar lífið á eyjunni til eilífðar. Ég er að auðvelda almenningi aðgengi að þessum frábæru hráefnum sem til eru hér heima. Ég kem með aðeins aðra nálgun að hráefnunum en margir aðrir. Ég blanda til dæmis saman efnum sem aðrir hafa ekki verið að blanda saman eins og kalkþörungum og GeoSilica kísli sem kemur frá heitavatnsaffallinu á Hellisheiði, og geri með því virkni þeirra jafnvel ennþá öflugri,“ segir Ólöf Rún.




„En svo kemur Matís að borðinu og stillir upp blöndunni. Þau benda á hvað þarf að fara út og hvað getur komið í staðinn, svo setja þau upp allt næringargildið enda eru það þau sem eru sérfræðingarnir. Auk náttúrulegra hráefna sem vaxa hér á landi styrki ég blönduna með til dæmis C- og D-vítamíni. En hugsunin er að nota þessi hreinu, íslensku, frábæru hráefni frá sjálfbærum auðlindum til að bæta heilsu fólks. Öll hráefnin hafa staðfesta verkun. Þess vegna vel ég þau.“

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Melabúðinni og Nettó. Ókeypis heimsending af www.eylif.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.






















*Verslunin Curvy * Fellsmúli 26 v/Grensásveg, 108 Reykjavík * sími 581-1552 * www.curvy.is*

# Þurfum að lýsa yfir neyðarástandi



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr @frettabladid.is

**Formaður Landverndar segir nauðsynlegt að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum til að hraða þeim stórvægilegu breytingum sem þurfa að eiga sér stað til að samfélög manna um allan heim lendi ekki í bráðri hættu vegna loftslagsbreytinga.**

Á mánudag gaf Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) út skýrslu um hamfarahlýnun og breytingar á loftslagi jarðar. Í skýrslunni er sett fram rauð viðvörun fyrir mannkynið og sagt að nauðsynlegt sé að grípa til róttækra aðgerða til að minnka losun kolefnis, ef koma á í veg fyrir að hnattræn hlýnun ógni samfélögum manna um allan heim. Á þriðjudag birti Landvernd svo harðorða fréttatilkynningu á vef sínum þar sem lagðar eru fram tíu aðgerðir sem samtökin segja að grípa verði til strax á Íslandi.

„Það fyrsta sem kemur þar fram er að stjórnvöld þurfi að lýsa yfir neyðarástandi,“ segir Tryggvi Felixson, formaður Landverndar, sem er mjög yfirvegaður en um leið alvarlegur í bragði. „Í nýju skýrslunni kemur fram að hitastigið er komið yfir eina gráðu umfram það sem er eðlilegt og nú er sýnt fram á að það nær einni og hálfri gráðu innan 20 ára.

„Við erum sífellt að verða meira vör við áhrifin af þessu, ofsaviðburðir í náttúrufari hafa aukist og eru farnir að valda miklu tjóni á mannlegu samfélagi,“ segir Tryggvi. „Þetta kemur til með að aukast og valda meiri hörmungum, kostnaði og dauða. Í samanburði við það ástand sem blasir við ef ekki tekst að takmarka losun, er Covid léttvægt.“



Tryggvi segir að það sé hægt að gera ýmislegt til að minnka kolefnislosun á Íslandi en að það þurfi að lýsa yfir neyðarástandi til að auðvelda þessar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Verðum að aðlagast breytingum

„Þegar það er yfirlýst neyðarástand sættum við okkur við róttækari aðgerðir og aðgerðirnar sem þarf eru svo umfangsmiklar að það er mjög erfitt að framkvæma þær, bæði pólitískt, tæknilega og efnahagslega,“ útskýrir Tryggvi. „Við þurfum að breyta viðhorfum okkar til þess hvað er gott líf. Við höfum einblínt á hagvöxt án þess að taka tillit til afleiðinganna sem það hefur fyrir umhverfi, náttúru og komandi kynslóðir.

Þetta er neyðarástand því þetta er svo stuttur tími sem er til að snúa af þessari hættulegu braut. Það er ekki bara síhækkandi hitinn sem skiptir öllu, heldur líka þessi ofsaatvik og breytingar á náttúrufari,“ segir Tryggvi. „Við höfum komið okkur fyrir með tilliti til þess hvernig náttúran hefur hagað sér undanfarin mörg þúsund ár, en þegar svona miklar breytingar verða á náttúrunni breytast búsetuskilyrði. Við komum ekki í veg fyrir breytingarnar, en við þurfum að takmarka verstu áhrif þeirra. Sjávarborð mun til að mynda hækka, í verstu spám um tvo metra, og ofsaveður á ströndum mun líklega aukast. Við þurfum að aðlaga skipulagsmál að þessu.“

Tryggvi segir að við höfum hunsað sömu viðvörunina áratugum saman því okkur líði vel og það sé erfitt að innleiða grundvallarbreytingar á ýmsum þáttum í samfélaginu.

„Þetta er flókið og erfitt og við þurfum að stíga langt út fyrir þægindarammann. Manneskjan er þannig að fyrst gerir hún sér grein fyrir vandanum. Svo þarf að finna út hvaða aðgerðum þarf að beita og þá lendum við á öllum þessum hagsmunahópum sem eru að verja sína torfu. Við erum þar núna,“ segir hann. „Þriðja stigið er svo að framkvæma.“

### Losunargjald skiptir miklu

„Við höfum kallað eftir losunargjaldi sem hækkar stigandi. Það getur haft mikil áhrif á ýmsa þætti samfélagsins og yrði vissulega ekki einfalt í framkvæmd, en við vitum að efnahagslegir hvatar reynast oft afar vel,“ segir Tryggvi. „Sá sem mengar þarf að borga fyrir það og það hvetur viðkomandi til að finna betri leiðir. Það nægir ekki að stóla á góðan vilja atvinnulífsins.

Stjórnvöld hafa frekar lagt áherslu á ívilnanir fyrir umhverfisvænni vörur en losunargjöld, en helstu sérfræðingar segja að við þurfum hvort tveggja. Gjöldin á rafmagnsbíla voru til dæmis lækkuð, í stað þess að hækka gjöld á bíla sem menga eða stöðva innflutning á þeim alveg,“ segir Tryggvi. „En ef þú kaupir bíl í dag verður hann á götunni í 10-15 ár og því verður mikil losun af hverjum bíl, sem er mikilvægt að stöðva.

> **„Þegar það er yfirlýst neyðarástand sættum við okkur við róttækari aðgerðir og aðgerðirnar sem þarf eru svo umfangsmiklar að það er mjög erfitt að framkvæma þær.**
>
> Tryggvi Felixson.

En þetta er líka erfitt því við erum hluti af alþjóðasamfélagi og þurfum að vera samkeppnishæf. ASÍ hefur einnig bent á að það þurfi að huga vel að því að þessi byrði leggist jafnt á alla Íslendinga. Til dæmis eru þeir launalægstu oft á gömlum bílum sem eyða mest,“ segir Tryggvi. „Hagfræðingar hafa bent á leiðir til að þessar breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á dreifingu afkomu.“

### Margt hægt að gera á Íslandi

Í tilkynningu Landverndar kemur fram að meðal kolefnislosun á hvern Íslending sé mjög há og hafi hækkað undanfarin ár.

„Einn þáttur í því er stóriðjan, sem er hlutfallslega mjög stór, en 80% af okkar rafmagni fer þangað og losunin er mikil. En þó að við tökum hana út erum við enn miklir loftslagssóðar, aðallega vegna þess að við notum einkabílinn svo mikið, en það er von til að það verði hægt að breyta einkasamgöngum svo þær mengi mun minna,“ segi Tryggvi. „Sjávarútvegur hefur verið duglegur að draga úr losun og sýnt að þetta er hægt, en þar hefur eldsneytissparnaður verið mjög ríkur hvati. Kvótakerfið hefur líka gert það auðveldara að skipuleggja veiðarnar. Það eru miklir möguleikar til árangurs með orkuskiptum.

Svo er landbúnaður flóknari, en þar þarf að gera eitthvað af alvöru. Þessi kjötframleiðsla er losunarþung og losun frá landi er mjög mikil vegna synda fortíðar. Það er mikið verk að vinna við endurheimt votlendis. Það hefur löngu verið sýnt fram á að þannig megi draga mikið úr losun en samt er mikil tregða til þess meðal landeigenda, jafnvel þó að opinberir sjóðir borgi vinnuna,“ segir Tryggvi. „Ef landeigendur fást ekki til að gera þetta gæti verið að það þurfi bara að setja það í lög að það eigi að moka ofan í skurði nema sýnt sé fram á nauðsyn þeirra. Auðvitað væri þar með gengið á rétt landeigenda, en það er bara ekki í lagi að menga með óþarfa framræslu.“

### Svartsýni skilar engu

„Það sem liggur mest á að gera núna er að lýsa yfir neyðarástandi, því við þurfum að hraða því ferli að umbreyta samfélaginu og atvinnulífinu,“ segir Tryggvi. „Svo væri mjög sterkt að setja fram fimm eða tíu ára áætlun varðandi losunargjöld, svo allir geti tekið tillit til hennar í framtíðarskipulagi. Í þriðja lagi myndi það senda sterk skilaboð að banna innflutning á nýjum tækjum sem menga, vegna þess að þar eru aðrir valkostir fyrir hendi.“

Tryggvi segir að það sé lítið gagn í að vera svartsýnn á að þessar breytingar eigi sér stað.

„Ef verstu sviðsmyndir raungerast er framtíð mannlegs samfélags eins og við þekkjum það í mikilli hættu. En á móti koma hlutir sem gefa ástæðu til bjartsýni, eins og miklar tækniframfarir og víða eru ríkisstjórnir líka að boða breytingar sem lofa góðu,“ segir hann. „En það eru um leið svakalega sterkir hagsmunahópar sem hafa áhrif, ekki síst hér á Íslandi. En við skulum vera bjartsýn, því tæknin er fyrir hendi og skilningurinn er vaxandi.“

### Von á breytingum

„Við erum innan Evrópukerfisins og tökum á okkur skuldbindingar vegna þess. Þar voru verulegar lagabreytingar lagðar fram í síðasta mánuði, en þá á að reyna að draga úr losun Evrópu um 55% fyrir árið 2030,“ segir Tryggvi. „Ef tilskipanirnar sem verða ræddar á næstu árum verða samþykktar munu þær hafa áhrif á Íslandi og ég bind vonir við að þau verði veruleg.

Það er til dæmis verið að ræða að setja upp gjald á innflutning frá löndum sem uppfylla ekki staðla varðandi losun, þannig að það verði hægt að gera meiri kröfur á framleiðslugreinar án þess að þær missi samkeppnishæfni,“ segir Tryggvi. „Lönd sem setja upp strangar reglur geta nefnilega lent í vandræðum með samkeppni við þau ríki sem gera það ekki.“

### Stjórnvöld verða að leiða

„Þetta er flókið og erfitt viðfangsefni og það er mikilvægt að allir geri eitthvað í daglegu lífi og hugleiði þetta. Landvernd er til dæmis með verkefnið „Loftslagsvernd í verki“ sem gerir fólki kleift að kynna sér hvernig það getur dregið úr persónulegri losun,“ segir Tryggvi. „En við megum ekki leggja ábyrgðina á einstaklinga. Ríkisstjórn og löggjafar þurfa að axla þessa ábyrgð, annars er hætta á að valda loftslagskvíða hjá þeim sem vilja leggja sitt af mörkum en finnst samfélagið ekki gera nóg.

Við þurfum að gera það sem við getum en um leið fá skýrar leiðbeiningar og marktækar og árangursríkar aðgerðir frá stjórnvöldum,“ segir Tryggvi. „Ef við gerum vel getum við haft góð áhrif og það getur eflt sjálfsvirðingu þjóðarinnar. Látum ekki bugast þó að verkefnið virðist stórt. Við erum að gera þetta fyrir börnin okkar og barnabörnin, svo þau geti búið við jafn góð lífsskilyrði og við.“ ■

Landvernd segir að það séu tíu aðgerðir sem þarf að grípa til strax á Íslandi og útlistar þær í fréttatilkynningu sinni, sem er aðgengileg á vef Landverndar, www.landvernd.is. Þar er einnig hægt að kynna sér verkefnið Loftslagsvernd í verki og sjá hvernig draga má úr persónulegri losun sinni.







FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

job

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

# Framkvæmdastjórar hjá Landsbankanum

Landsbankinn leitar að öflugu og framsýnu fólki sem vill koma í kraftmikinn hóp starfsfólks bankans. Við viljum liðsfélaga sem hafa brennandi áhuga á að móta nýja tíma í fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga, þar sem ánægðir viðskiptavinir, stöðug framför og árangur skipta máli. Framkvæmdastjórar bera í sameiningu ábyrgð á að ná markmiðum bankans og sinna daglegum rekstri sinna sviða.

## Framkvæmdastjóri Áhættustýringar

Öflug áhættustýring er grundvöllur að traustum rekstri Landsbankans og leggjum við áherslu á skilvirkni og gagnadrifna áhættustýringu. Framkvæmdastjóri Áhættustýringar þarf að hafa víðtæka reynslu af bankastarfsemi, haldgóða þekkingu á helstu áhættuþáttum í rekstri bankans og yfirburða greiningar- og samskiptahæfni.

## Framkvæmdastjóri Samfélags

Samfélag er nýtt svið sem er leiðandi í að móta menningu bankans. Við viljum vera virkur þátttakandi í samfélaginu, bæði innan og utan bankans, vera í góðum samskiptum við viðskiptavini og starfsfólk, þróast og fræða. Í Samfélagi koma saman mannauðsmál, markaðsmál, fræðsla, samskipti, sjálfbærni og greiningar á efnahagsmálum.

Ný stefna bankans, Landsbanki nýrra tíma, var kynnt í lok síðasta árs. Markmið okkar er að einfalda viðskiptavinum lífið. Bankinn hefur í tvö ár mælst efstur banka í Íslensku ánægjuvoginni og yfir 40 nýjungar í stafrænni bankaþjónustu hafa verið kynntar á síðustu misserum. Við erum í 1. sæti í UFS-áhættumati Sustainalytics af 423 bönkum sem fyrirtækið hefur metið í Evrópu. Um 40% landsmanna eru í viðskiptum við bankann og þriðjungur allra fyrirtækja á landinu. Traust er undirstaða stefnunnar og er jafnframt gildi bankans.

Starfsánægja hefur aldrei mælst meiri og er Landsbankinn meðal topp 10 fyrirtækja á Íslandi í kjarnaspurningum Gallups.

Landsbankinn er jafnlaunavottaður vinnustaður.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020

Landsbankinn mælist efstur banka í Íslensku ánægjuvoginni.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**. Sótt er um störfin á **hagvangur.is**. Umsóknarfrestur er til og með **29. ágúst**.

LANDSBANKINN.IS




# STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚS

**Velkomin í hópinn.**
Garri er skemmtilegur vinnustaður með framúrskarandi starfsaðstöðu.
Hjá Garra er góður starfsandi og sterk liðsheild.

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða öfluga og morgunhressa starfsmenn í vöruhús okkar að Hádegismóum.

Vinnutími hefst kl. 7.00.

**Helstu verkefni:**
- Tiltekt á vörum í pantanir
- Afgreiðsla pantana til viðskiptavina
- Móttaka og frágangur á vörum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Rík þjónustulund
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Dugnaður, áreiðanleiki og stundvísi
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Fyrri reynsla af vöruhúsastarfi og lyftarapróf er kostur

**Upplýsingar veitir Karl Lilliendahl, vöruhússstjóri. Netfang: karl@garri.is**

Tekið er á móti umsóknum í gegnum Alfreð.is
*Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst.*

**Heiðarleiki - áreiðanleiki og ástríða eru leiðarljós okkar í daglegum störfum.**

Garri ehf | Hádegismóar 1 | 110 Reykjavík | 5 700 300 | garri@garri.is | www.garri.is

# RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðar starfa.
Umsókn sendist á netfangið *rafbodi@rafbodi.is*
Þurfa að geta byrjað sem fyrst.

RAFBOÐI

Skeiðarás 3 - 210 Garðabær - 565 8098 - rafbodi@rafbodi.is

# Job opportunity

The British Embassy in Reykjavik is looking to recruit a Market Access Adviser for the Department for International Trade (DIT).

More details on working at the Embassy, the position and a full list of the skills and experience we are looking for can be found here: https://shortest.link/zvv

The British Government is an inclusive and diversity-friendly employer. We welcome and encourage applications from people of all backgrounds.

**The closing date for applications is 5 September 2021.**

British Embassy
Reykjavik

Follow us on Facebook and Twitter: @UKinIceland

# Gæðastjóri

**Fastus óskar eftir að ráða gæðastjóra. Um er að ræða nýtt starf hjá fyrirtækinu.** Gæðastjóri mun hafa umsjón með uppbyggingu, innleiðingu, rekstri og þróun á gæðakerfi fyrirtækisins. Fyrir jákvæðan og nákvæman aðila er í boði framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki. Möguleiki er á hlutastarfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Uppbygging og innleiðing á gæðakerfi
- Umsjón með gæðahandbók fyrirtækisins
- Umsjón með innri og ytri gæðaúttektum
- Tryggja starfsemi í samræmi við reglugerðir er varða innflutning og sölu á heilbrigðisvörum
- Skjalastýring og utanumhald gagna
- Uppbygging jafnlaunakerfis sem og önnur tilfallandi mannauðsverkefni í framtíðinni
- Samskipti við innlenda og erlenda eftirlits- og samstarfsaðila
- Vinna úr upplýsingum og lykiltölum til að meta árangur af gæðastarfi

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfum
- Þekking af hönnun og innleiðingu ferla er kostur
- Metnaður og frumkvæði við úrlausn verkefna
- Mjög góð tölvukunnátta
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

FASTUS

Fastus er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði, og í rekstri tengdum matvælum, ferðaþjónustu og iðnaði, fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Hjá Fastus starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem leitast við að finna viðeigandi lausnir fyrir sérhvern viðskiptavin félagsins.
Nánari upplýsingar á **www.fastus.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.

Nánari upplýsingar veitir Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, **yrsa@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

LAUGARVATN fontana

# Sölu- og markaðsstjóri

*Laugarvatn Fontana er einstök heilsulind staðsett á miðjum Gullna hringnum. Unnt er að baða sig í heilsubaðvatni í þrískiptri baðlaug, dvelja í heitu sánubaði, ganga í volgum sandinum, dýfa sér í Laugarvatnið sjálft frá nýbyggðri bryggju eða slaka á í fallegum garðinum. Jafnframt gefur dvöl í böðunum ávallt tækifæri til að skynja hina síbreytilegu íslensku veðráttu og njóta fjallasýnar.*

**Laugarvatn Fontana** leitar að hugmyndaríkum og markmiðadrifnum sölu- og markaðsstjóra sem hefur áhuga á íslenskri baðmenningu og ferðaþjónustu. Viðkomandi hefur umsjón með sölu- og markaðsmálum og tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð fyrirtækisins.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Áætlanagerð og stefnumótun á sviði sölu- og markaðsmála.
- Stafræn markaðssetning og vefumsjón, samfélagsmiðlar og Google Ads.
- Umsýsla og hönnun hefðbundins markaðsefnis.
- Sölu- og markaðsgreiningar, greining markhópa ásamt leitarvélabestun.
- Umsýsla efnissköpunar, hugmyndavinnu, textagerðar og ljósmyndunar.
- Samskipti við ferðaskrifstofur og aðra söluaðila ásamt samningagerð.
- Almenn kynningarstörf og samskipti við fjölmiðla í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Stjórnun viðburða og skipulagning á heimsóknum blaðamanna og bloggara.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun æskileg.
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Þekking og reynsla af vefumsjón, stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum.
- Þekking og reynsla á Google Ads, Google Analytics og Facebook Business Manager.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, vald á fleiri tungumálum er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri.

Viðkomandi er staðgengill framkvæmdastjóra og æskilegt er að viðkomandi geti haft viðveru á staðnum minnst 2-3 daga vikunnar en unnið í fjarvinnu aðra daga.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



# Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu

**Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar leitar að öflugum leiðtoga til að stýra áætlana- og uppgjörsskrifstofu. Sviðið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald.**

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa er ein af skrifstofum fjármála- og áhættustýringarsviðs. Helstu verkefni skrifstofunnar eru gerð fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar, uppgjör A-hluta og samstæðu, fjárhagslegar greiningar á rekstri og fjárfestingum og upplýsingagjöf til borgarstjóra og borgarráðs.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst næstkomandi.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinnvinn.is
Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsjón með starfinu hafa **Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is)** og **Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs í gegnum tölvupóstfangið **halldora.karadottir@reykjavik.is.**

vinnvinn

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og dagleg ábyrgð á starfsemi og rekstri skrifstofunnar.
- Ábyrgð á ársreikningi og samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar, ásamt uppgjöri A-hluta og sjóða hans.
- Ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar fyrir A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.
- Ábyrgð á fjárhagslegum greiningum á rekstri og fjárfestingum ásamt upplýsingagjöf til borgarstjóra og borgarráðs.
- Hefur fjárhagslegt innra eftirlit með rekstri borgarsjóðs.
- Veitir ráðgjöf á sviði fjármála og fjármálastjórnunar til borgarstjóra og borgarráðs.
- Ábyrgð á gerð og skilum gagna til skattyfirvalda.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í fjármálum, reikningshaldi eða endurskoðun. Cand oecon eða framhaldsmenntun áskilin.
- Embættispróf í endurskoðun er æskilegt.
- Reynsla af uppgjörum og reikningshaldi, endurskoðun eða starfi á endurskoðunarstofu.
- Stjórnunarreynsla.
- Reynsla af greiningum og úrvinnslu gagna, ásamt framsetningu upplýsinga um rekstur og fjármál.
- Leiðtogahæfileikar og góð samskiptafærni.
- Frumkvæði, framsýni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni til að kynna efni í töluðu og rituðu máli.

STARF

# Vilt þú vinna í Lóninu, okkar frábæra mötuneyti á Háaleitisbraut?

Hefur þú áhuga á að vinna með faglegu og skemmtilegu fólki í góðu starfsumhverfi? Verkefnin eru fjölbreytt og felast meðal annars í undirbúningi á salatbar, uppvaski, frágangi, þjónustu vegna funda og aðstoð við matreiðslumeistara. Lögð er áhersla á að lágmarka kolefnisspor matreiðslunnar. Um er að ræða fullt starf.

**Hæfniskröfur**

– Reynsla af störfum í mötuneyti æskileg
– Áhugi á hollri og loftslagsvænni matargerð
– Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góð þjónustulund
– Sveigjanleiki og vinnugleði
– Stundvísi, snyrtimennska og reglusemi

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst**
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
Landsvirkjun.is

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Landsvirkjun


















# Safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar

Reykjanesbær leitar að metnaðarfullum safnstjóra í Byggðasafn Reykjanesbæjar. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, skipulagður og býr yfir gagnrýnni hugsun. Viðkomandi þarf að vera skapandi og hafa framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Byggðasafnið varðveitir sögu og er vettvangur allra þeirra sem hafa áhuga á minjum bæjarfélagsins. Safnið starfar eftir safnalögum og telst viðurkennt safn í samræmi við skilyrði safnaráðs. Gildi Reykjanesbæjar eru virðing, eldmóður og framsækni og mikilvægt er að viðkomandi endurspegli þau gildi í sínum störfum.

## Helstu verkefni:

- Mótar stefnu um starfsemi safnsins
- Ber ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins
- Stýrir daglegum rekstri út frá skilyrðum safnalaga
- Ber ábyrgð á fjármálum og gerir umsóknir um styrki til starfsins
- Stýrir undirbúningi og uppsetningu á sýningum
- Sér um umsýslu og útlán safngripa
- Markaðssetning og samvinna við aðrar stofnanir
- Hefur mannaforráð

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði menningarsögu og/eða safnfræða
- Góð þekking á stjórnun, rekstri og fjárhagsáætlunargerð
- Reynsla af safnastarfi kostur
- Stjórnenda- og leiðtogahæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfni
- Skapandi þekking og reynsla af sýningarhaldi og miðlun er kostur
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð tölvufærni og færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og sveigjanleiki í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2021**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Launakjör eru í samræmi við samning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Sótt er um á vef Reykjanesbæjar, **www.reykjanesbaer.is,** undir Laus störf. Umsóknum skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað. Frekari upplýsingar um starfið veitir Þórdís Ósk Helgadóttir, í gegnum netfangið **thordis.o.helgadottir@reykjanesbaer.is** og í síma 421 6700.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

REYKJANESBÆR
ÍKRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

Reykjanesbær
Tjarnagötu 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
www.reykjanesbaer.is
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is




# VIÐ STEFNUM **HÆRRA**

NÝ OG SPENNANDI VERKEFNI ERU FRAMUNDAN HJÁ ISAVIA.
VIÐ LEITUM AÐ NÝJUM FERÐAFÉLÖGUM TIL AÐ SLÁST Í FÖR MEÐ OKKUR.

Isavia er skemmtilegur og fjölbreyttur vinnustaður þar sem leikgleðin er höfð að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að búa til umhverfi þar sem öllum líður vel og fólkið okkar hefur færi á að blómstra. Isavia hlaut jafnlaunavottun árið 2018. Hjá félaginu er jafnt kynjahlutfall í efstu stjórnendaþrepum og við höfum útrýmt óútskýrðum kynbundnum launamun.

Með tilkomu nýrrar viðbyggingar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður hlutverk Keflavíkurflugvallar í ferðamennsku og alþjóðasamstarfi enn mikilvægara. Við auglýsum því eftir jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum til þess að hjálpa okkur að takast á við þau spennandi og krefjandi verkefni sem framundan eru.
**Viltu koma með okkur í ævintýri?**

**Við leitum nú m.a. að einstaklingum í eftirfarandi stöður:**

- Deildarstjórar
- Vefstjóri
- Sérfræðingar
- Lögfræðingur
- Skjalastjóri
- Tæknimaður í raftækjaþjónustu
- Flugvallarstarfsmaður í Keflavík
- Verkefnastjóri stefnumótunar og sjálfbærni
- Leiðtogi í mötuneyti starfsfólks
- Umsjónarmaður flugupplýsingakerfa

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur á **Isavia.is/atvinna**

isavia

BIOEFFECT

# Veraldarvanur viðskiptastjóri

**Sölu- og viðskiptastjóri**

Við leitum að metnaðarfullum og reynslumiklum einstaklingi í starf sölu-og viðskiptastjóra fyrir BIOEFFECT. Starfið felur í sér skemmtileg, krefjandi og fjölbreytt verkefni sem snúa að sölustarfi BIOEFFECT.

Viðskiptastjóri ber ábyrgð á völdum markaðssvæðum og er aðaltengiliður viðkomandi markaða. Starfið felur í sér samskipti og eftirfylgni á sölu- og markaðsstarfi samstarfsaðila.

**Um okkur**

BIOEFFECT er í eigu ORF Líftækni. Framleiðsla BIOEFFECT húðvaranna fer fram í höfuðstöðvum félagsins á Íslandi. BIOEFFECT vörurnar hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir virkni og gæði og eru seldar í um 27 löndum.

**Menntun, þekking og reynsla**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af sölu og viðskiptastýringu
- Þekking á sölu á erlendum markaði er kostur
- Reynsla af gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana
- Góðir greiningarhæfileikar
- Frumkvæði, söludrifni og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri ensku er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk. og skal fylla út umsókn á vef vinnvinn.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni.**

**Umsjón með starfinu hafa:**

Hilmar Garðar Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is

Hildur Jóna Ragnarsdóttir, hildur@vinnvinn.is

**ORF Líftækni I BIOEFFECT I** Víkurhvarfi 7 I Kópavogi I Bioeffect.is







TÍMABUNDIN STÖRF VEGNA COVID

# HJÚKRUNARFRÆÐINGAR OG SJÚKRALIÐAR ÓSKAST

Landspítali auglýsir eftir jákvæðum, sjálfstæðum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til starfa. Um er að ræða tímabundin störf vegna Covid og er upphafsdagur og starfshlutfall samkomulag. Í boði eru störf á Covid deildum og öðrum deildum sem hafa þurft að haga til starfseminni vegna Covid. Störfin eru bæði fjölbreytt og krefjandi og fela í sér góð tækifæri til að öðlast fjölþætta reynslu.

Nánari upplýsingar um störfin og ráðningarferlið gefa Bára Benediktsdóttir, baraben@landspitali.is, 824 5909 og Hrönn Harðardóttir, hronhard@landspitali.is, 897 5600.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.landspitali.is/mannaudur**

**Umsóknafrestur er til og með 30. ágúst 2021**

LANDSPÍTALI

*Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með yfir 6000 starfsmenn. Spítalinn hefur víðtæku hlutverki að gegna sem aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, og veitir bæði almenna og sérhæfða þjónustu, auk þess að vera miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Gildandi skipurit spítalans byggist á sjö klínískum sviðum og fjórum stoðsviðum. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, þjónusta, mannauður og stöðugar umbætur.*






# SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN
## hjá Reykjavíkurborg

**Viltu taka þátt í mótun og framkvæmd þjónustu á sviði skóla-, frístunda- og velferðarmála í borginni? Menntastefna Reykjavíkurborgar og nýsamþykkt velferðarstefna leggja grunn að nýrri nálgun í þjónustu við íbúa borgarinnar.**

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna krefjast nýrra vinnubragða í samskiptum þeirra sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Þá stendur yfir innleiðing á verkefninu Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum.

Reykjavíkurborg leitar því að öflugum leiðtogum til að taka þátt í og leiða þær breytingar sem framundan eru á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Lögð er áhersla á að þétta samstarf sviðanna og markmiðið er að bæta þjónustu við notendur, ekki síst börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.

### Eftirfarandi stöður eru lausar:

#### Velferðarsvið

- Framkvæmdastjóri nýrrar rafrænnar þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs
- Framkvæmdastjóri nýrrar þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs fyrir Grafarvog, Árbæ, Kjalarnes og Grafarholt
- Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis

#### Skóla- og frístundasvið

- Skrifstofustjóri leikskóla sem er faglegur leiðtogi í öllu leikskólastarfi í Reykjavík

Ný skóla- og frístundaskrifstofa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum
- Fagstjóri grunnskóla
- Fagstjóri leikskóla

Ný skóla- og frístundaskrifstofa í Grafarvogi, Árbæ, Kjalarnesi og Grafarholti
- Fagstjóri grunnskóla
- Fagstjóri leikskóla

Ný skóla- og frístundaskrifstofa í Laugardal og Háaleiti
- Fagstjóri grunnskóla
- Fagstjóri leikskóla

**Umsóknarfrestur er til og með 30 ágúst.**

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á https://reykjavik.is/laus-storf/oll-storf**

Við hvetjum fólk af öllum kynjum, fatlað fólk og fólk með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn til að sækja um störfin

**Velferðastefna Reykjavíkurborgar**
- Reykjavík fyrir okkur öll
Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði borgarbúa. Nánari upplýsingar hér: https://reykjavik.is/velferdarstefna-reykjavikurborgar

**Verkefnið Betri borg fyrir börn**
Tilraunaverkefni sem hefur verið í Breiðholti frá árinu 2019 verður nú innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla-, velferðar- og frístundastarfi borgarinnar. Nánari upplýsingar hér: https://reykjavik.is/betri-borg-fyrir-born

**Menntastefna Reykjavíkurborgar**
– Látum draumana rætast
Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Nánari upplýsingar hér: https://menntastefna.is

**Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna**
Farsældarlög, sem samþykkt voru 11. júní sl., taka gildi 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Nánar hér: https://www.althingi.is/lagasafn/nylega-samthykkt-log/

Reykjavíkurborg

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Hornafjörður vellíðan fyrir alla

# Mannauðs- og gæðastjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust starf mannauðs- og gæðastjóra. Um er að ræða krefjandi starf þar sem viðkomandi mun leiða og veita faglega forystu í mannauðs- og gæðamálum auk þess að vera í lykilhlutverki við innleiðingu stefnu. Starfsfólk sveitarfélagsins telur um 230 og í sveitarfélaginu búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.

**Helstu verkefni:**

- Fagleg forysta á sviði mannauðs- og gæðamála, þ.m.t. mótun og framkvæmd mannauðsstefnu
- Ábyrgð á starfsþróunar-, fræðslu og þjálfunarmálum
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Umsjón með gæðamálum
- Umsjón með launasetningu og viðhald jafnlaunakerfis
- Ábyrgð á launavinnslu, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög
- Ráðningar og ráðningaferli
- Árangursmælingar og greiningar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða sambærilegu er skilyrði. Framhaldmenntun kostur
- Haldbær reynsla af mannauðsmálum er skilyrði, kostur ef innan opinberrar stjórnsýslu
- Reynsla af stjórnun og stefnumótunarvinnu skilyrði
- Reynsla og þekking á H3 og Vinnustund kostur
- Lipurð, samstarfsvilji og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði talað mál og ritað
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri tekur á móti umsóknum á nertfanginu matthildur@hornafjordur.is, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 470-8000. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

**Umsóknarfrestur er til og með 27.08.2021.**



**Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is**

# **Sérfræðingur** í fjármálum



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið leitar eftir öflugum einstaklingi með þekkingu á fjármálum, sem er nákvæmur í vinnubrögðum, býr yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni og getu til að starfa sjálfstætt og í teymum.

Sérfræðingur hefur yfirumsjón með gerð fjárlagafrumvarps og fjárhagslegum samskiptum við stofnanir ráðuneytisins auk annarra rekstrar- og fjármálatengdra verkefna.

Sérfræðingur heyrir undir skrifstofu fjármála- og rekstrar.

Í ráðuneytinu starfar um 45 manna samhentur hópur á sex skrifstofum. Ráðuneytið leggur áherslu á öfluga liðsheild og góðan starfsanda. Ráðuneytið hefur hlotið gæðavottun umhverfisstjórnunarkerfis og jafnlaunavottun.

**Meginverkefni:**

- Yfirumsjón með gerð fjárlagafrumvarps
- Yfirumsjón með áætlunargerð, eftirfylgni og fjárhagslegum samskiptum við stofnanir ráðuneytisins og fjárlagaliðum sem falla undir starfsemi ráðuneytisins
- Vinnsla á tölulegum upplýsingum í fjármálaáætlun og ársskýrslu ráðherra
- Framkvæma kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerða
- Þátttaka í stefnumörkun fyrir málefnasvið og málaflokka ráðuneytisins
- Öflun upplýsinga og vinna við svörun fyrirspurna frá Alþingi, Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum
- Samstarf á vettvangi Stjórnarráðsins og þátttaka í vinnuhópum og nefndum á vegum ráðuneytisins

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf með meistaragráðu á sviði fjármála og reksturs sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af fagsviði fjármála
- Þekking og/eða reynsla af stefnumótun og þróunar- og breytingaverkefnum
- Þekking og/eða reynsla af verkefnisstjórnun auk hæfileika til að taka þátt í og leiða teymisvinnu
- Mjög góð almenn tölvuþekking og þekking og reynsla af notkun Excel
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og góð samskiptahæfni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í rituðu og töluðu máli og kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með mánudegi 23. ágúst nk.** Sótt er um starfið á Starfatorgi – starfatorg.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Stefán Guðmundsson**, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (**stefan.gudmundsson@uar.is**) eða í síma **545-8600**.

**Stjórnarráð Íslands**
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

REYKJALUNDUR
endurhæfing

## Þroskaþjálfi / Iðjuþjálfi

Laus er til umsóknar 70-100% staða þroskaþjálfa/iðjuþjálfa. Staðan er laus strax eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Hlein er heimili sjö fatlaðra einstaklinga sem hafa fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa. Hlutverk þroskaþjálfa/iðjuþjálfa er að stýra vinnustofu íbúanna og jafnframt mun viðkomandi starfa sem aðstoðarforstöðumaður heimilisins. Vaktaskylda mun að einhverju leyti hvíla á viðkomandi. Hlein er rekið af Reykjalundi.

Við leitum að starfsmanni með framúrskarandi samskipta- leiðtoga- og skipulagshæfni. Viðkomandi þarf að vera með íslenskt starfsleyfi. Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands/Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Þroskaþjálfafélags Íslands/Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anný Lára Emilsdóttir forstöðumaður á Hlein í **síma 585-2091** eða í gegnum netfangi **annylara@reykjalundur.is** og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í **síma 585-2143** eða í gegnum netfangið **gudbjorg@reykjalundur.is**

**Umsóknarfrestur er til 29. ágúst 2021**
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

*Reykjalundur endurhæfing ehf. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is*

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## Þjóðgarðsverðir á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

### Skaftafell og Höfn

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir tvær stöður þjóðgarðsvarða á suðursvæði lausar til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum og framsýnum stjórnendum með mikla samskiptahæfni, þekkingu og áhuga á náttúruvernd og umhverfismálum.
Um er að ræða tvær stöður og munu þjóðgarðsverðirnir tveir skipta með sér verkum við stjórn suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Áskilið er að annar þjóðgarðsvörðurinn hafi aðsetur í Skaftafelli eða nágrenni og annast hann daglegan rekstur þjóðgarðsins í Skaftafelli og Öræfasveit. Hinn þjóðgarðsvörðurinn hafi aðsetur á Höfn í Hornafirði eða nágrenni og annast daglegan rekstur þjóðgarðsins á Breiðamerkursandi og austur að Höfn. Næsti yfirmaður þjóðgarðsvarða er framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs auk þess sem starfið felur í sér náið samstarf við svæðisráð suðursvæðis.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með daglegum rekstri og stjórnun svæðisins
- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins
- Leiða starf við landvörslu og fræðslu á svæðinu
- Samskipti og samvinna við hagsmunaaðila s.s. fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæðum þjóðgarðsins
- Þátttaka í þróun og stefnumótun þjóðgarðsins
- Almenn stjórnsýsla og útgáfa leyfa fyrir suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af stjórnun, rekstri og/eða mannaforráðum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á umhverfismálum og náttúruvernd
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og leiðtogahæfileikar
- Þekking á starfsemi þjóðgarða og friðlýstra svæða er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking á öryggismálum og reynsla af jöklaferðum og ferðalögum til fjalla er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2021.**
Sótt er um starfið á Starfatorgi og skal umsóknum fylgja ítarlegt yfirlit um menntun og starfsferil ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Við hvetjum áhugasama til að sækja um óháð kyni og uppruna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, **magnus.gudmundsson@vjp.is**
og Ragnheiður Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri, **ragnheidur.bjorgvinsdottir@vjp.is**




Reykhólar er sveitarfélag með um 240 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra í þéttbýlinu á Reykhólum. Á Reykhólum er að finna margvíslega þjónustu. Í boði er flutningsstyrkur.

## Staða leikskólakennara í 100% starfshlutfalli, best er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:** Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélagsins. Nánar um starfssvið leikskólakennara má lesa hér.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samviskusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri í síma 430 3200 eða í gegnum netfangið sveitarstjóri@reykholar.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2021.**
Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjori@reykholar.is

## Staða leikskólastjóra í 100% starfshlutfalli, best að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:** Leikskólastjóri starfar samkvæmt gildandi lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Reykhólahrepps. Nánar um starfssvið leikskólastjóra má lesa hér.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samviskusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Leikskólastjóri á leikskóladeildinni Hólabæ starfar í nánu samstarfi við skólastjóra grunnskólastigs. Þeir mynda skólastjórn Reykhólaskóla/Hólabæjar sem er ein og sama stofnunin. Þeim ber því að vinna saman að öllum þeim verkefnum og málum þar sem samstarf þeirra getur leitt til faglegra og árangursríkara skólastarfs þar sem hagsmunir nemenda/barna eru ávallt hafðir í fyrirrúmi.
Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri í síma 430 3200 eða í gegnum netfangið sveitarstjóri@reykholar.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2021.**
Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjori@reykholar.is



# Rekstrarstjóri mannvirkja í Úlfarsárdal

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf rekstrarstjóra mannvirkja í Úlfarsárdal. Um er að ræða nýtt starf innan borgarinnar sem felur í sér tækifæri til að móta starfið og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Í Úlfarsárdal verður miðstöð menntunar, menningar og íþrótta. Uppbygging er vel á veg komin og munu mannvirkin hýsa leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöð, bókasafn, sundlaug og íþróttahús og verður heildarstærð mannvirkjanna í kringum 16.000 fermetrar. Samnýting og samlegðaráhrif eru höfð að leiðarljósi og verður heildstæð rekstrarumsjón fyrir mannvirkið og alla stoðþjónustu sem er veitt innan þess og við fagsvið sem þar starfa.

Eignaskrifstofa er ein af skrifstofum fjármála- og áhættustýringarsviðs.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun og yfirumsjón með sameiginlegum rekstri mannvirkis, þ.m.t. mötuneyti, ræsting og þrif, öryggisvarsla, húsumsjón, viðhald, o.fl.
- Samskipti og samráð við stjórnendur rekstrareininga sem starfa í húsinu.
- Gerð fjárhags- og rekstraráætlunar fyrir sameiginlegan rekstur mannvirkis
- Yfirumsjón með nýtingu á sameiginlegum rýmum mannvirkis.
- Samskipti við fasteignastjóra og umsjónarmenn fasteigna í borgarhlutanum.
- Yfirumsjón með öryggis- og aðgengismálum mannvirkis.
- Önnur verkefni sem starfsmanni eru falin.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s á sviði rekstrar-, iðn- eða tæknifræði, viðskiptafræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun.
- Þekking og reynsla af rekstri
- Þekking á gerð og eftirfylgni með fjárhagsáætlun
- Reynsla af verk- eða teymisstjórn.
- Leiðtogahæfileikar.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Lipurð og færni í samvinnu og samskiptum.
- Skipulagshæfni, fagleg og sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði, framsýni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 29.ágúst 2021.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi. Nánari upplýsingar um starfið veitir **Óli Jón Hertervig** skrifstofustjóri, **oli.jon.hertervig@reykjavik.is.**


Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR





## Okkur vantar góðan kranamann

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða áhugasaman vélamann með kranaréttindi til starfa. Fyrirtækið er með öfluga vökvabómukrana og flutningabíla með krönum. Starfið felst í að þjónusta viðskiptavini okkar og jafnframt þjónustu við eigin byggingarverkefni. Stefna JÁVERK er að vera með fyrsta flokks tæki til að tryggja viðskiptavinum okkar sem besta og öruggasta þjónustu.

**Hæfniskröfur:**

- Meiraprófog vinnuvélaréttindi á vökvabómukrana
- Íslenskumælandi
- Reynsla er kostur
- Stundvísi
- Þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Æskilegt er að viðkomandi einstaklingur gæti hafið störf sem fyrst

**Uppl. gefur Kristján I.Vignisson í síma 860 1700 eða á netfanginu kristjan@javerk.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

JÁVERK er öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki sem jafnframt rekur kranaleigu. JÁVERK leggur mikla áherslu á umhverfis-, öryggis-, og gæðamál. JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmanna- félagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. JÁVERK er með starfsstöðvar bæði á Selfossi og Reykjavík.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701
www.javerk.is




# Vélfræðingur

óskast í framtíðarstarf

Æskilegt er að umsækjendur séu vélstjórar, vélfræðingar eða með sambærilega menntun.

Umsækjandi þarf að búa yfir reynslu af störfum við kælikerfi eða öðrum frystikerfum sem eru um borð í skipum og/eða í frystihúsum.

Í boði er fjölbreytt og áhugavert starf með spennandi tækifæri fyrir kraftmikinn einstakling.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Almenn viðhaldsvinna kælikerfa
- Nýlagnir, uppsetning og þjónusta á kælikerfum
- Smíði á kælibúnaði á framleiðsluverkstæði
- Viðhald tækja og búnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Vélfræðipróf er æskilegt
- Reynsla af NH3 (ammoníak) kæli og frystikerfum er æskileg
- Reynsla af stýribúnaði og raflögnum er æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.

**Um Kælifélagið ehf**

Kælifélagið sinnir allri almennri þjónustu á frysti- og kælitækjum bæði á verkstæði okkar og hjá viðskiptavinum.
Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á Sævald Hallgrímsson, framkvæmdastjóra á netfangið: saevald@kaelifelagid.is / 898 7567 eða á Frey Friðriksson, netfang: freyr@kaelifelagid.is
Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst.

KÆLI FÉLAGIÐ

Norðursund 9 • 900 Vestmannaeyjum • www.kaelifelagid.is

VÉLAVERKSTÆÐIÐ ÞÓR EHF

KAPP ehf THE OPTIMICE COMPANY



# VERKSMIÐJUSTJÓRI

## FRAUÐVERKSMIÐJU Á ÁSBRÚ

Við leitum að öflugum starfsmanni til að taka við stöðu verksmiðjustjóra í **frauðverksmiðju Borgarplasts á Ásbrú** sem endurnýjuð var árið 2018. Framundan er frekari uppbygging og aukin sjálfvirknivæðing á verksmiðjunni. Verksmiðjustjóri heyrir undir framleiðslustjóra.

### Helstu verkefni

- Skipulagning á framleiðslu í takt við sölu og áherslu framleiðslustjóra
- Yfirumsjón með viðhaldi allra véla og tækja sem notuð eru í framleiðslunni
    - *Daglegt viðhald véla, mótaskipti og ýmislegt fleira*
    - *Innleiðing á fyrirbyggjandi viðhaldi fyrir verksmiðjuna*
    - *Samskipti við birgja og þjónustuaðila í tengslum við viðhald á verksmiðjunni*
- Verkstjórn starfsmanna sem vinna í verksmiðjunni, skipulag vakta og vinnutíma
- Formaður öryggisnefndar og innleiðing á stefnu Borgarplasts í öryggismálum
- Greining á mögulegri hagræðingu í verksmiðju og innleiðing slíkra verkefna í samvinnu við framleiðslustjóra
- Fylgjast með stöðu hráefna og mat á innkaupaþörf í samstarfi við framleiðslustjóra
- Viðhald á uppskriftum fyrir frauðvörur og uppfærsla þeirra í framleiðslukerfi félagsins
- Reglubundnar birgðatalningar á hráefnum og samvinna við afgreiðslustjóra um aðrar birgðatalningar
- Tryggja að allar skráningar í samræmi við gæðakerfi félagsins séu framkvæmdar
- Þétt samstarf og stuðningur við afgreiðslustjóra
- Stuðningur við sölu og vöruþróun á frauðvörum fyrir viðskiptavini félagsins
- Yfirumsjón með fasteign félagsins að Grænásbraut 501

### Kröfur um menntun og reynslu

- Menntun á sviði vélfræði eða sambærilegra greina
- Mikil reynsla af framleiðslu og viðhaldi vélabúnaðar sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á Microsoft Dynamics NAV er kostur

Umsóknir með kynningarbréfi og ferilskrá skal senda í gegnum starfsauglýsingu Borgarplasts á vefsíðunni **alfred.is**. Umsóknarfrestur er til 24. ágúst 2021.

**Borgarplast ehf.**, sem fagnar 50 ára afmæli sínu á árinu, er iðnfyrirtæki sem starfrækir frauðverksmiðju á Ásbrú og rekur auk þess hverfisteypu í Mosfellsbæ sem framleiðir fiskiker, fráveitulausnir og ýmsar aðrar vörur. Stærstu viðskiptavinir félagsins eru sjávarútvegsfyrirtæki, fiskeldisfyrirtæki og verktakar.

BORGARPLAST

# ÞEKKING LEITAR AÐ SÉRFRÆÐINGUM

## Sérfræðingur í viðskiptaþróun

Þekking leitar að kraftmiklum og drífandi einstaklingi sem mun vinna í teymi sérfræðinga við að besta tækniumhverfi viðskiptavina og tryggja þannig upplýsingaöryggi, rekstraröryggi og viðhalda háu þjónustustigi. Starfsstöð er í Kópavogi.

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni og mikil mannleg samskipti sem byggja fyrst og fremst á nánu samstarfi við viðskiptavini, viðskiptastýringu, söluráðgjöf og greiningarhæfni. Frábært tækifæri í boði fyrir einstakling með ríka þjónustulund og góða samskipta- og skipulagshæfileika sem nýtur þess að hafa góða yfirsýn og vera leiðandi afl í tækniumhverfi sinna viðskiptavina.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Byggja upp og leiða góð viðskiptavinasambönd til árangurs
- Þarfagreining viðskiptavina og markaðar
- Viðskiptastýring, verkefnastýring og söluráðgjöf
- Leita lausna, sýna frumkvæði og leiða verkefni áfram
- Þátttaka í fjölbreyttri teymisvinnu og herferðum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund og góð samskipta- og skipulagshæfni
- Metnaður og agi í starfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikill áhugi á upplýsingatækniumhverfi
- Reynsla úr sambærilegu starfi er æskileg

## Sérfræðingur í netkerfum

Þekking leitar að netsérfræðingi í fullt starf með staðsetningu í Kópavogi. Sem sérfræðingur í netkerfum vinnur þú jöfnum höndum í innri netkerfum Þekkingar auk þess að sinna fjölbreyttum verkefnum hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Starfið felur m.a. í sér uppsetningar og viðhald netbúnaðar, daglegan rekstur, bilanagreiningar og hönnun netumhverfa.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Hönnun, uppsetning og rekstur á netumhverfum (t.d. víðnetstengingar, eldveggir, VPN og þráðlausra lausna Cisco)
- Ráðgjöf til viðskiptavina um netlausnir og netöryggi
- Þátttaka í sjálfvirkni- og sýndarvæðingu netkerfa Þekkingar
- Eftirlitskerfi netbúnaðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- 3 ára reynsla af rekstri netkerfa er skilyrði
- CCNP, Fortinet NSE eða önnur sérhæfingarpróf eru kostur
- Færni og metnaður til að taka próf til vottunar
- Færni í mannlegum samskiptum sem og teymisvinnu
- Góð íslensku og ensku kunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð sem og góð þjónustulund

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ásta Bærings mannauðsstjóri (asta@thekking.is / s. 460 3166).

Tekið er á móti umsóknum í gegnum www.thekking.is/atvinna.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst 2021.**

ÞEKKING

Tölvudeildin þín



# BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

## Uppsláttarsmiðir

Óskað er eftir vönum uppsláttarsmiðum í uppmælingu, næg verkefni framundan. Upplýsingar veitir Gunnar S: 693-7310 – gunnar@bygg.is

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 160 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.



# HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
## HEILSUGÆSLAN SELTJARNARNESI OG VESTURBÆ

Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í ótímabundið 100% starf við hjúkrunarmóttöku, skólaheilsugæslu, ung- og smábarnavernd og heilsueflandi móttöku. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. október næstkomandi eða eftir nánara samkomulagi.

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**

Megin starfssvið hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu er mjög fjölbreytt. Starfssvið í móttöku er mjög víðtækt, allt frá símaráðgjöf til bráðaþjónustu.

Hjúkrunarmóttakan sinnir fólki á öllum aldri og skiptist í opna móttöku, bókaða móttöku og símaráðgjöf. Einnig er boðið upp á lífsstíls- og sykursýkisráðgjöf.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af skóla- og/eða heilsugæsluhjúkrun æskileg
- Reynsla af fjölskylduhjúkrun æskileg
- Áhugi og vilji til að vinna með börnum og fjölskyldum
- Þekking á forvarnar- og heilsueflingarstarfi
- Færni í fyrirlestrahaldi
- Þekking á réttindum barna
- Sjálfstæði í starfi, skipulagningarhæfni og öguð vinnubrögð
- Reynsla og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af bráða- og slysamóttöku er kostur
- Mikil samskiptahæfni og sveigjanleiki
- íslenskukunnátta og góð almenn tölvukunnátta

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2021.
Nánari upplýsingar veitir Emilía Petra Jóhannsdóttir - emilia.p.johannsdottir@heilsugaeslan.is - 513 6100.

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

SJÁ NÁNAR Á WWW.HEILSUGAESLAN.IS UNDIR LAUS STÖRF OG Á WWW.STARFATORG.IS

# Lögfræðingur

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða í starf lögfræðings.

Starfið felur einkum í sér athugun og greiningu á málum sem eru til meðferðar hjá umboðsmanni og samskipti þeim tengd. Í því felst m.a. að greina þarf lögfræðileg álitaefni og gera tillögur að niðurstöðu auk þess að inna af hendi önnur verkefni á skrifstofu umboðsmanns, s.s. ráðgjöf og leiðbeiningar til þeirra sem leita til embættisins.

- Leitað er að lögfræðingi með embættis- eða meistarapróf í greininni.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lagt sig eftir stjórnsýslurétti eða skyldum greinum í námi eða hafi starfsreynslu á því sviði.
- Gerð er krafa um gott vald á ritun texta á íslensku.
- Gerð er krafa um góða kunnáttu í ensku og kunnáttu í einu Norðurlandamáli.
- Um er að ræða krefjandi starf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á að umsækjendur geti unnið sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna, séu skipulagðir og hafi gott vald á aðferðafræði lögfræðinnar.
- Leitað er eftir einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, ríka þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sem uppfylla ofangreindar hæfniskröfur eru hvattir til að senda inn umsókn. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og önnur atriði skal senda á netfangið postur@umbodsmadur.is eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík, merkt: *Starfsumsókn*.

Þess er óskað að í umsókn um starfið verði gerð grein fyrir þekkingu og reynslu umsækjanda í samræmi við framangreint og að staðfesting um nám fylgi.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.**
Nánari upplýsingar um starfið eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 510 6700.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

## Viltu slást í hópinn og taka þátt í spennandi uppbyggingu?

Framundan er mikil uppbygging á HSS og leitum við að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum til að slást í okkar frábæra hóp.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi störf. Á stofnuninni er góð samvinna milli deilda, boðleiðir eru stuttar og góður starfsandi. Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á heildarsýn og samþætta þjónustu.

**Um er að ræða eftirfarandi störf:**

- Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu og sjúkrasviði
- Sjúkraliðar á heilsugæslu og sjúkrasviði
- Sálfræðingar
- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Sérfræðingur í lyflækningum

HSS

**Kynntu þér málið hér: www.hss.is/laus-storf**



## SPENNANDI FRAMTÍÐARSTÖRF Á SUÐURNESJUM

SAMHERJI FISKELDI
ICE FRESH SEAFOOD

**Við ætlum að stækka hópinn okkar í vinnslu félagsins í Sandgerði. Við leitum að fólki sem vill takast á við framtíðar vöxt og ná betri árangri. Samherji Fiskeldi hefur á að skipa hópi starfsmanna og stjórnenda með mikla reynslu og fjölbreytta menntun. Það er mikið framundan og við viljum bæta við góðu fólki. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um.**

### REKSTRARSTJÓRI

Samherji fiskeldi auglýsir eftir kraftmiklum einstakling í starf **rekstrarstjóra.**
Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri vinnslunnar, áætlanagerð, skráningum og starfsmannahaldi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði sjávarútvegs, framleiðsu, rekstrar eða sambærilegu er skilyrði
- Metnaður fyrir framleiðslu hágæða matvæla
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Geta til að starfa sjálfstætt og leiða hóp með framtíðarsýn
- Þekking á verkferlum og rekstri fiskvinnslu er kostur
- Góð tölvu- og enskukunnátta er skilyrði

### VIÐHALDSSTJÓRI HÁTÆKNI VINNUÞJARKA, FISKVINNSLUVÉLA OG KÆLIKERFIS

Samherji fiskeldi auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingi í starf **viðhaldsstjóra.** Viðhaldsstjóri ber ábyrgð á eftirliti, þróun, umhirðu og viðhaldi véla og tækja í nýrri og fullkominni fiskvinnslu þar sem vara af bestu gæðum er framleidd í fullkomnustu tækjum sem völ er á.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði vélfræði, rafvirkjunar, rafeindavirkjunar eða sambærilegu er skilyrði
- Metnaður fyrir framleiðslu hágæða matvæla
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Geta til að starfa sjálfstætt og og frumkvæði til að vinna að fyrirbyggjandi viðhaldi
- Þekking á iðnstýringum
- Jákvæðni og vilji til að takast á við nýjungar í tækni
- Góð tölvu- og enskukunnátta er skilyrði

### GÆÐASTJÓRI

Samherji fiskeldi auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingi í starf **gæðastjóra.** Gæðastjóri ber ábyrgð á stjórnun og umsjón gæðakerfis vinnslunnar og leiðbeinir og kennir starfsfólki í samræmi við reglur gæðakerfisins. Gæðastjóri ber ábyrgð á vottunum gagnvart erlendum og íslenskum vottunar og eftirlitsaðilum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði sjávarútvegsfræði, gæðastjórnunar eða sambærilegu.
- Reynsla af rekstri gæðakerfa, sjómennsku, fiskvinnslu, fiskeldi eða öðru sambærilegu er kostur
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður fyrir framleiðslu hágæða matvæla
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og enskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með **31. ágúst 2021** og sækja skal um á www.mognum.is og skila ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri í síma 560 9000 og Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum, sigga@mognum.is.

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með fjölbreytta starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum fiskvinnslum í landi.

Samherji fiskeldi er dótturfyrirtæki Samherja og er fiskeldisfyrirtæki sem rekur fimm eldisstöðvar, tvær á Suðurnesjum, eina í Ölfusi og tvær í Öxarfirði. Samherji fiskeldi er sérhæft í landeldi á laxi og bleikju og rekur eina fullkomnustu fiskvinnslu landsins, sem er sérhæfð til vinnslu á bleikju. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar ferskar og frosnar til kröfuhörðustu stórmarkaða og veitingahúsa víða um heim. Samherji fiskeldi mun á næstu árum fjárfesta á fimmta tug milljarða í öflugt landeldi á laxi á Reykjanesi og mun það verða meðal stærstu landeldisstöðva á laxi í heiminum.
Nánari upplýsingar á www.samherji.is

# DEILDARFORSETI Í MYNDLIST

**Listaháskóli Íslands leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi með sterka listræna sýn í stöðu deildarforseta í myndlist.**

**DEILDARFORSETI**

– Ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknum í samstarfi við sviðsforseta.
– Hann leiðir faglegt samtal deildarinnar, sinnir starfsmannahaldi, málefnum nemenda og almennri starfsemi deildar.

Starfshlutfall er 100%.
Ráðið er í starfið frá 1. október 2021.
Sjá nánar inn á lhi.is/laus-storf

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



## Sunnulækjarskóli

**Vegna forfalla er staða umsjónarkennara í 3. bekk við Sunnulækjarskóla á Selfossi laus til umsóknar fyrir skólaárið 2021-2022.**

Í Sunnulækjarskóla eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennsluréttindi og sérhæfing á grunnskólastigi
- Áhugi og reynsla af teymiskennslu
- Góð samskiptahæfni og góð íslenskukunnátta

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Annast kennslu samkvæmt megin markmiðum aðalnámskrá grunnskóla með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda
- Umsjón með daglegu skólastarfi er varðar viðkomandi umsjónarhóp
- Er tengiliður umsjónarhóps innan skólans og við foreldra/forráðamenn
- Fylgist með velferð nemenda, hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þeir fái notið sín sem einstaklingar
- Tekur þátt í skólaþróun í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

**Umsóknarfrestur er til 23. ágúst 2021**

Nánari upplýsingar eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is.

Sækja þarf um stöðuna á vef sveitarfélagsins, **http://starf.arborg.is**

***Skólastjóri***

# GIRNILEGAR STÖÐUR HJÁ KRÓNUNNI




## Verkefnastjóri stafrænnar þróunar

Við í viðskiptaþróun Krónunnar vinnum stöðugt að umbótum til að auðvelda líf viðskiptavina okkar og um leið þróa starfsemi Krónunnar. Framundan eru fjölmörg verkefni og því viljum við bæta í hópinn öflugum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga og þekkingu á stafrænni þróun. Meðal verkefna á næstunni er frekari þróun á Snjallverslun Krónunnar, sjálfsafgreiðslu í verslunum ásamt fleiri innri ferlum.

**Helstu verkefni**
- Þróun og innleiðing stafrænna lausna
- Áætlanagerð og arðsemiútreikningar verkefna
- Greiningar og hönnun lausna
- Stýring notendaprófana

**Hæfniskröfur**
- Djúpur skilningur og þekking á tæknilegum úrlausnarefnum og tölvukerfum
- Reynsla og áhugi á breytingastjórnun
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og færni í teymisvinnu
- Reynsla og færni í úthýsingu/þjónustukaupum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Tekið er á móti umsóknum á **www.kronan.is/atvinna**
**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigurður Gunnar Markússon**, smark@kronan.is, forstöðumaður viðskiptaþróunar og umbótaverkefna hjá Krónunni.

KRÓNAN

www.kronan.is

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is HAGVANGUR

# Eftirlit með rafstöð í Grímsey

**RARIK óskar eftir verktaka til þess að hafa eftirlit með rafstöð fyrirtækisins í Grímsey.**

Um er að ræða verksamning um sólarhrings vaktir, daglegt eftirlit með stöðinni, smávægileg viðvik, umhirðu og þrif á stöðinni og lóð hennar. Samningstími er frá byrjun september 2021. Ekki er gerð krafa um sérmenntun aðra en lágmarks tölvukunnáttu en reynsla af vélum og rafkerfum er kostur.

Starfsmenn RARIK sjá um allar bilanaviðgerðir og stærri verk við stöðina.

Áhugasamir hafi samband við Deildarstjóra Varaafls hjá RARIK, Skarphéðinn Ásbjörnsson með tölvupósti á netfangið skaasb@rarik.is eða í síma 8926662. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is

# Sölumaður í verslun

Óskum eftir að ráða sölumann í Rafvörumarkaðinn.
Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf,sölumennska, vöruframsetning og uppsetning, innkaup, áfylling ofl.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Góð þjónustulund
- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Góð íslensku kunnátta

Vinnutími er virka daga frá kl. 09-18 og ein til tvær helgar í mánuði, laugardaga frá kl. 10-16 og sunnudag frá 12-16. **Um fullt starf er að ræða.**

RAFVÖRUMARKAÐURINN

# Starfsmaður á lager

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager í Rafkaup.
Í starfinu felast öll almenn lagerstörf, s.s. Vöruafgreiðsla til viðskiptavina, tiltekt og afgreiðsla pantana, vörumóttaka og frágangur, áfyllingar, vörutalningar, útkeyrsla og fleira.

**Hæfniskröfur:**
- Bílpróf
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Góð íslensku kunnátta

Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00.
**Um fullt starf er að ræða.**

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.
**Umsóknir fyrir bæði störfin ásamt ferilskrá skal senda á *atvinna@rafkaup.is* fyrir 22. ágúst 2021.**

# GIRNILEGAR STÖÐUR HJÁ KRÓNUNNI




## Verkefnastjóri lýðheilsumála

Við leitum að öflugum einstaklingi til að móta og innleiða nýja lýðheilsustefnu Krónunnar sem mun ná til bæði starfsfólks Krónunnar og þjónustu við viðskiptavini. Hjá Krónunni starfa um þúsund manns og viljum við að Krónan sé fyrirmyndarvinnustaður þar sem áhersla er lögð á þjálfun, jafnrétti, öryggi og ekki síst heilsu. Krónan hefur það að markmiði til framtíðar að styðja við heilsusamlegan lífstíl í daglegum venjum sem allra flestra, bæði starfsfólks og viðskiptavina.

**Helstu verkefni**
- Móta og innleiða lýðheilsustefnu Krónunnar
- Vinna að skýrri markmiðasetningu með öflugri eftirfylgni
- Greina og leggja til aðgerðir sem raunverulega hafa áhrif á lýðheilsu

**Hæfniskröfur**
- Brennandi áhugi og þekking á lýðheilsumálum
- Leiðtogahæfni og þjónustulund
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og færni í teymisvinnu
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Tekið er á móti umsóknum á **www.kronan.is/atvinna**
**Umsóknarfrestur er til og með 31.ágúst.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigurður Gunnar Markússon**, smark@kronan.is, forstöðumaður viðskiptaþróunar og umbótaverkefna hjá Krónunni.

KRÓNAN

www.kronan.is



# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is



# SÉRFRÆÐINGUR Í HEIMILISLÆKNINGUM
# HEILSUGÆSLAN GRAFARVOGI

Laust er til umsóknar 80-100% ótímabundin staða sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Grafarvogi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september nk. eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf og spennandi vettvang fyrir lækni sem áhuga hefur á nýsköpun og framþróun í heilsugæslu.

Heilsugæslan Grafarvogi er staðsett í nýlegu húsnæði í Spönginni í Grafarvogi. Á stöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Heilsugæslan Grafarvogi er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að veita íbúum almenna, samfellda og aðgengilega heilbrigðisþjónustu. Í húsnæði Heilsugæslunnar í Grafarvogi eru einnig starfrækt tvö geðheilsuteymi á vegum HH. Þessi ánægjulega sambúð með geðteymunum gerir stöðina félagslega og fræðilega að einkar áhugaverðum vinnustað. Starfsemi heilsugæslunnar er í örri framþróun þar sem áhersla er lögð á náið samstarf fagstétta og teymisvinnustaða almenns læknis.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

Starfssvið heilsugæslulæknis er víðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd og síðdegisvakt. Heilsugæslulæknir er virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu heimilislækninga, sinnir kennslu starfsfólks og nema og tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi. Um er að ræða spennandi vettvang fyrir lækni sem áhuga hefur á nýsköpun og framþróun í heilsugæslu. Starfssvið læknis á heilsugæslu er m.a.: Almennar lækningar - Heilsuvernd - Vaktþjónusta - Þjálfun unglækna - Þverfagleg teymisvinna - Þátttaka í þróun starfseminnar og gæðastarfi.

### HÆFNISKRÖFUR

- Íslenskt lækningaleyfi
- Sérfræðimenntun í heimilislækningum æskileg
- Reynsla af klínískum kennslustörfum og teymisvinnu æskileg
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð almenn tölvukunnátta
- Íslenskukunnátta skilyrði
- Góð enskukunnátta

### FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf. Í boði er handleiðsla og kennsla innan stöðvar sem nýtast svo ef viðkomandi hyggur á sérnám í heilsugæslulækningum. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Starfshlutfall er 80-100%. Umsóknarfrestur er til og með 20.08.2021.
Nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn Auðunsson - sveinbjorn.audunsson@heilsugaeslan.is - 513-5600

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

SJÁ NÁNAR Á WWW.HEILSUGAESLAN.IS UNDIR LAUS STÖRF OG Á WWW.STARFATORG.IS

REYKJALUNDUR endurhæfing

## Þroskaþjálfi / Iðjuþjálfi

Laus er til umsóknar 70-100% staða þroskaþjálfa/iðjuþjálfa. Staðan er laus strax eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Hlein er heimili sjö fatlaðra einstaklinga sem hafa fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa. Hlutverk þroskaþjálfa/iðjuþjálfa er að stýra vinnustofu íbúanna og jafnframt mun viðkomandi starfa sem aðstoðarforstöðumaður heimilisins. Vaktaskylda mun að einhverju leyti hvíla á viðkomandi. Hlein er rekið af Reykjalundi.

Við leitum að starfsmanni með framúrskarandi samskipta- leiðtoga- og skipulagshæfni. Viðkomandi þarf að vera með íslenskt starfsleyfi. Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands/Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Þroskaþjálfafélags Íslands/Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anný Lára Emilsdóttir forstöðumaður á Hlein í **síma 585-2091** eða í gegnum netfangi **annylara@reykjalundur.is** og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í **síma 585-2143** eða í gegnum netfangið **gudbjorg@reykjalundur.is**

**Umsóknarfrestur er til 29. ágúst 2021**
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

*Reykjalundur endurhæfing ehf. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is*


job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —






Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

## Sálfræðingur

Laust er til umsóknar starf sálfræðings hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Um er að ræða 100% stöðu. Æskilegt er að viðkomandi gæti hafið störf 1. september n.k. eða eftir samkomulagi.

Hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi um málefni einstaklinga og hópa. Sjö sveitarfélög reka Skóla- og velferðarþjónustuna sem hefur starfsstöð í Hveragerði. Á svæðinu eru sjö leikskólar, sex grunnskólar og tveir leik- og grunnskólar.

**Starfssvið sálfræðings**

- Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnastarf með áherslu á snemmtæka íhlutun.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum og unglingum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og ráðgjöf vegna mála einstaklinga eða hópa.
- Viðtöl við nemendur m.a. vegna tilfinninga- og hegðunarvanda.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Löggilding til starfa sem sálfræðingur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulagshæfileikar og rík færni í samskiptum.
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi.

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í áframhaldandi þróun þjónustunnar og samstarfi við aðra sem koma að málefnum barna og ungmenna.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst 2021.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið hrafnhildur@arnesthing.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og skal þar geta umsagnaraðila. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, hrafnhildur@arnesthing.is.

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**



## ALMENNUR LÆKNIR HEILSUGÆSLAN GRAFARVOGI

Laust er til umsóknar 80-100% ótímabundin staða almenns læknis við Heilsugæsluna Grafarvogi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september nk. eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf og spennandi vettvang fyrir lækni sem áhuga hefur á nýsköpun og framþróun í heilsugæslu.

Heilsugæslan Grafarvogi er staðsett í nýlegu húsnæði í Spönginni í Grafarvogi. Á stöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Heilsugæslan Grafarvogi er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að veita íbúum almenna, samfellda og aðgengilega heilbrigðisþjónustu. Í húsnæði Heilsugæslunnar í Grafarvogi eru einnig starfrækt tvö geðheilsuteymi á vegum HH. Þessi ánægjulega sambúð með geðteymunum gerir stöðina félagslega og fræðilega að einkar áhugaverðum vinnustað Starfsemi heilsugæslunnar er í örri framþróun þar sem áhersla er lögð á náið samstarf fagstétta og teymisvinnu.staða almenns læknis

Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ**
Starfssvið heilsugæslulækna er víðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd og vaktþjónustu. Um er að ræða spennandi vettvang fyrir lækni sem áhuga á að kynnast heimilislækningum og starfið getur verið góður undirbúningur undir sérnám í heimilislækningum. Viðamikil handleiðsla sérnámslækna og kandídata fer fram á heilsugæslunni sem viðkomandi gæti tekið þátt í eftir samkomulagi.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Íslenskt lækningaleyfi
- Reynsla af starfi í heilsugæslu æskileg
- Skipulagshlæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð almenn tölvukunnátta
- Íslenskukunnátta skilyrði.

**FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Stéttarfélag er Læknafélag Íslands. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Starfshlutfall er 80-100%. Umsóknarfrestur er til og með 20.08.2021.
Nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn Auðunsson - sveinbjorn.audunsson@heilsugaeslan.is - 513-5600

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
- hér fyrir þig -

**SJÁ NÁNAR Á WWW.HEILSUGAESLAN.IS UNDIR LAUS STÖRF OG Á WWW.STARFATORG.IS**

# Vilt þú vaxa með okkur?

Kíktu á laus störf á ***flyplay.com/jobs***

PLAY



# Rafmagnstæknifræðingur/ rafmagnsiðnfræðingur Norðurlandi

RARIK ohf. óskar eftir að ráða öflugan starfsmann til þess að hafa umsjón með rekstri aðveitustöðva RARIK á Norðurlandi. Í starfinu felst umsjón með viðhaldi og verkefnum í stöðvunum þar sem dreifikerfið tengist flutningskerfi landsins. Einnig er um að ræða stærri spenni- og rofastöðvar í dreifikerfinu og önnur verkefni tengd rekstri kerfisins. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

## Helstu verkefni

- Umsjón með viðhaldsáætlunum í stöðvum RARIK.
- Umsjón með skoðunum og gerð úrbótaverkbeiðna.
- Yfirferð og viðhald tæknigagna
- Vöktun dreifikerfis.
- Þáttaka í áætlanagerð og verkundirbúningi.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnstæknifræði eða iðnfræði.
- Þekking á rekstri dreifikerfa rafmagns er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð tölvukunnátta.
- Þekking á DMM og Netbas er kostur.

**Nánari upplýsingar veita Sigurjón Jóhannesson, deildarstjóri rekstrarsviðs á Norðurlandi og starfsmannastjóri RARIKí síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst 2021 og skal skila ferilskrá með umsókn á vef fyrirækisins www.rarik.is/atvinna.**

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200 á um 20 starfsstöðvum sem eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf. | www.rarik.is/atvinna

RARIK

# Lögfræðingur

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða í starf lögfræðings.

Starfið felur einkum í sér athugun og greiningu á málum sem eru til meðferðar hjá umboðsmanni og samskipti þeim tengd. Í því felst m.a. að greina þarf lögfræðileg álitaefni og gera tillögur að niðurstöðu auk þess að inna af hendi önnur verkefni á skrifstofu umboðsmanns, s.s. ráðgjöf og leiðbeiningar til þeirra sem leita til embættisins.

- Leitað er að lögfræðingi með embættis- eða meistarapróf í greininni.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lagt sig eftir stjórnsýslurétti eða skyldum greinum í námi eða hafi starfsreynslu á því sviði.
- Gerð er krafa um gott vald á ritun texta á íslensku.
- Gerð er krafa um góða kunnáttu í ensku og kunnáttu í einu Norðurlandamáli.
- Um er að ræða krefjandi starf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á að umsækjendur geti unnið sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna, séu skipulagðir og hafi gott vald á aðferðafræði lögfræðinnar.
- Leitað er eftir einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, ríka þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir sem uppfylla ofangreindar hæfniskröfur eru hvattir til að senda inn umsókn. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og önnur atriði skal senda á netfangið postur@umbodsmadur.is eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík, merkt: *Starfsumsókn*.

Þess er óskað að í umsókn um starfið verði gerð grein fyrir þekkingu og reynslu umsækjanda í samræmi við framangreint og að staðfesting um nám fylgi.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.**
Nánari upplýsingar um starfið eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 510 6700.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

# BLAÐAMAÐUR Á MARKAÐNUM

**Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, óskar eftir að ráða metnaðarfullan viðskiptablaðamann.**

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi og þekking á viðskipta- og efnahagslífinu.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem viðskiptafræði, hagfræði eða lögfræði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku.
- Geta til að vinna undir álagi.

Umsóknir með ferilskrá og kynningarbréfi skulu berast ánetfangið **ser@frettabladid.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst.**

Markaðurinn og Fréttablaðið eru í eigu fjölmiðlafyrirtækisins Torgs.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV TORG

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

HAGVANGUR

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

LISTASAFN REYKJAVÍKUR ART MUSEUM

## Listasafn Reykjavíkur auglýsir stöður móttökustjóra og móttökufulltrúa

Um er að ræða 70-80% störf á vöktum.
Leitað er að hugmyndaríkum og jákvæðum einstaklingum til starfa í kraftmiklum starfshópi.

Móttökustjórar og móttökufulltrúar sinna daglegu starfi í móttökum, safnverslunum og við gæslu listaverka í sýningarsölum safnsins. Starfsmenn í móttöku miðla upplýsingum um sýningar til gesta safnsins. Viðkomandi þurfa að eiga gott með að tjá sig við ýmsar aðstæður við fólk á öllum aldri með ólíkan menningarlegan bakgrunn.

Listasafn Reykjavíkur er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynnast fjölbreytileika myndlistar og öðlast dýpri skilning á sögulegu, félagslegu, menningarlegu og listrænu samhengi sköpunarverka listamanna. Safnið er til húsa á þremur stöðum í Reykjavík: í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni. Starfsmenn skulu geta sinnt starfinu í öllum safnhúsum Listasafns Reykjavíkur.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst**
Nánari upplýsingar má finna á vef Reykjavíkurborgar; **https://reykjavik.is/laus-storf/oll-storf** og hjá þjónustustjóra Listasafns Reykjavíkur Marteini Tausen í síma 4116400 eða **marteinn.tausen hjá reykjavík.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar. Við leitum að fólki sem vill vera hluti af mikilvægu starfi á skapandi og líflegum vinnustað.



## Teymisstjóri barna- og ungmennaþjónustu

Við leitum að hugmyndaríkum teymisstjóra til að hafa umsjón með þjónustu RÚV við börn og ungmenni, þvert á miðla. Markmið starfsins er að leiða þróun vandaðs innlends dagskrárefnis fyrir börn og unglinga með fjölbreyttri og ferskri nálgun sem höfðar sterkt til þessa mikilvæga hóps.

Teymisstjórinn leiðir faghóp RÚV um barna- og ungmennaþjónustu, mótar stefnu um þjónustuna til framtíðar og ber ábyrgð á að samhæfa innkaup, gerð og miðlun barnaefnis. Starfið heyrir undir dagskrárstjóra sjónvarps en felur í sér samstarf við dagskrárstjóra allra miðla.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2021

---

## Pródúsent

Við leitum að pródúsent á fréttastofu RÚV. Fréttapródúsent er framleiðslu- og útsendingarstjóri fréttastofu. Brennandi áhugi á fréttum og góð þekking og reynsla af myndvinnslu fyrir sjónvarp nauðsynleg.
Ráðið verður í starfið til eins árs með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til 22. ágúst 2021.

Umsóknum skal skilað á vef RÚV, **www.ruv.is/storf**, þar er einnig að finna nánari upplýsingar um störfin.

Við hvetjum áhugasöm til að sækja um störfin, óháð kyni, uppruna, fötlun eða skertri starfsgetu.

**www.ruv.is**

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

## ÚTBOÐ

### Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í verkið: " Grænaborg - Fráveita - Útrás "

Verkið er fólgið í því að leggja og ganga frá að fullu með tilheyrandi jarðvinnu; nýrri sjólögn á haf út sem er um 420 m löng og endar á um 5 m dýpi, ofanvatnslögn og yfirfallslögn sem liggja samsíða sjólögninni og liggja í fjöru og eru um 80 m langar. Lagnirnar liggja frá fyrirhugaðri dælu- og hreinsistöð sem verður staðsett ofan núverandi sjóvarnargarðs, neðan við göturnar Vesturborg og Sjávarborg í Grænuborgarhverfi, og leggjast undir sjóvarnargarðinn á leið sinni um fjöru og á haf út. Hluti sjólagnar verður niðurgrafinn í fjöru og hluti lagður í sjó með steinsteyptum festum, sem einnig á við um ofanvatnslögn og yfirfallslögn að hluta. Rjúfa þarf sjóvarnargarð á meðan lögnum er komið þar fyrir og síðan skal ganga að fullu frá garðinum í samræmi við það sem áður var.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Uppgröftur | 900 m3 |
| Fyllingar | 930 m3 |
| Fráveitulagnir | 540 m |

Verklok skulu vera eigi síðar en 30. nóvember 2021.

Þeir sem hyggjast bjóða í verkið skulu óska eftir útboðsgögnum með því að senda tölvupóst til Davíðs Viðarssonar, sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Sveitarfélagsins Voga, á netfangið david@vogar.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang, verður þeim þá send útboðsgögnin í tölvupósti.

Útboðsgögn verða afhent frá og með miðvikudeginum 11. ágúst 2021.

Tilboð skulu hafa borist í tölvupósti á netfangið **david@vogar.is**, eigi síðar en mánudaginn, 30. ágúst 2021 kl. 10:00.

Opnun tilboða fer fram á fjarfundi með „Teams", fundarkerfi mánudaginn 30. ágúst 2021, kl. 11:00. Þeir bjóðendur sem vilja tengjast opnunarfundinum skulu senda beiðni um það á netfangið **david@vogar.is** eigi síðar en kl. 10:00 á opnunardag tilboða og verður þeim þá sendur hlekkur til að tengjast fundinum.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

**RARIK 21021**
**Aðveitustöð Kópaskeri**
**Nýbygging aðveitustöðvarhúss**

Um er að ræða byggingu úr steinsteypu og stáli, ein hæð og lagnakjallari. Húsið er að stærri hluta einangrað og klætt að utan með álklæðningu.

**Helstu magntölur:**

| | | |
|---|---|---|
| Steinsteypa: | 270 | m³ |
| Mót: | 1.600 | m² |
| Steypustyrktarstál: | 20.100 | kg |
| Byggingastál: | 5.910 | kg |

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. maí 2022.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á útboðsvef RARIK (utbod.rarik.is) frá og með þriðjudeginum 17. ágúst 2021.

Skila þarf tilboðum á útboðsvef fyrirtækisins (utbod.rarik.is) fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 31. ágúst 2021.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is

## RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðar starfa. Umsókn sendist á netfangið *rafbodi@rafbodi.is*

Þurfa að geta byrjað sem fyrst.

RAFBOÐI

Skeiðarás 3 - 210 Garðabær - 565 8098 - rafbodi@rafbodi.is

## ÓSKAST TIL LEIGU

### HEILSUGÆSLAN Á AKUREYRI, NORÐURSTÖÐ – LEIGUHÚSNÆÐI ÓSKAST

**21537** – Ríkiskaup f.h. Ríkiseigna óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir starfsemi Heilsugæslunnar á Akureyri, norðurstöð. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 15 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu innan starfssvæðis norðurstöðvar heilsugæslunnar á Akureyri, sjá nánari gögn í TendSign. Það skal vera gott aðgengi þ.m.t. fyrir hreyfihamlaða, hjólandi, gangandi, sjúkrabifreiðar og næg bílastæði.

Heilsugæslan á Akureyri er heilbrigðisstofnun með samfelldri og alhliða heilsugæsluþjónustu sem grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar, heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Því skiptir staðsetning húsnæðisins, þ.e. nálægð við helstu stofnbrautir og almenningssamgöngur, miklu máli við staðarval.

Húsrýmisþörf er áætluð um 1.660 fermetrar.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar í rafræna útboðskerfinu TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/ þann 14. ágúst 2021.

**Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar:**

- Afhendingartíma húsnæðis
- Staðsetning, stærð og aldur húsnæðis og tillöguteikningar
- Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu
- Leiguverð per/m2 og heildarleiguverð
- Húsgjöld
- Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða
- Tilvísun í gildandi aðalskipulag
- Áskilinn er réttur til að óska eftir því við leigusala að hann leggi fram úttektarskýrslu, frá óháðum aðila, um að húsnæðið sé laust við myglu. Það skal gert áður en skrifað er undir leigusamning.

Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs, stærð húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, öryggis, afhendingartíma, staðsetningu, aðkomu og fjölda bílastæða.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 21537 – Heilsugæsluna á Akureyri, norðurstöð – Leiguhúsnæði, skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfið TendSign og verða svör birt þar, nafnlaust. Fyrirspurnarfrestur rennur út þriðjudaginn 7. september en svarfrestur er til og með fimmtudagsins 9. september 2021.

Leigutilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu, eigi síðar en **kl. 12:00 þriðjudaginn 14. september 2021.**

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11. gr.

**Sjá nánar á www.utbodsvefur.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST Ráðningar

NNE
VERKFRÆÐISTOFA

## Skrifstofuaðstaða

Til leigu 27.5 fm skrifstofuherbergi innaf verkfræðistofu á besta stað í Hæðasmára við Smáralind. Skrifstofan er á jarðhæð og er góð aðkoma og aðgengi að húsnæðinu. Fundarherbergi, kaffiaðstaða, þrif, internet og prentarar innifalið. Tilvalið fyrir arkitekta, hönnuði, ráðgjafa ofl.

**Frekari uppl. Hákon hoo@nne.is**

## ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Funaborg viðbygging – Verkfræðihönnun**, útboð nr. 15283.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
**Sími 411 1111**
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÖLFUS

## Útboð

### Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið: Selvogsbraut fráveitulögn

Verklok eru 01.12.2021

Verkið felur í sér gerð fráveitulagnar frá Sambyggð og meðfram Selvogsbraut út fyrir Eyjasel. Fleyga skal lagnaskurð, leggja fráveitulögn og ganga frá götunni með malbiki.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Fleygun | 2.200 m³ |
| Styrktarlag í götu | 600 m³ |
| Malbik | 300 m² |
| Frárennslislögn | 415 m |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 16. ágúst 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð hjá EFLU á Suðurlandi með því að senda tölvupósti á netfangið **ba@efla.is** og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 31. ágúst og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

***Byggingarfulltrúinn í Þorlákshöfn.***

Skipulagssvið Akureyrarbæjar



### Skarðshlíð 20 á Akureyri

## Lóð fyrir heilsugæslu og íbúðir

*Ákveðið hefur verið að gera úrbætur á aðstöðu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) á Akureyri með því að finna eða byggja nýtt húsnæði fyrir heilsugæslu á tveimur stöðum í bænum, norðurstöð og suðurstöð.*

Ríkiskaup f.h. Ríkiseigna hafa nú auglýst eftir að taka á leigu húsnæði á hentugri lóð eða í nýlegu húsnæði fyrir norðurstöð heilsugæslunnar.

Akureyrarbær hefur ákveðið að leggja lóðina Skarðshlíð 20 fram sem kost til uppbyggingar á norðurstöð heilsugæslu með þeirri kvöð að einnig verði gert ráð fyrir íbúðum á efri hæðum. Geta áhugasamir lagt fram tillögu að uppbyggingu á lóðinni til samræmis við forsendur sem fram koma í auglýsingu Ríkiskaupa og úthlutunarskilmálum Akureyrarbæjar.

Skila skal inn tillögum með rafrænum hætti í gegnum útboðsvef Akureyrarbæjar *https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/utbod/utbods-vefur* innan auglýsts frests sem er til kl. 13:00 þriðjudaginn 14. september 2021.

Er lóðin auglýst samhliða auglýsingu Ríkiskaupa eftir húsnæði fyrir norðurstöð heilsugæslu. Mikilvægt er að hafa í huga að bæði þarf að skila inn tillögu í gegnum útboðsvef Akureyrarbæjar og í gegnum útboðsvef Ríkiskaupa, á vefslóðinni *https://tendsign.is/*

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, *www.akureyri.is*

Akureyrarbær
Skipulagssvið
Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is



# ATVINNULÓÐIR Í GARÐABÆ • Þorraholt 2 og 4

**Garðabær auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir atvinnuhúsnæði á lóðunum Þorraholt 2 og 4 í Hnoðraholti norður.**

Atvinnulóðirnar eru í framhaldi af fyrirhuguðu íbúðahverfi í Hnoðraholti. Opið svæði verður efst á holtinu og grænir geirar niður hlíðarnar tengja háholtið við nærliggjandi svæði og brýtur upp byggðina á holtinu í minni reiti. Lóðirnar eru í nálægð við góðar samgönguæðar, stofnstíg hjólreiða og göngustíga.
Stærð lóðarinnar fyrir Þorraholt 2 er 6.278 m² og 4.768 m² fyrir Þorraholt 4.
Heildarbyggingarmagn Þorraholts 2 er um 12.000 m² með bílakjallara og heildarbyggingarmagn Þorraholts 4 um 12.500 m² með bílakjallara.
Lóðirnar liggja á einkar góðum stað á norðvesturhluta svæðisins við gatnamót Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar, með aðkomu frá Þorraholti.

Tilboð í byggingarrétt á lóðunum skulu berast Garðabæ fyrir kl.13:30 fimmtudaginn 9. september 2021.

Gögn og nánari upplýsingar má sjá á vef Garðabæjar, gardabaer.is.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# NÝJAR ÍBÚÐIR Í ÚLFARSÁRDAL

## LOFNARBRUNNUR 1-3



**Sölusýning sunnudaginn 15.ágúst frá kl. 14:00 - 15:00 Verið velkomin**

Fjögurra herbergja íbúðir
Stærðir frá 107 fm. – 168 fm.Verð frá 62.9 millj.
Aðeins fjórar íbúðir eftir, stutt í afhendingu, útsýni, vandaðar innréttingar og tæki.



Thelma Víglundsdóttir,
löggiltur fasteignasali
thelma@manalind.is
sími: 860 4700

MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

www.manalind.is




SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588 9090** | **eignamidlun.is**

**OPIÐ HÚS**
laugardaginn 14. ágúst
milli kl. 14 og 15




# Glæsilegar íbúðir til sölu
# í hjarta Akureyrar



Íbúðirnar eru þriggja og fjögurra herbergja. Þær eru flestar nýuppgerðar og vandaðar. Tvær þeirra eru glæsilegar þakíbúðir. Stærðir eru á bilinu 76,8 til 118,8 fm.

**Íbúðirnar eru staðsettar að Skipagötu 2 og 4 og á Ráðhústorgi 5.**

Opið hús verður á laugardaginn 14. ágúst, milli kl. 14 og 15. Þá gefst áhugasömum tækifæri til þess að skoða íbúðir og fá nánari upplýsingar.

Hægt er að skoða fleiri myndir á: **www.acco.is**.

## Verð frá **46.000.000 kr.**











**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
824 9096

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**





## Rauðagerði 62

108 Reykjavík

Einbýli + Stór pallur | 291,6 fm | 6 herbergi

**144.000.000**



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
661 6021

**OPIÐ HÚS** 16 ágúst 12:30 - 13:00

**OPIÐ HÚS**
15. ágúst 13:00-13:30



## Valshlíð 16

102 Reykjavík

Fjölbýli | 188.8 fm | 3 herb.



**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166

**97.900.000**

**OPIÐ HÚS**
17. ágúst 17:00-17:30



## Snorrabraut 85

105 Reykjavík

Hæð | 213,4 fm | 7 herb.



**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

**89.900.000**

**OPIÐ HÚS**
15. ágúst 14:00-14:30



## Geirsgata 4

101 Reykjavík

Fjölbýli | 116,5 fm | 3 herb.

**101.990.000**



**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166



## Leirvogstunga 12

270 Mosfellsbær

Einbýlishús - Bílskúr - Pallur | 253,1 fm | 6 herb.

**117.900.000**



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
661 6021

**OPIÐ HÚS**
17. ágúst 17:00-17:30



## Skólavörðustígur 24a

101 Reykjavík

Einbýli | 135 fm | 6 herb.

**74.900.000**



**Kári Sighvatsson**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815



# NÝTT Í SÖLU!

# FURUGRUND 3
200 Kópavogur

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali







**Hafdís Rafnsdóttir**
fasteignasali
gsm: 820 2222
hafdis@fstorg.is

## OPIÐ HÚS sunnudag 15. ágúst kl. 14.00-15.00

## Verð frá kr 53.900.000

Glæsilegar fullbúnar, nýjar og vandaðar íbúðir með sérinngangi á þessum eftirsótta og rótgróna stað við náttúruparadísina Fossvogsdalinn Kópavogsmegin.

Um er að ræða 2ja – 3ja herb. íbúðir, stærðir frá 80,8 fm til 94,9 fm og verð frá kr 53.900.000 Sér afnotareitur og/eða svalir. Fallegar innréttingar frá Axis, harðplankaparket og flísar frá Agli Árnasyni, AEG eldhústæki og innbyggður ísskápur með frysti og uppþvottavél fylgir með. Lofthæð er aukin og allir milliveggir eru hlaðnir úr vikri.

Húsið er að stærstum hluta álkætt og lóðin fallega frágengin með grjóti og harðviðarveröndum á neðri hæð. Allur frágangur og efnisval er vandað og samrýmt. Húsið er staðsett í veðursælu hverfi þar sem stutt er í leik og grunnskóla, íþróttamiðstöðina HK, verslanir og veitingastaði.

# FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri — Viðskiptablaðið Keldan

**520 9595**

Fasteignasalan TORG   Garðatorgi 5   210 Garðabær   www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| | | |
|---|---|---|
| **Hafdís** | Fasteignasali | 820 2222 |
| **Sigurður** | Fasteignasali | 898 6106 |
| **Dórothea** | Fasteignasali | 898 3326 |
| **Þorsteinn** | Fasteignasali | 694 4700 |
| **Jóhanna Kristín** | Fasteignasali | 837 8889 |
| **Sigríður Rut** | Fasteignasali | 699 4610 |
| **Berglind** | Fasteignasali | 694 4000 |
| **Jón Gunnar** | Fasteignasali | 848 7099 |
| **Helgi** | Fasteignasali | 780 2700 |
| **Hrönn** | Fasteignasali | 692 3344 |
| **Hólmgeir** | Lögmaður | 520 9595 |
| **Þóra** | Fasteignasali | 822 2225 |
| **Þorgeir** | Fasteignasali | 696 6580 |
| **Hafliði** | Fasteignasali | 846 4960 |
| **Ragnar** | Fasteignasali | 844 6516 |
| **Darri Örn** | Sölufulltrúi | 767 0000 |
| **Elka** | Fasteignasali | 863 8813 |
| **Unnur Svava** | Sölufulltrúi | 623 8889 |

## Maríugata 38-40 210 Garðabær

**AÐEINS 5 ÍBÚÐIR EFTIR**





Íbúð 308
117.1 m$^2$
Stæði í bílageymslu
**Verð 69,9 mkr**

Nýjar og glæsilegar íbúðir í 33 íbúða húsi í Urriðaholti. Einstaklega vel staðsett hús í göngufæri frá skóla, verslanir í Kauptúni, einstöku útivistarsvæði og einum af betri golfvöllum landsins.

- 4ra herbergja íbúðir
- Glæsilegar innréttingar frá Nobilia í Þýskalandi
- Innfelldur ísskápur
- Sér þvottahús
- Tvö baðherbergi fylgja nokkrum íbúðum
- Bílastæði í bílageymslu eða bílskúr
- Álklætt hús að utan sem lágmarkar viðhald
- Byggingaraðili hússins er Þgverk

**Herbergi:** 4   **Stærð:** 116,6-161,2 m$^2$

**Verð frá: 69.900.000 - 85.900.000**

**OPIÐ HÚS** **sun. 15. ágúst. kl. 13.00-14.00**





**Þorgeir**
**fasteignasali**
**gsm:** 696 6580
*thorgeir@fstorg.is*



## Hraunás 12 210 Garðabær

**Verð: 139.500.000**





**OPIÐ HÚS mánudaginn 16. ágúst kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 5   **Stærð:** 267,5 m$^2$

**Um er ræða afar glæsilegt og vandað parhús á frábærum útsýnisstað innst í botnlanga við Hraunás í Garðabæ.** Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan máta. Verulega aukin lofthæð er á hluta efri hæðar hússins. Gólfsíðir gluggar að hluta og mjög stórar svalir til suðurs og vesturs auk skjólsælrar viðarverandar út af neðri hæð með heitum potti. Gólfefni eru parket og flísar. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, bjartar stofur með hærri lofthæð, tvö baðherbergi, gestasnyrtingu, gott þvottahús, sjónvarpsherbergi, geymslu og innbyggðum bílskúr. Aðkoma að húsinu er góð og gott hellulagt bílastæði eru fyrir framan húsið.
**Upplýsingar veitir Sigríður Rut fasteignasali í gsm: 699 4610**



## Cuxhavengata 1 220 Hafnarfirði

**111.900.000**





**BÓKIÐ SKOÐUN 898-6106**

**Stærð:** 411,8 m$^2$

Um er að ræða þrjú fastanúmer, iðnaðarbil á jarðhæð með skrifstofurými á annari hæð.

Tvo iðnaðarbil eru í útleigu, eitt verður afhent tómt. Skrifstofurými hafa verið innréttuð sem eitt rými.  Öll þrjú iðnaðarbil hafa stórar innkeyrsluhurð og venjulega hurð. Endabilið er með tvær stórar innkeyrsluhurðar.

Eignin getur verið laus við kaupsamning.

**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

EIGNAMIÐLUN

STAÐGREIÐSLA Í BOÐI



## Einbýlishús í Vesturborginni óskast

Viðskiptavinur okkar leitar að 250-350 fm einbýlishúsi í Vesturborginni. Staðgreiðsla í boði.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
861 8514

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**



TRAUSTI fasteignasala

## KIRKJUVELLIR 3 – 221 HAFNARFIRÐI
OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 15. ÁGÚST
KL. 14:00-15:00




Einar Örn
s: 823-4969

Vel skipulögð og björt 3ja herbergja 79,9 fm. íbúð á 6. hæð í lyftuhúsnæði. Vönduð eign á góðum stað fremst á Völlunum í Hafnarfirði. Nánari uppl. veitir Einar lgf. s. 823-4969

Verð: 47,5 millj.

## STEINASEL 5 – 109 REYKJAVÍK
OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 16. ÁGÚST
KL. 17:30-18:00




Guðbjörg G.
s: 899-5949

Viktoría Larsen
s: 618-5741

Einstaklega fallegt 244,4 fm. einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð í kjallara og rúmgóðum bílskúr. Öll efsta hæðin er ekki inn í fm. tölu hússins. Nánari uppl. veita Guðbjörg lgf. s. 899-5949 og Viktoría lgf. s. 618-5741

Verð: 105,4 millj.

## NÚPALIND 6 – 201 KÓPAVOGI
OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 18. ÁGÚST
KL. 17:30-18:00




Aðalsteinn Jón
s: 767-0777

Garðar B.
s: 898-0255

Rúmgóð og vel skipulögð 3ja herbergja 98,7 fm. íbúð á 6. hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðin eru í eigu Sjómannafélags Eyjafjarðar og nýtt sem orlofsíbúð af félagsmönnum. Allt viðhald til fyrirmyndar og íbúðin þrifin vikulega. Nánari uppl. veita Aðalsteinn s. 767-0777 og Garðar lgf. s. 898-0255

Verð: 59,9 millj.

## SKÚLAGATA 42 – 101 REYKJAVÍK
BÓKIÐ SKOÐUN



Viktoría Larsen
s: 618-5741

Kristján
s: 867-3040

Vel skipulögð 3ja herbergja 75,2 fm. íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi með sérmerktu bílastæði í bílskýli. Eignin samanstendur af forstofu, tveimur svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi, stofu/borðstofu, svölum og geymslu innan íbúðar. Nánari uppl. veita Viktoría lgf. s. 618-5741 og Kristján lgf. s. 867-3040

Verð: 52,9 millj.

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**



EIGNAMIÐLUN

OPIÐ HÚS
16. ágúst 17.30-18.00



## Austurtún 10
225 Garðabær

Einbýlishús með sjávarútsýni | 249 fm | 7 herb.

**117.900.000**



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**



EIGNAMIÐLUN

OPIÐ HÚS
17. ágúst 17.30-18.00



## Gnoðarvogur 68
104 Reykjavík

Íbúð með sérinngangi | 76 fm | 3 herb.

**46.900.000**



**Þóra Birgisdóttir**
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**



NÝTT 1% NÝTT

## VILTU SELJA FASTEIGN?

**Lægri sölukostnaður**

- Áratuga reynsla
- Lægri sölulaun
- Persónuleg þjónusta



**Erlendur Davíðsson**
löggiltur fasteignasali
og verðbréfamiðlari.
Sími 8970199



**Sigurður Oddur Sigurðsson**
Löggiltur fasteignasali
sos@eignalind.is
Sími 616 8880

**Hafðu samband í síma 6168880**
**Eignalind fasteignasala**



RÍKISKAUP

**AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGNIR TIL SÖLU:**

## BORGARTÚN 22, 105 REYKJAVÍK - ATVINNUHÚSNÆÐI



**Ríkiskaup kynna skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 22,** 105 Reykjavík, ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðar og sameignarréttindi. Birt stærð eignarhluta er 526,2 fm. Gott skrifstofurými á 2. hæð, vel staðsett eign í einu helsta þjónustu- og fjármálahverfi borgarinnar. Um er að ræða alla 2. hæðina.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: **www.rikiskaup.is**
**Verð: 175 mkr.**

## BORGARTÚN 6, 105 BORGARTÚN - ATVINNUHÚSNÆÐI



**Ríkiskaup kynna jarðhæð í Borgartúni 6, 105 Reykjavík.** Birt stærð 369.1 fm. Rúmgóður og bjartur veitingasalur ásamt góðu eldhúsi á jarðhæð í fallegu húsi við Borgartún 6, gamla Rúgbrauðsgerðin. Salurinn er lítillega niðurgrafinn götumegin en með góðri lofthæð. Rúmgott iðnaðareldhús með ágætri geymslu og ræstirými. Aðstaða og sér salerni er fyrir starfsfólk. Vel staðsett eign í einu helsta þjónustu- og fjármálahverfi borgarinnar.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa: **www.rikiskaup.is**
**Verð: 90 mkr.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



ráðum
ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.


# Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —


10-50% afsláttur
SUMARÚTSALA
Sýniseintök
30-50%
Útihúsgögn
20-50%
Innihúsgögn
10-50%
Gjafavara
10-50%
Signature
húsgögn
Askalind 2a Kópavogi | 565-3399 | www.signature.is | mán - fös 11-18 | lau 11-17

# Sæbjúgnahylkin eru bylting

**Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star, en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum.**

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim, en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

**Finnur mikinn mun á sér**

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.



Magnús Friðbergsson hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun.

» Ég hef tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæg. inda. Það er algjör bylting.

Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann. Magnús, sem er 71 árs, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“ ■




Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. Hylkin eru nú komin í nýjar umbúðir eins og sjá má á myndinni.

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is.

Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum, heilsubúðum, í Hagkaupum og í Fjarðarkaup.

# Lambakórónur með mintu sem bráðna í munni



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

**Áslaug Hulda Jónsdóttir er Garðbæingur í húð og hár og er stolt af bænum sínum. Hún er stjórnandi hjá endurvinnslufyrirtækinu Pure North Recycling ásamt því að vera forseti bæjarráðs Garðabæjar.**

Áslaug Hulda er mörgum hæfileikum gædd og eitt af því sem hún nýtur sín hvað best í er eldamennskan. Hún er mikill matgæðingur og veit fátt skemmtilegra en að vera í góðra vina hópi og snæða sælkeramáltíð þar sem gleðin er við völd. Sumrin eru svo sannarlega hennar tími og kátína skín úr andliti hennar þegar hún er spurð út í sumarið.

**Skemmtilegast að vera í bústað**

Þegar hún er beðin um að segja eina setningu sem lýsir henni best á sumrin er hún fljót að svara. „Berfætt og brosandi í baðfötum og smá brunnin,“ segir Áslaug Hulda og hlær.

*Hvað heillar þig mest að gera þegar þú ert að ferðast innanlands, vera á hóteli, í sumarbústað eða hjólhýsi eða þess háttar gistingu?*

„Ég elska að ferðast um landið og vera úti í íslenskri náttúru. Við skipuleggjum veiðiferðir en aðrar ferðir eru meira spontant og háðar góðu veðri. Ég er samt voðalega heimakær og þarf oftast ekkert að fara mikið lengra en upp í Heiðmörk í góða göngu. Þegar ég er ekki heima finnst mér skemmtilegast að vera í sumarbústað með góðu fólki þar sem gott eldhús, grill og heitur pottur eru í aðalhlutverki. Ekki verra ef það er nálægt vatni, á eða við sjó.“

**Nautakjötssalat í uppáhaldi**

Áslaug Hulda segir að matarvenjurnar breytist klárlega með árstíðunum. „Matseðillinn breytist á sumrin og í ár er engin breyting á því þrátt fyrir sólarleysið á suðvesturhorninu. Hægeldaðir lambaskankar og kröftugar haustsúpur víkja fyrir léttari réttum. Ég geri mikið af alls konar salati á sumrin með grilluðum kjúklingi eða nautakjöti, uppáhaldið mitt er nautakjötssalat. Síðan er fátt sem toppar kolagrillað kjöt. Með grillmatnum á sumrin erum við oft með chimichurri, heitt smjör með kryddjurtum og hvítar kaldar sósur, hvílum þungu rjómasósurnar. Risotto með til dæmis aspas og sjávarfangi er líka sumarlegt og gott.“



Áslaug Hulda er mörgum hæfileikum gædd og eitt af því sem hún nýtur sín hvað best í er eldamennskan. Hún er mikill matgæðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Í vöðlum og sól er alvöru parmaskinka, aioli og baguette æðislegt combó, að sögn Áslaugar.

„ Happy hour í veiði er sennilega systir pikknikk og þá finnst mér einfaldleikinn skipta máli. Heiðarlegt og gott.

**Skemmtilegt að smakka nýtt**

Einnig finnst Áslaugu Huldu spennandi að prófa eitthvað nýtt. „Maður dettur oft í það að elda mikið það sama, það er því alltaf skemmtilegt að fatta og smakka eitthvað nýtt. Nýjasta nýtt hjá mér er grillað lamb með dijon-sinnepi og ferskum kryddjurtum. Í upphafi sumars fórum við í ferðalag sem sameinaði nokkra ómissandi þætti fyrir sumarið; sumarbústað, góðan mat, fluguveiði og frábæran félagsskap. Í hópnum voru meistarakokkar, hjón, sem töfruðu fram ómótstæðilega rétti. Einn af þeim var þetta lamb sem ég ætla að gefa ykkur uppskriftina af sem ég er nú þegar búin að gera oftar en einu sinni. Þar er mintan í stóru hlutverki en ég hef einmitt verið að nota hana mikið í alls kyns mat í sumar.“

**Fær að sitja að pikknikk-teppinu**

*Af því þú nefnir ferðalag í sumarbústað og veiðiferðir, hvernig er það, áttu pikknikk-körfu og -tösku og pikknikk-teppi í stíl til að taka með?*

„Nei, en Inga Lind, vinkona mín, á sennilega huggulegustu pikknikkkörfu sem sögur fara af og teppi í stíl. Ég fæ oftast að sitja með henni á teppinu og njóta þess sem er í körfunni. Ég á hins vegar alls konar bakka og fötur sem ég nota mikið, bæði í garðinum heima og í ferðalögum. Það er nefnilega ekki nóg að matur bragðist vel, hann þarf líka að líta vel út. Við borðum nefnilega líka með augunum.“

*Ertu til í að ljóstra upp þínu uppáhaldsnesti í dagsferðina?*

„Eins og ég elska að vesenast í eldhúsinu er ég lítil nestiskona. Í dagsferðina tek ég með mér harðfisk og smjör og einn ískaldan, bjór getur líka verið hinn besti dósamatur. Flatkökur með miklu smjöri og hangikjöti klikka síðan aldrei.“

*Ef þú værir að setja saman pikknikk í körfu, hvað væri á óskalistanum?*

„Ég fer mjög sjaldan í pikknikk en happy-hour í veiði er sennilega systir pikknikk. Þegar ég set saman happy-hour finnst mér einfaldleikinn skipta máli. Ekki of flókið eða of margar tegundir. Í vöðlum og sól er alvöru parmaskinka, aioli og baguette æðislegt kombó. Bitar af franskri súkkulaðiköku. Gott cava gerir allt betra. Í rigningu og roki er gott að grípa í djúsí roastbeef samloku og bjór, hraunbita til að loka maganum. Heiðarlegt og gott.“

*Hvað er ómissandi að taka með í pikknikk?*

„Skemmtilegt fólk, það er örugglega hálfasnalegt að setja einn í pikknikk eða happy-hour – sama hversu huggulegar veitingarnar eru. Þetta er svona gaman, saman.“

**Vöðlurnar uppáhaldsferðafötin**

Áslaug er með á hreinu hver hennar uppáhaldsferðaföt eru. „Uppáhaldsferðafötin mín eru vöðlurnar á sumrin og skíðabuxur um vetur. Annars ferðast ég í þægilegum fötum og á sumrin er ég yfirleitt í skóm sem ég er snögg að henda af mér því ég elska að vera berfætt. Sundbolurinn er svo alltaf með, konur þurfa að bleyta sporðinn. Það er eins með sumarið og lífið – við getum ekki bara beðið eftir því að eitthvað gerist, við verðum að taka ákvörðun, skipuleggja og koma okkur af stað, gera eitthvað skemmtilegt. Og auðvitað í anda þessa viðtals, borða eitthvað gott.“

## Nautasalat að hætti Áslaugar Huldu

Blanda saman nokkrum tegundum af grænu salati og kreisti safann úr vænni appelsínu yfir. Paprika, gúrka, belgbaunir, rauðlaukur eða annað gott grænmeti fer líka með. Set svo fetaost ásamt olíu, líka gott að setja smá brie eða annan góðan ost. Grilla nautalund, læt standa og sker svo niður í sneiðar. Sneiðum dýft í Asian Duck Sauce og set yfir salatið. Stundum bæti ég við pönnusteiktum sveppum og/eða aspas. Yfir þetta fara síðan hnetur (nota oftast kasjú- og/eða furuhnetur), bláber og/eða önnur ber, spírur og ferska steinselju.

## Mintuhjúpaðar lambakórónur

Lambakórónur, kryddaðar með SPG og sítrónupipar, grilla. Ekki fullelda, taka af grillinu, smyrja með hunangs-dijon-sinnepi og hjúpa með smáttsaxaðri mintu, steinselju og vorlauk. Hendið inn í heitan ofn í stutta stund. Borið fram með krydduðu kúskús, grænu salati og kaldri jógúrt- eða hvítlaukssósu. Muldar pistasíuhnetur fara yfir lambið áður en það er borið fram. ■

## Bílar & Farartæki


**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bilauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SPA R bíll



Nýr Hyundai Tucson Plugin Hybrid Premium. Erum með flæði af þessum bílum til afhendingar strax. Nokkrir litir í boði á afar hagstæðu verði. Kr. 6.490.000,- Þú verður að vera snöggur ef þú ætlar að ná í einn af þeim !

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**


## Bílar óskast


**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**


## Þjónusta

## Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Bókhald


**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
**Uppl. í síma 8548080/5168080**
**retta.is**
**olafur@retta.is**
Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

*Accountant
Accountant ehf.
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
**www.accountant.is**


## Málarar

**MÁLNINGARVINNA.**
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald


K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994


## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**




Það er ALLTAF rétti tíminn til að eignast vandaðan heitan eða kaldan pott!



| Sigurlaug | Gvendarlaug | Grettislaug | Geirslaug | Unnarlaug | Snorralaug |
|---|---|---|---|---|---|
| 124.500 kr. | 177.000 kr. | 239.000 kr. | 257.000 kr. | 285.000 kr. | 278.000 kr. |

NORMX
Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

## Bækur

Sumarsmellur ársins!
Bók fyrir forvitin grunnskólabörn



NÝ BÓK

Fæst í Penninn Eymundsson

# Atvinna

## Atvinna í boði

málning

**FRAMLEIÐSLUSTARFSFÓLK**

Óskum eftir starfsfólki til verksmiðjustarfa sem fyrst. Starfssvið felst einkum í samantekt hráefna, vinna á lyftara og íblöndun hráefna fyrir framleiðslulotur en viðkomandi þarf einnig að vera tilbúinn til að vinna við aðrar vinnustöðvar s.s. áfyllingu og pökkun. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, reglusamur, stundvís og röskur til starfa. Góð ensku- eða íslenskukunnátta er skilyrði. Lyftarapróf er kostur.

**Umsóknir með upplýsingum um fyrri störf, með nafni og símanúmeri meðmælanda má senda á netfangið andri@malning.is. Fyrirspurnir um starf er einnig hægt að gera í s: 842-3144.**

**JÁRNABINDINGAR / PRAZY ZELAZA**

Járngrímur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband S. 863 6208 & olafurjarn@gmail.com Prazy zelaza

# Tilkynningar

## Tilkynningar





**KETTLINGAR ÓSKAST**

Óska eftir kettlingum gefins. Uppl. í s. 655 4496

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:
- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?





Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND

## Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is




**MIÐVIKUDAG**

# Allskonar kynlíf

Nýir fræðslu- og skemmtiþættir með Siggu Dögg kynfræðingi og Ahd Tamimi, sérlegum aðstoðarmanni hennar. Saman rýna þau í hin ýmsu málefni tengd kynlífi, ræða við breiðan hóp sérfræðinga og fá safaríkar sögur frá þekktum einstaklingum um allskonar kynlíf.

2 + 2+ = **7.990 kr./mán.**
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

# Sá enski rúllar af stað



Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur
@frettabladid.is

Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu er loksins hafin. Eftirvæntingin hefur verið mikil, enda búist við jafnari titilbaráttu en undanfarin ár. Oft er sagt að sá enski sé þjóðarsport Íslendinga, að minnsta kosti er hann helsta þjóðarsófasportið.

Fréttablaðið ræddi við dygga stuðningsmenn átta mismunandi liða úr úrvalsdeildinni sem búist er við að verði í eldlínunni í vetur. Það eru Manchester United, Manchester City, Liverpool, Everton, Arsenal, Chelsea, Tottenham og Leeds. Sumir þeirra hafa ástæðu til bjartsýni fyrir tímabilið en aðrir stilla væntingum sínum í hóf. Aðdáendur enska boltans munu strax taka eftir stórri breytu í upphafi tímabilsins, sem er endurkoma áhorfendanna.

En vegna faraldursins hefur fjöldi þeirra verið takmarkaður og um langan tíma var spilað á tómum leikvöngum. ■



Jón Atli og sonur hans Friðrik horfa saman á boltann.

## Aldrei séð eftir að skipta yfir í City

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, er einn af dyggustu stuðningsmönnum Manchester City á Íslandi til þrjátíu ára. Hann hefur þrívegis séð liðið falla, þar á meðal niður í þriðju deild, og vinna fimm Englandsmeistaratitla. En þar á undan hélt hann reyndar með Liverpool í tæp tuttugu ár.

„Ég var alveg búinn að fá nóg af Liverpool, það voru alltaf svo miklar væntingar. Því ákvað ég að skipta yfir í City, sem var lið fólksins og væntingarnar talsvert minni,“ segir Jón Atli. „Ég hef aldrei séð eftir því.“

Jón Atli segir það hafa verið mjög gefandi að fylgjast með City í gegnum árin, meira að segja þau erfiðu í kringum aldamótin. Hann bjóst aldrei við yfirtökunni og velgengninni sem hefur einkennt síðustu ár.

Af leikmönnum liðsins er Fernandinho, hinn 36 ára brasilíski miðjumaður, í mestum metum hjá Jóni Atla. „Hann er bæði góður leikmaður og hefur verið kjölfestan í liðinu um langa hríð,“ segir Jón Atli. Sá leikur sem situr hvað fastast í minninu er vitaskuld hinn dramatíski leikur gegn QPR árið 2012 þegar City tryggði sér titilinn með tveimur mörkum í uppbótartíma, þar af öðru á lokasekúndunum.

Jón Atli er bjartsýnn fyrir komandi tímabil, enda City ríkjandi meistari og hefur styrkt sig í sumar. „Ég held að tímabilið byrji rólega og það væri gott að kaupa framherja. En þessi hópur og þessi þjálfari geta unnið Englandsmeistaratitilinn aftur og verið mjög framarlega í Evrópu,“ segir hann. Það er einmitt meistaradeildartitillinn sem vantar í skápinn.





Harmageddonbræður, Frosti Logason og Máni Pétursson, eru tilbúnir í tímabilið.

## Tekur þrjú ár að vinna deildina

Það var ekki sigurleikur sem kveikti Leeds-bakteríuna hjá Þorkeli Mána Péturssyni útvarpsmanni, heldur tap. Nánar tiltekið hetjulegt 4-5 tap liðsins gegn þáverandi meisturum Liverpool fyrir 30 árum síðan.

„Ég ákvað að halda með Leeds í þessum leik til þess að pirra frænda minn. Ég varð síðan heillaður af attitjúdinu í þessu liði, þeir voru nýliðar í deildinni þarna,“ segir Máni. „Þegar menn byrja að kynna sér Leeds er ekkert aftur snúið.“

Leeds heillaði marga á síðasta tímabili með djörfum leik eftir að hafa dvalið í neðri deildunum í sextán ár. Máni man hins vegar eftir Leeds sem enskum meistara, árið 1992. „Það tók Leeds tvö ár að verða meistarar þegar þeir komu upp síðast. Ég verð nú seint sakaður um að vera sá bjartsýnasti en ég segi að það taki þá þrjú ár að vinna deildina núna,“ segir Máni.

Aðspurður um uppáhaldsleikmanninn nefnir Máni suður-afríska varnarmanninn Lucas Radebe. „Hann var svo tryggur félaginu og drap allan rasisma í borginni,“ segir hann.

„Árangurinn er alltaf annað hvort eða,“ segir Máni, um þetta tímabil sem er að hefjast. „Annað hvort fara þeir í Evrópubaráttu eða að þeir gera tímabilið mjög erfitt og stuðningsmennirnir verði með í maganum. Mér er alveg sama hverjir verða meistarar … svo lengi sem það er ekki Manchester United.“



Katrín hefur stutt Liverpool frá fimm ára aldri.

## Liverpool vinnur sinn tuttugasta titil

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra er einn þekktasti stuðningsmaður Liverpool á Íslandi. Hún hefur stutt liðið síðan hún var fimm ára gömul. „Þá sat ég með pabba á laugardögum og hlustaði á Bjarna Fel og hreifst af rauðu búningunum og markmanninum, Bruce Grobbelaar, sem mér fannst alveg geggjuð týpa,“ segir Katrín um þennan tíma.

„Það var enginn annar á heimilinu í þessu liði þannig að þetta var sjálfstæð ákvörðun,“ segir Katrín, um það val að styðja Liverpool. „Þetta byrjaði kannski fyrir alvöru 1984 þegar ég fór með pabba að sjá KR mæta Liverpool á Laugardalsvellinum, þar sem eitt sterkasta lið sem Liverpool hefur átt mætti til leiks. Leiknum lauk með jafntefli en þarna sá ég leikmenn eins og Kenny Dalglish, Ian Rush, Alan Hansen og Bruce Grobbelaar sem áttu eftir að sópa til sín bikurum. Að sjá þetta lið með berum augum var magnað og lengi vel átti ég úrklippu úr dagblaði með mynd af Liverpool.“

Katrín segir þennan leik einn þann minnisstæðasta auk 4-0 sigurs í undanúrslitum meistaradeildarinnar á Barcelona árið 2019. Liverpool hafði tapað fyrri leiknum 3-0 og komst því í úrslitaleikinn sem liðið vann.

Að velja sinn uppáhaldsleikmann segir Katrín eins og að velja milli barnanna sinna en skoski framherjinn Kenny Dalglish tróni á toppnum. Hann hafi bæði verið stórkostlegur leikmaður og áhrifamikill knattspyrnustjóri hjá liðinu. Framgangan eftir Hillsbrough-slysið árið 1989 hafi gert hann að goðsögn.

„Ég er auðvitað bjartsýn að eðlisfari eins og allir alvöru Púllarar og ég er viss um að liðið verður í baráttu um titilinn á þessu tímabili,“ segir Katrín um komandi tímabil. Hún hefur mikla trú á þjálfaranum Jürgen Klopp, hans stjórnunarstíl og viðhorfum til lífsins. Það er að taka sig ekki of hátíðlega, leggja hart að sér en gleyma ekki húmornum.

„Við vorum alveg einstaklega óheppin með meiðsli í fyrra þegar meistöll varnarlínan datt út stærstan hluta tímabilsins. En nú er bara að krossa fingur og vona að Klopp hafi styrkt þetta vel og leyfa sér að hlakka til tímabilsins,“ segir Katrín. „Liverpool er að fara að vinna sinn tuttugasta Englandsmeistaratitil. Lásuð það fyrst hér. YNWA.“



Einar elur barnabörnin Bjart Frey og Arabellu Sigrúnu vel upp.

## Stöðugleikann hefur vantað

Einar Hermannsson, formaður SÁÁ, byrjaði ekki að halda með Chelsea út af Eiði Smára Guðjohnsen eða peningum Romans. Það var ítalski galdrakarlinn Gianfranco Zola sem dró hann að fyrir kvartöld síðan.

Hugurinn þarf ekki að leita langt aftur til þess að finna minnisstæðasta leikinn, en það er úrslitaleikur meistaradeildarinnar í vor þegar Chelsea lagði Manchester City 1-0.

„Það sem ég sakna er stöðugleiki og ég vona að Thomas Tuchel fái frið til að byggja lið. Það hafa verið 10 þjálfarar á síðustu 10 árum," segir Einar. „Ég held að Chelsea endi að minnsta kosti í topp þremur í vetur og gæti vel unnið titilinn. Ef ekki þá tekur Liverpool þetta."

## United verða meistarar



Sema á Old Trafford árið 2011.

„Það er orðið erfiðara en áður að spá fyrir um boltann þar sem hinir ótrúlegustu hlutir gerast, en ég held að þetta verði gott tímabil fyrir okkur," segir Sema Erla Serdar, mannréttindafrömuður og aðdáandi Manchester United. „Ég bind miklar vonir við liðið í ár og sérstaklega við leikmenn eins og Rashford, innan vallar sem utan. 2022 verður árið sem bikarinn skilar sér aftur á Old Trafford eftir alltof langa fjarveru."

Sema hefur stutt rauðu djöflana frá því hún var barn og sjálf í boltanum. Hún segist ekki hafa haft neitt val á sínum tíma. Henni var einfaldlega kennt að halda með United.

„Minnisstæðasti leikurinn minn er án efa Manchester United gegn Chelsea sem ég sá ein á Old Trafford árið 2011. Ég bjó í Edinborg á þeim tíma og ferðaðist ein til Manchester til að fara á leikinn sem United vann og fór þar með í undanúrslit meistaradeildarinnar," segir hún. „Annars er úrslitaleikurinn í meistaradeildinni gegn Bayern München árið 1999 líka ógleymanlegur."

Hennar uppáhaldsleikmaður spilaði hins vegar aldrei fyrir United, en það er hinn portúgalski Luis Figo.



Sigfríð er ekki kölluð Arsenal-konan fyrir ekki neitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Vont að komast ekki á völlinn

Akureyringurinn Sigfríð Ingólfsdóttir er óneitanlega einn mesti aðdáandi Arsenal á Íslandi enda stundum kölluð Arsenal-konan. Hún hefur stutt liðið í fjörutíu ár og séð það lyfta ófáum dollum. „Mér fannst þetta fallegasta nafnið sem var til í enskunni," segir Sigfríð, aðspurð um hvers vegna hún hafi valið Arsenal.

Bukayo Saka er hennar maður í liðinu núna en Thierry Henry sá besti allra tíma. Hún sér ennþá eftir þjálfaranum Arsene Wenger sem fór árið 2018. Sigfríð hefur yfirleitt farið tvisvar til þrisvar á ári til Englands til að sjá Arsenal spila. „Nú er allt stopp," segir hún.

„Þetta tímabil verður ekki nógu gott. Þeir kaupa enga almennilega menn og létu besta markmanninn fara," segir Sigfríð. „Þeir enda í 6. eða 7. sæti. Ég held að United taki þetta núna."



Gísli hefur alltaf verið hrifinn af þeim bolta sem Tottenham spilar, ef frá eru talin Mourinho-árin.

## Vill Kane til Grindavíkur

Sjónvarpsmaðurinn Gísli Einarsson hefur stutt Tottenham Hotspur síðan á áttunda áratug síðustu aldar. „Ég varð að finna mér annað lið en Liverpool og Arsenal því það var svo mikið af leiðinlegum mönnum sem héldu með þeim," segir Gísli. „Ég íhugaði að halda með Norwich út af Justin Fashanu og Úlfunum af því að þeir voru með svo flott nafn. En endaði hjá Tottenham af því að þeir spiluðu svo flottan bolta. Það hafa þeir gert alla tíð síðan ef undanskilið er þetta tímabil undir Mourinho."

Gísli rifjar upp marga góða Tottenham-leikmenn eins og Ossie Ardiles og Glenn Hoddle. Á toppnum trónir hins vegar hinn rauðbirkni skoski framherji Steve Archibald. Archibald spilaði einmitt í minnisstæðasta leik Gísla, endurteknum bikarúrslitaleik árið 1981 gegn Manchester City sem endaði 3-2 fyrir Spurs. „Í ljósi þess sem seinna gerðist er sætt að muna eftir sigri gegn City," segir Gísli.

Eins og vanalega byggjast upp miklar væntingar fyrir tímabilið en Gísli segist reyna að stilla þeim í hóf. Hann segist geta verið býsna sáttur með 6. sætið og spáir hann Chelsea titlinum í ár. Helsta spurningin varðandi Tottenham er hvar framherjinn Harry Kane muni spila á tímabilinu. „Vonandi verður hann bara hjá Grindvíkingum," segir Gísli með þjósti.



Þórður er sennilega sá eini sem á Phil Neville-treyju.

## Þrettán ára með teppi yfir hausnum

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, var ekki nema smágutti árið 1985 þegar hann heillaðist af Everton. Þá voru liðið Englandsmeistari, með kempur eins og Peter Reid, Trevor Steven og Neville Southall innanborðs. Hinn skoski Duncan Ferguson, sem lék síðar með liðinu, er þó í mestu uppáhaldi.

Í nokkur skipti hefur Everton daðrað við fallið. Þórður man hvað best eftir leik árið 1994 þegar Everton lenti 0-2 undir gegn Wimbledon, en vann 3-2 og bjargaði sér ævintýralega frá falli. „Það var mjög flókið og taugatrekkjandi að vera þrettán ára harður stuðningsmaður með falldrauginn hangandi yfir sér," segir Þórður. „Ég horfði á leikinn í 14 tommu fermingarsjónvarpi og var eiginlega allan leikinn með teppi yfir hausnum."

Everton hefur siglt lygnari sjó síðari ár, en sjaldan blandað sér í toppbaráttuna. Í eitt skipti komst það í meistaradeildina en datt þá út í undankeppninni. „Þetta er saga Everton í hnotskurn. Eitt skref áfram en tvö aftur á bak," segir Þórður.

„Ég sé mjög svipaða stöðu á þessu tímabili og því síðasta," segir Þórður, en þá hafnaði liðið í 10. sæti og býst hann við sigri City enn á ný. „Sá bolti sem Everton spilaði undir lok síðasta tímabils var einhver sá versti sem ég hef séð. Nýir leikmenn fá blóðið ekki til að renna og mjög blendnar tilfinningar að sjá Rafa Benitez taka við liðinu."

Aðspurður segir Þórður helst rígninn við Liverpool skipta mestu máli. „Þegar þú heldur með liði sem vinnur aldrei neitt, áttu aðeins tvennt. Annars vegar þórðargleðina þegar Liverpool gengur illa og hins vegar tálvon um að hlutirnir verði einhvern tímann betri. Annars væri þetta óbærilegt."

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

**Atli S. Sigvarðsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

**Ómar Hvanndal**
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

**Barbara R. Bergþórs**
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

**Ásgrímur Ásmunds**
hdl. & lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

**Þröstur Þórhallsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



**Þóroddur S. Skapta**
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

**Jason Kr. Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

**Axel Axelsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

**Óskar H. Bjarnasen**
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

**Kjartan Í. Guðmunds**
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

**Friðrik Þ. Stefáns**
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

**Friðjón Ö. Magnúss.**
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

**Óskar S. Axelsson**
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

**Ingi Þór Ingólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

**Ragnheiður Péturs**
hdl. og löggiltur
fasteignasali

## Vesturgata 12A

**220 Hafnarfjörður**

### Fallegt og vel skipulagt 190 fm, 6 herbergja parhús á þremur hæðum

- Eldhús, borðstofa, stofa, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús og tvær búrgeymslur
- Heimild er fyrir byggingu 15 fm geymsluskúrs á lóðinni
- Eignin er vel staðsett á Norðurbakkanum í Hafnarfirði

Verð: **99,9 millj.**




Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is




## Vatnsstígur 20

**101 Reykjavík**

### Glæsilega útsýnisíbúð á besta stað í Skugga með yfirbyggðum svölum

- Sérlega vönduð og vel skipulögð 98 fm íbúð með rúmgóðu svefnherbergi og glæsilegu alrými þar sem sjávarútsýni er einstakt.
- Stæði í bílakallara fylgir ásamt geymslu

Nánari upplýsingar:
**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 3090**
elin@miklaborg.is

Verð: **78,9 millj.**




## Ljósheimar 6

**104 Reyjavík**

### Þakíbúð á 9. hæð í góðu fjölbýli með lyftu,

- Þaksvalir 45,5 fm
- Fjölbreyttir möguleikar á breytingum og hafa tillögur verið teiknaðar af innanhúsarkitekt.
- Nú eru 2 svefnherbergi, stofa og borðstofa í opnu rými með einstöku útsýni til allra átta, eldhús og bað.
- Á gangi fyrir framan inngang er þriðja svefnherbergið, 12,3 fm og sér snyrting (án sturtu)
- Laus við kaupsamning.

Nánari upplýsingar:
**Elín Alfreðsdóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 3090**
elin@miklaborg.is

Verð: **68,5 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**



Faðir minn,

**Ingimundur Konráðsson**

lést þann 30. 7. sl.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Jakob Ingimundarson**



Föðursystir okkar og mágkona,

**Sigrún Jónsdóttir**

Hraunvangi 7,
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést 28. júlí sl. Útför Sigrúnar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sólveig Kristjánsdóttir**
**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Kristján Rúnar Kristjánsson**
**Stella Á. Kristjánsdóttir**
**Ragnar Frank Kristjánsson**
**Ásdís G. Konráðsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristmundur Elí Jónsson**

verslunarmaður,

sem lést 31. júlí sl.,
verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni
í Reykjavík 16. ágúst kl. 13.00.

**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir** **Friðrik Sophusson**
**Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir**
**Guðrún Björk Kristmundsdóttir** **Jónas Björn Björnsson**
**Júlía Kristmundsdóttir** **Sanford Mahr**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn













Jón G. Bjarnason útfararstjóri
Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri
Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri
Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Hjörleifur við bæinn á Hallormsstað sem afi hans og amma byggðu 1884 og hann fæddist í haustið 1935. Húsið er friðað en er bústaður skógarvarðar. Viðbygging er frá 1928. MYND/ANNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR

# Gamalli sögu gerð ný skil

**Sett hafa verið upp fróðleiksskilti um Valþjófsstað í Fljótsdal í snoturri umgjörð rétt við kirkjuna. Það sögusvið verður formlega opnað á morgun. Hjörleifur Guttormsson átti hugmyndina.**

gun@frettabladid.is

„Valþjófsstaður á sér langa sögu sem kirkjustaður og höfuðból. Á henni er stiklað í máli og myndum innan haganlegs ramma. Við köllum þetta sögusvið,“ segir Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi ráðherra, um reit sem vígður verður við Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal klukkan 14 á morgun.

Hjörleifur er upphafsmaður að framkvæmdinni og kveðst hafa fengið hugmyndina fyrir fjórum árum, síðan hafi verkefninu þokað áfram með góðra manna aðstoð. Hann nefnir sérstaklega Guðmund Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóra Kirkjugarðssjóðs, í því sambandi.

**Staðurinn færður til**

Hjörleifur er fæddur á Hallormsstað. Hann þekkir því Valþjófsstað frá æskuárum og er mikið búinn að lesa síðan og skrifa. „Það eru víða til heimildir um Valþjófsstað í söguritum og skjölum sóknarnefnda,“ segir hann. „Staðurinn var áður uppi undir fjallinu. Þar var byggð kirkja í kringum 1200 sem stóð í um 550 ár, til 1743. Fyrir henni var Valþjófsstaðarhurðin sem varðveitt er á Þjóðminjasafninu. Staðurinn er þekktastur fyrir hana. Hún lenti í Kaupmannahöfn um tíma en var gefin til baka til Íslands. Innri hurð kirkjunnar sem nú er á Valþjófsstað er endurgerð af henni, prýðilega skorin út af Halldóri Sigurðssyni á Miðhúsum.“



Umgjörðin er traust fyrir þá sögu sem hér er sett á svið.

Prestsbústaðurinn upp við fjallið var merkilegur skáli, hár og mikið útskorinn, að sögn Hjörleifs. „Andspænis honum stóð gamla stafkirkjan og tvær á eftir henni, þar til 1888 að reist var ný kirkja niðri á grundunum, um 200 metra frá þeirri gömlu. Það sem mér hefur þótt undarlegast er að kirkjugarðurinn var lagður niður og sléttaður. Hans sér engin merki nú, heldur er þar eins og hver annar bithagi. Ég lét fara með jarðsjá yfir garðinn til að átta mig á stærð hans,“ lýsir Hjörleifur. „Út úr þeim rannsóknum þróaðist sú hugsun að gera yfirlit yfir söguna fyrir gesti sem heimsækja Valþjófsstað.“

**Skírður eftir presti frá 18. öld**

Hjörleifur trúir mér fyrir því í lokin að hann heiti eftir presti sem sat staðinn í meira en hálfa öld. „Sá hét Hjörleifur Þórðarson og dó 1786, en var prestur í 69 ár, fyrst í sinni fæðingarsveit, Álftafirði, síðan á Hallormsstað og svo Valþjófsstað. Hann var seigur, ágætt skáld og eftir hann liggja rímur og sálmar. Svo þýddi hann alla passíusálmana á latínu, sem var alþjóðamál þess tíma, og fékk þá útgefna í Kaupmannahöfn 1785, ári áður en hann dó. Eintak er varðveitt á Landsbókasafni og ég á bókina ljósritaða.“ ■



Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir og amma,

**Lilja Guðnadóttir**

nudd- og snyrtifræðingur,

lést á heimili sínu þann 5. ágúst sl.
Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk.
Blóm og kransar afþakkaðir, en
útfararsjóður hefur verið stofnaður og munu
allar aukakrónur renna til styrktarsjóðs Ljóssins.
Reikningsnúmer: 0370-26-027341 og kt. 070989-2479.
Aðstandendur senda hjartans þakkir til starfsmanna
Heru heimahjúkrunarþjónustu, krabbameinsdeildar LSH
og Ljóssins.

**Karen Sif Óskarsdóttir** **Birgir Jakob Hansen**
**Sandra Óskarsdóttir** **Ellen Björg Björnsdóttir**
**Evita Dögg Liljudóttir** **Björn Birgisson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hlöðver Hallgrímsson**

Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 4. ágúst
á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi,
Hafnarfirði. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 19. ágúst kl. 13.
Athöfninni verður einnig streymt á
https://www.facebook.com/groups/hlodver

**Guðrún Númadóttir**
**Ásdís Hlöðversdóttir**
**Sædís Hlöðversdóttir** **Eggert Karvelsson**
**Díana Hlöðversdóttir**
**Sóley Ólöf Hlöðversdóttir** **Heiðar Jóhannsson**
**Bjarney Kristín Hlöðversdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Þetta gerðist:** 14. ágúst 1942

# Þýsk sprengjuflugvél skotin niður

Þann 14. ágúst 1942 kom vél fram á ratsjá breska hersins í Vík sem var í fyrstu talin vinveitt. Þegar hún fylgdi ekki venjulegri aðflugsstefnu vaknaði grunur um að um óvinveitta vél væri að ræða og fljótlega kom í ljós að vélin væri þýsk FW-200 Condor sprengjuvél sem var á ellefta tímanum á norðurleið sunnan við Grindavík.

Til að svara ógninni stökk bandaríski majórinn John W. Weltman upp í P-38 Lightning vél sína og tveir aðrir bandarískir flugmenn sem voru þegar á flugi sneru för sinni við. Weltman kom fyrstur auga á vélina og hóf skothríð sem Þjóðverjarnir svöruðu, og skömmu síðar blönduðu hinir bandarísku flugmennirnir sér í leikinn. Condor-vélin sprakk eftir að skot hæfði hana í sprengjuhólfið og fórust allir um borð. Þetta er talinn fyrsti sigur bandaríska lofthersins í Evrópu í seinni heimsstyrjöldinni. ■



---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Sigrún Helgadóttir**

Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 8. ágúst. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, þriðjudaginn 24. ágúst kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Innilegar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Helena Rafnsdóttir** — **Vilberg Jóhann Þorvaldsson**
**Helgi Ingólfur Rafnsson** — **Þórdís Árný Sigurjónsdóttir**
**Ólöf Elín Rafnsdóttir** — **Róbert Jóhann Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Yndislega móðir okkar, dóttir, systir, frænka og vinkona,

**Unnur Guðrún Rögnvaldsdóttir**

Laugarvegi 37,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Siglufirði, þann 10. ágúst sl. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju, laugardaginn 21. ágúst nk. klukkan 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Unnar Guðrúnar er bent á söfnunarreikning nr. 348-13-000017, kt. 110557-5669, til styrktar börnum hennar. Athöfninni verður streymt í gegnum hlekkinn:
https://youtu.be/iSGED9sHye8

**Hilmir Darri Kristinsson** — **Auður Anna Kristinsdóttir**
**Auður B. Erlendsdóttir** — **Rögnvaldur G. Gottskálksson**
**Aðalheiður Rögnvaldsdóttir** — **Guðjón H. Sigurbjörnsson**
**Lárey Lind Guðjónsdóttir** — **Magnea Mist Guðjónsdóttir**
**Kristinn Kristjánsson** — **Arnór Gauti Kristinsson**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Bergþóra Bachmann Friðgeirsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 10. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 24. ágúst klukkan 13.00.

**Baldur Magnús Stefánsson**
**Stefán Rúnar Baldursson**
**Friðgeir Magni Baldursson** — **Björg Pétursdóttir**
**Egill Brynjar Baldursson** — **Halla Arnar**
**Eyrún Þóra Baldursd. Bachmann**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

---



Ástkær pabbi okkar, sonur og bróðir,

**Páll Hlöðver Kristjánsson**

Snægili 6, Akureyri,

lést miðvikudaginn 11. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, miðvikudaginn 18. ágúst kl. 13.00.

**Sigmar Pálsson** — **Bergþóra Hrund Bergþórsdóttir**
**Inga Rakel Pálsdóttir** — **Kató Birnir Hauksson**
**Kristján Jósefsson** — **Anna Kristinsdóttir**
**Kristján Víðir Kristjánsson**
**Kristín Kristjánsdóttir** — **Ólafur E. Rúnarsson**

---



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, stjúpmóður, ömmu og langömmu,

**Katrínar Jónsdóttur**

Árskógum 6, Reykjavík.

**Eyrún Magnúsdóttir**
**Andrés Magnússon** — **Áslaug Gunnarsdóttir**
**Jón Magnússon** — **Guðrún Bergþórsdóttir**
**Ásmundur Magnússon** — **Ásdís Þrá Höskuldsdóttir**
**Steinunn S. Magnúsdóttir** — **Jesper Madsen**
**Sæmundur Þ. Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Erik Bo Eiríksson**

lést á heimili sínu í Danmörku mánudaginn 9. 8. sl. eftir langvarandi baráttu við krabbamein. Útförin fer fram miðvikudaginn 18. 8. kl. 14.00 frá Hals kirkju.

**Tove Andersen**
**Lars Bo Eiríksson** — **Sophie Heidemann**
**Alex Örn Eiríksson**
**Racel Eiríksson** — **Oddur Garðarsson**
**Svea og Nana**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Aðalsteinsson**

lést laugardaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, miðvikudaginn 18. ágúst klukkan 15. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/EKeP7EGkubQ. Einnig má nálgast slóð á mbl.is/andlat á útfarardaginn.

**Steinunn Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Guðmundsson** — **Ásta S. Aðalsteinsdóttir**
**Birgir Örn Guðmundsson**
**Gunnlaug Guðmundsdóttir**
**Guðm. Gylfi Guðmundsson** — **Helga Aspelund**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær bróðir, mágur og frændi okkar,

**Óskar Helgi S. Margeirsson**

áður til heimilis að Brávallagötu 26,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni hinn 17. ágúst kl. 15.00. Útförinni verður einnig streymt. Hlekk á streymið má finna á mbl.is/andlat

**Guðjón Margeirsson** — **Margrét Jónsdóttir**
**Jóhanna Jónasdóttir og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Einar Helgi Haraldsson**

bóndi, Urriðafossi, Lyngmóa 9, Selfossi,

lést á Landspítalanum, Hringbraut, 4. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 18. ágúst kl. 13. Vegna samkomutakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir og verður þeim boðið til athafnarinnar. Streymt verður frá athöfninni á www. selfosskirkja.is

**Lilja Böðvarsdóttir**
**Haraldur Einarsson** — **Birna Harðardóttir**
**Hanna Einarsdóttir** — **Dagur Arngrímsson**
**Arnar Einarsson** — **Emilía Björg Atladóttir**
**Dagur Fannar Einarsson**
**Daði Kolviður Einarsson**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg systir mín og föðursystir okkar,

**Kristín Gísladóttir**

frá Litla-Lambhaga, Hvalfjarðarsveit,

áður til heimilis að Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík, lést að hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 7. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu 18. ágúst kl. 11.

**Snæbjörn Gíslason**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Ármann Sigurðsson**
**Sigurjón Sigurðsson**
**Þóra Gísladóttir**
**Gísli Gíslason**
**Björgvin Ómar Gíslason**

---



Hjartkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Ingibjörg Björnsdóttir**

Kópavogsbraut 1b,

lést á líknardeild Landspítalans á 85 ára afmælisdaginn sinn, 6. ágúst 2021. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 18. ágúst kl. 13. Streymt verður frá athöfninni, hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlát.

**Halldóra Viðarsdóttir** — **Jóhann Úlfarsson**
**Kristín Ingu Viðarsdóttir** — **Timothy Hercules Spanos**
**Björn Leví Viðarsson**
**Einar Ingi Magnússon** — **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Sigrún Magnúsdóttir** — **Jón Helgason**
**Ása Magnúsdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir**
**Guðmundur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Ingibjörg Kristmannsdóttir**

frá Brekkuholti, Stokkseyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum laugardaginn 7. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju mánudaginn 16. ágúst kl. 14.00.

**Þorgerður Lára Guðfinnsdóttir**
**Kristmann Guðfinnsson** — **Katrín Guðmundsdóttir**
**Oddgeir Bjarni Guðfinnsson** — **Björk Stefánsdóttir**
**Guðríður Guðfinnsdóttir** — **Sigurður Guðjónsson**
**Guðrún Guðfinnsdóttir** — **Guðmundur Guðlaugsson**
**og fjölskyldur.**

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI —

NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.*
Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir.
Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

**Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is**

44%
**18-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%
**35-65 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%
**55-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

## Veðurspá Laugardagur



Í dag verður norðvestan 8-13 m/s með suðurströndinni, annars yfirleitt hæg norðlæg átt. Hætt við lítils háttar vætu norðaustan og austan til, annars þurrt og yfirleitt bjart veður sunnan- og vestanlands. Hiti 10-22 stig, hlýjast á Suðausturlandi. ■

| | Sunnudagur | Mánudagur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 / 4 | 14 / 2 |
| Ísafjörður | 12 / 5 | 14 / 2 |
| Akureyri | 15 / 2 | 14 / 1 |
| Egilsstaðir | 12 / 2 | 15 / 1 |
| Kirkjubæjarklaustur | 14 / 2 | 16 / 2 |

## Kólnaði á Vopnafirði?



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
vedur
@frettabladid.is

Sú var tíðin að veðurfréttir í útvarpi þóttu einar af mikilvægustu fréttunum. Þá þótti það afar gott fyrir þorp og bæi að á þá væri minnst við upptalningu á hitameti dagsins. Þannig gátu slíkir bæir orðið heimsfrægir á Íslandi. Daglega var hitahámarkið lesið á gufunni: „Mestur hiti á landinu í dag var ... 22°C. Er mér minnisstæð upphringing frá manni frá ónefndu þorpi sem vildi endilega fá opinberan hitamæli í þorpið sitt. Og ég spurði af hverju? „Jú ég vil að það sé minnst á þorpið mitt í útvarpinu. Hitamet dagsins yrðu oft hér.“

Einn er sá staður sem oft rataði á toppinn í útvarpslestrinum þegar kom að hitameti dagsins en það var Vopnafjörður. „Mestur hiti á landinu í dag var á Vopnafirði 21,5°C“. Og þá æddu ferðalangar þangað í leit að sól og hita. Síðan gerðist það að Vopnafjörður rataði æ sjaldnar á hitatoppinn sem lesinn var í útvarpinu, við lítinn fögnuð bæjarbúa. Jú, það var nefnilega þannig að hitamælirinn var fluttur, úr þorpinu og inn á Skjaldþingsstaði sem er rétt hjá. Við þennan flutning virtist sem snarkólnað hafi á Vopnafirði ef marka má hve sjaldan Vopnafjörður rataði í útvarpið.

Nú er hætt að lesa upp þetta hámark dagsins á gömlu gufunni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist ryðvörn (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 19. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „14. ágúst“. ■

Lausnarorð síðustu viku var
**RIFSBERJAHLAUP**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur. ■

**LÁRÉTT**
**1** Lést veiðiferðina yfir þig ganga út af baktjaldamakkinu (13)
**11** Fæ aðstoð frá ríki hinna dauðu eftir skúrinn (8)
**12** Loðnan rann frá mér, sagði veiðimaðurinn mikli (9)
**13** Felli fínt fólk við þjóðbraut (7)
**14** Höfuðfat við háan klett/hamrar bolann seigan (9)
**15** Held ég aki ull einhvern veginn að -273 (6)
**16** Það var hreyfing á bobbum þegar við æfðum bobb (7)
**17** Sportið felst í fönkinu (7)
**18** Hætti að sinna afa þótt hann sé í akfæri (6)
**20** Hef þrek á við þúsund hressar sálir (7)
**22** Vondar vilja áflog við þessa skruggu (10)
**26** Nýtur virðingar í dag sem fyrr að breyttu breytanda (6)
**29** Róttækast er að gera stuðara úr því sem næst er grunnlitunum (7)
**30** Krækti nögl í lok á dollu (8)
**32** Sáum fólk í rauðu og bláu (5)
**33** Samningur um atorku varð mér að miklu áhugaefni (9)
**36** Ég ramba hvorki á mörk né aðra menn (8)
**37** Ferðast eins og fylleríleyfa (5)
**38** Fluga eykur leti furðu lostinna manna (7)
**39** Einstök listakona sem málar bara bláar myndir (8)
**41** Dvöl mín á þessu dægri flesta daga (7)
**43** Ætli þú berir þetta einhvern veginn á milli í þessu mistri? (6)
**44** Hér er sveit karla Ármanns konungs (9)
**45** Má ekki einfalda þetta og hætta svo bara? (5)
**46** Kaupi snúð fyrir leti-legt lindýr (6)
**47** Mæli með lágvaxnari iðnaðarmönnum á nettari nótum (11)
**48** Mér sýnist kauði hafa stækkað við sig (5)
**49** Að tengja afrennsli við innyfli þykir óhæfa (6)

**LÓÐRÉTT**
**1** Pantar ferð frá Íslandi án þess að fletta nokkru upp (9)
**2** Leita að plöntu með dára úr Dölunum (9)
**3** Frægt er flakk Snata og Sáms um æskuslóðir Rolling Stones (9)
**4** Skil áhyggjur einstaklings vegna þessa friðarspillis (9)
**5** Guðrún ætlar að grilla, hvað sem einhver áletrun segir (9)
**6** Athugasemd um súð þar sem voðin er vís og stór (8)
**7** Reistum vegg fyrir gróðann af viðhaldi annars (12)
**8** Afrek þessa amatörs heldur manni hugföngnum (10)
**9** Hlý hreinsar saur og gerir mannýga mjúka (7)
**10** Merkisgripur þessi hleri sem dreginn var fram við fundarslit (7)
**19** Alltaf munu atléti mitt og afkvæmi ráða mínum ferli (9)
**21** Fljót að ná dýrunum upp úr drögunum (9)
**23** Gefið grænt ljós á aldur og Eir (12)
**24** Að skrifa bækur er mikil kúnst (7)
**25** Virðast færar um flest enda fluttar af Ilmi og Hilmi (7)
**27** Frakkar forms eru aðeins lýti á yfirborðinu (12)
**28** Skeiðaskrár koma út ársfjórðungslega (7)
**31** Panta sæti handa hernum sem vill ekki fara (10)
**34** Kastmálmur dugar í stýrin (7)
**35** Dröslið þessum drýslum í róðurinn (9)
**40** Stundum er stutt frá töku að missi (6)
**42** Færi stiga í miðstöðina (6)
**43** Ruglaði eitthvað um gasið og för (5)
**46** Minnist óms sem læddist öfugur oní mig (3)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

## ÞVINGUN Í LÁGLITUNUM

Búið er að draga í þriðju umferð bikarkeppni BSÍ. Viðureignirnar eru: Jósep smiður - Lögfræðistofa Íslands, Hermann Friðriksson - Rúnar Einarsson, Málning – Doktorinn og Frímann - J.E. Skjanni. Magnús Sverrisson og Halldór Þorvaldsson eru langefstir í bronsstigaskorun Sumarbridge. Þegar þessi orð eru skrifuð, eru þeir með 326 stig, hátt í 200 stigum meira en næsta par (172, Hermann Friðriksson). Þeir fengu 20 stig af 24 mögulegum í þessu spili í Sumarbridge 4. ágúst. Austur var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ Á762
♥ G9862
♦ K
♣ 763

**Vestur**
♠ KDG103
♥ 53
♦ 43
♣ ÁD102

**Austur**
♠ 98
♥ AD7
♦ D98762
♣ 85

**Suður**
♠ 54
♥ K104
♦ ÁG105
♣ KG94

Magnús opnaði á veikum tveimur tíglum á austurhöndina og Halldór sagði tvo spaða (ekki kröfusögn) á vesturhöndina og lauk þar sögnum. Norður spilaði út hjartatvisti og suður drap drottningu á kóng. Hann spilaði spaða til baka og Halldór spilaði hjarta á ás og svínaði lauftíu. Næst kom tígull. Norður, inni á kóng, spilaði hjarta sem var trompað og Halldór spilaði trompunum í botn. Suður var þvingaður í láglitunum. Færi hann niður á ásinn blankan í tígli væri tígli spilað og áttundi slagurinn kæmi á endurtekna laufsvíningu. Ef suður henti laufi, gæti sagnhafi tekið laufás, spilað laufi og fengið áttunda slaginn á tíguldrottningu. ■

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Yfir hálfan hnöttinn eftir Ásu Marin** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Elín Sigurbjörg Jónsdóttir, Akureyri.**






40%

**Borvél 20V**
2 stk., 2.0Ah rafhlöður.
5170721

**25.497 kr**
~~42.495 kr~~

21%




NEO TOOLS

**Verkfæravagn**
Þrjár hillur á hjólum, stærð: 630x390x 810 mm, hver hilla ber 120 kg. 5024490

**14.995 kr**
~~18.995 kr~~

30%

BLACK+DECKER



**Sláttuvél**
2x18V, sláttu-breidd 33 cm, 5 hæðastillingar 25-65 mm, 35 ltr., safnari, rafhlöður og hleðslutæki seld sér.
5082935

**25.897 kr**
~~36.995 kr~~

Ný sending af pallaefni



25%



GROHE

**Handlaugartæki**
Essence New Etgreb, svart. 7911087

**31.790 kr**
~~42.415 kr~~

32%



FERRO

**Eldhústæki**
Ferro Zumba. 7810100

**11.990 kr**
~~17.635 kr~~

cozze®



**Pizzaofn**
Með breiðu opi og bökunarsteini. Auðveldur í notkun og nóg pláss fyrir pizzur allt að Ø34 cm. Þrýstijafnari er ekki innifalinn.
3002400

**49.990 kr**

**NÝTT**
Eldaðu þína eigin pizzu á aðeins 2 mínútum



GROHE

**25% afsláttur**
Grohe blöndunartæki



30%

LAUFEN

**Veggskál + seta**
7920021

**43.990 kr**
~~62.855 kr~~



28%

**Garðsett**
Hraun W12048
3899573

**28.990 kr**
~~39.990 kr~~

**Fallegt garðsett**
2 stólar, tveggja sæta sófi og borð



**Nilfisk**
**20% afsláttur**
Nilfisk háþrýstidælur




**20% afsláttur**
LADY innimálning




JOTUN

**20% afsláttur**
Pallaolía og pallahreinsir




JOTUN

**20% afsláttur**
Jotun útimálning

# Pottaplöntuveisla 20-50% afsláttur



26%

**Orkidea**
12 cm pottur.
11325000

**1.990 kr**
~~2.690 kr~~



26%

**Sómakólfur**
12 cm pottur.
11328264

**1.990 kr**
~~2.690 kr~~



33%

**Monstera**
13 cm pottur.
11328481

**1.990 kr**
~~2.990 kr~~



50%

**Benjamín-fíkus**
11,5 cm pottur.
11328329

**990 kr**
~~1.990 kr~~



21%

**Gúmmítré**
17 cm pottur.
11328329

**2.990 kr**
~~3.790 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


28%
Hausterikur
3 stk.
3 stk. að eigin vali.
1.299 kr
~~1.797 kr~~
Hausterikur 1 stk. 599 kr
19%
Electrolux
Þvottavél
EW6S427W
1200 sn., 7 kg,
LCD skjár
58-77 dB.
1805436
64.990 kr
~~79.990 kr~~
12%
Electrolux
Þurrkari,
EW2C327R1
Tekur 7 kg, orku-
flokkur B, stærð
85x59,6x57 cm,
67dB, tromla
104 ltr. 1835643
69.990 kr
~~79.990 kr~~
12%
OUTBACK
Gasgrill Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, 3 ryðfríir
brennarar og hliðarbrennari. 3000390
34.990 kr
~~42.495 kr~~
15%
Broil King
Gasgrill GEM 310
Grillflötur: 52 x 33 cm, 3 brennarar,
hliðarborð, afköst 6,9 kW. 3000613
42.495 kr
~~49.995 kr~~
blómaval
HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG
HÚSASMIÐJU
DAGAR
RISA vefblað á husa.is



Verkið Illuminated Poem frá árinu 2019.

# Listaverkagjöf Sigurðar

kolbrunb@frettabladid.is

Ars longa, nýstofnuðu alþjóðlegu samtímalistasafni staðsettu á Djúpavogi, hefur borist listaverkagjöf tuttugu og sjö listaverka eftir myndlistarmanninn Sigurð Guðmundsson. Öll verkin má finna á sýningu Sigurðar, Alheimurinn er ljóð, sem opnuð var í Bræðslunni á Djúpavogi 10. júlí, en henni lýkur nú á sunnudag. Sýningin er sú síðasta sem haldin er í Bræðslunni, eftir átta ára samfellt sýningahald.

Verkin sem tilheyra listaverkagjöf Sigurðar spanna meira en 50 ára tímabil af ferli hans. Samanlagt verðmat verkanna er rúmar 125 milljónir króna. Ars longa samtímalistasafn hefur því eignast stærstu safneign af verkum Sigurðar á landsvísu og mörg þeirra talin lykilverk í ferli listamannsins. Aðeins Stedelijk Museum í Amsterdam sem á fimmtíu og sjö verk eftir hann, á stærri safneign af verkum Sigurðar.

» Samanlagt verðmat verkanna er rúmar 125 milljónir króna.

Sigurður Guðmundsson, sem er ásamt Þór Vigfússyni stofnandi hins nýja safns, segist vona að innan fárra ára verði þessi safneign orðin lítil innan um ný aðföng af listaverkum eftir samtímalistamenn, jafnt erlendra sem íslenskra listamanna. Listaverkagjöfin verður flutt að lokinni sýningu í ný húsakynni Ars longa sem mun verða við voginn á Djúpavogi. ■

# Þá mun ég gleðjast og gráta

TÓNLIST

## Klassískir tónleikar

★★★☆☆

**Verk eftir Schumann, Schubert og Brahms**
**Flytjendur:** Harpa Ósk Björnsdóttir, Jara Hilmarsdóttir, Romain Þór Denuit og Símon Karl Sigurðarson Melsteð
**Kaldalón í Hörpu**
miðvikudaginn 11. ágúst

Jónas Sen



Flytjendur á tónleikunum voru allt langt komnir nemendur.

Einu sinni á tónleikum í fínni veislu þar sem ráðherra var meðal gesta gerðist neyðarlegur atburður. Undirleikaranum mistókst að fletta nótnablaði, sem flaug upp í loft og hafnaði svo á gólfinu. Hann kunni ekki lagið utan að og gerði það sem má alls ekki, stoppaði í miðju kafi. Það næsta sem veislugestirnir sáu var afturendinn á honum þegar hann reyndi að veiða nótnablaðið undan píanóinu.

Á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á miðvikudagskvöldið voru flettingarnar hins vegar pottþéttar. Nýjustu tækni var beitt, flettarinn sat í horninu á sviðinu og stjórnaði spjaldtölvu píanóleikarans þaðan. Enginn þurfti að elta nótnablöð um sviðið.

Á dagskránni var aðallega tónlist eftir Robert Schumann, en í lokin var þó flutt verk eftir Franz Schubert. Flytjendur voru allir langt komnir nemendur, þau Harpa Ósk Björnsdóttir sópran, Jara Hilmarsdóttir mezzósópran, Romain Þór Denuit píanóleikari og Símon Karl Sigurðarson Melsteð klarínettuleikari.

### Ólgandi og full af lífi

Tónleikarnir báru yfirskriftina Þá mun ég gleðjast og gráta. Meðal annars voru Fantasiestücke op. 73 eftir Schumann á dagskránni, fyrir klarínettu og píanó. Tónlistin var ólgandi og full af lífi, tilfinningarnar ávallt miklar. Schumann þjáðist af geðhvarfasýki og samdi flest verka sinna í geðhæð. Túlkunin hér var sannfærandi, hún var hömlulaus, akkúrat eins og hún átti að vera. Laglínurnar voru fagrar og flæðandi, hástemmdar og innilegar. Tæknilegar hliðar voru fínar, samspilið nákvæmt og gott jafnvægi á milli hljóðfæranna.

Jara stóð sig líka sig vel. Hún söng sex lög úr Ást og ævi konu eftir Schumann. Söngurinn var vandaður og samkvæmt bókinni, en engu að síður var hann dálítið nemendalegur. Jara hefur ekki náð fullum þroska sem listakona, túlkun hennar var of varfærnisleg og meðvituð. En ég minni á að hún er enn að læra og hefur auðheyrilega mikla hæfileika.

### Mögnuð röðd

Harpa sýndi meiri tilþrif í Hirðinum á hamrinum eftir Schubert. Röddin hennar er mögnuð, alls konar stökk upp og niður tónstigann voru glæsileg. Hver einasti tónn var mótaður af kostgæfni. Hröð tónahlaup voru meitluð, jöfn og tær. Raddhljómurinn virkaði þó ögn harður; söngkonan á enn eftir að klæða röðd sína silki, en hún er greinilega bráðefnileg.

Söngkonurnar tvær sungu þrjú lög úr Spænskum söngvaleik eftir Schumann og gerðu það ágætlega. Heildarmyndin var engu að síður nokkuð flöt, það vantaði leikinn í túlkunina. Minnist maður orða tónskáldsins um píanóleik: „Sá sem ekki leikur við píanóið, leikur ekki á það.“ Sama má segja um sönginn. Ef leikurinn er ekki fyrir hendi gerist fátt og svo var því miður hér. Helst var það í aukalagi eftir Brahms, um kappsamar systur, sem samsöngurinn náði flugi. Þar var hann svo sannarlega gneistandi og snarpur. ■

**NIÐURSTAÐA:** Ágætur söngur og hljóðfæraleikur, skemmtileg tónlist.





Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl

**Porsche Panamera 4 E-Hybrid**




Hér er dásamleg bifreið á ferð, allt í senn sportlegur ogelegant! heil-leðraður, næs! Sportpústkerfi með svörtum stútum,hiti í fram- og aftursætum sem og stýri, panorama glerþak,14 stillinga þægindasportsæti svo eitthvað sé nefnt. Geðveikur bíll

**Verð: 12.990.000 kr.**

Nýskráður 20.09.2017 | Ekinn 25.000 km.

**Porsche 911 Carrera**




Einstakt tækifæri. Helsti útbúnaður: 19" Carrera S felgur, Sport Chrono pakki, sóllúga, BOSE hljómkerfi, Bi-Xenon aðalljós og að sjálfsögðu, beinskiptur. Glæsilegur og vel hirtur bíll.

**Verð: 8.490.000 kr.**

Nýskráður 01.01.2004 | Ekinn 85.000 km.

**Porsche Cayenne S E-Hybrid**




Ljómandi fallegur Cayenne E-Hybrid. Helsti útbúnaður: stillanleg loftpúðafjöðrun, rafdrifinn dráttarkrókur, hiti í framsætum og stýri, litað gler og hugguleg viðarinnrétting til að toppa þetta.

**Verð: 7.490.000 kr.**

Nýskráður 20.07.2016 | Ekinn 79.000 km.

**Porsche Cayenne S E-Hybrid**




Lítið ekinn og flottur Cayenne E-Hybrid. Helsti útbúnaður: stillanleg loftpúðafjöðrun, dráttarkrókur rafmagns, hiti í framsætum, lyklalaust aðgengi, skyggðar rúður, fjarlægðarskynjarar og BOSE hljómkerfi svo eitthvað sé nefnt.

**Verð: 7.490.000 kr.**

Nýskráður 12.07.2016 | Ekinn 57.000 km.

Bílabúð Benna

**PORSCHE NOTAÐIR BÍLAR**
Skoðaðu úrvalið á benni.is

Krókháls 9
Sími: 590 2000

Virka daga 9 -18
Laugardaga 12 - 16

PORSCHE

# EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í VERSLUNUM NETTÓ!

**TILBOÐ GILDA 12.–15. ÁGÚST**







**Grísabógsneiðar**
Alabama
KJÖTSEL
**599** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.198 KR/KG




**Dádýrasteikur**
Í trufflumaríneringu
**4.479** KR/KG
**ÁÐUR:** 5.599 KR/KG




**Lambahryggur**
Hálfur - lundarmegin
**2.787** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.399 KR/KG




**Muna Hafraflögur**
Fínar - 1 kg
**373** KR/PK
**ÁÐUR:** 497 KR/PK




**Lambalæri**
Kjötborð
KJÖTBORÐ
**1.279** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.599 KR/KG




**Gulrótarbrauð**
Nýbakað
**489** KR/STK
**ÁÐUR:** 699 KR/STK




**Lamba-prime**
Smoky pepper
KJÖTSEL
**2.846** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.899 KR/KG

**Melóna Galía**
**199** KR/KG
**ÁÐUR:** 398 KR/KG




nettó
Lægra verð – léttari innkaup




**FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM**
Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*




Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga kl. 18.30 á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT



# Laugardagur

## Hringbraut

**18.00** **433.is (e)** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
**18.30** **Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**19.00** **Á Meistaravöllum** Gamlir og nýir KR-ingar láta gamminn geisa um félagið sitt.
**19.30** **Heima er bezt (e)** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00** **Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi.
**20.30** **Sir Arnar Gauti (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15** **KrakkaRÚV**
**07.16** **Rán - Rún**
**07.21** **Poppý kisukló**
**07.32** **Lundaklettur**
**07.39** **Tölukubbar**
**07.44** **Eðlukrúttin**
**07.55** **Bubbi byggir**
**08.06** **Millý spyr**
**08.13** **Unnar og vinur**
**08.35** **Stuðboltarnir**
**08.46** **Hvolpasveitin**
**09.09** **Grettir**
**09.21** **Víkingaþrautin** Dularfulla leyniherbergið.
**09.31** **Stundin rokkar**
**09.38** **Stundin okkar**
**10.00** **Hvað getum við gert?** Nýting lands.
**10.10** **Kappsmál**
**11.00** **Út í alheiminn með Stephen Hawking**
**11.45** **Soð í Dýrafirði** Ingjaldssandur.
**12.00** **Framtíðarveröld**
**12.55** **Fyrsti arkitektinn - Rögnvaldur Ólafsson**
**13.30** **Concorde. Baráttan um hljóðmúrinn**
**14.20** **Innlit til arkitekta - Maria Axelsson**
**14.50** **Heimur myndasagna með Robert Kirkman**
**15.30** **Bækur og staðir**
**15.40** **Stríðsárin á Íslandi**
**16.45** **Hið sæta sumarlíf**
**16.55** **Ísaksskóli í 90 ár**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Ósagða sagan**
**18.30** **Lars uppvakningur**
**18.45** **Landakort** Plast í hafinu.
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Ella í álögum Ella Enchanted**
**21.20** **Destination Wedding Ferðabrúðkaup**
**22.45** **DriveÖkuþór**
**00.20** **Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.15** **Tvöfaldur skolli**
**10.10** **Golfarinn 1**
**10.45** **Countdown to the Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup sem fer fram 24 - 26 september
**11.05** **2021 PLAYERS Official Film**
**12.00** **2021 PGA Championship Official Film**
**13.00** **LET Tour** Bein útsending frá Trust Golf Women's Scottish Open.
**17.00** **PGA Tour** Bein útsending frá Wyndham Championship.
**22.00** **European Tour** Útsending frá BMW International Open.

## Sjónvarp Símans

**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **Dr. Phil**
**09.30** **The Block**
**10.35** **Pabbi skoðar heiminn**
**11.10** **Áskorun**
**11.40** **Vinátta**
**12.10** **Aldrei ein**
**12.40** **Læknirinn í Frakklandi**
**13.30** **Chelsea - Crystal Palace** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50** **The King of Queens**
**17.10** **Everybody Loves Raymond**
**18.05** **Með Loga**
**19.05** **The Block**
**20.10** **Mark Felt. The Man Who Brought Down the White House**
**21.55** **American Assassin**
**23.40** **He's Just Not That Into You**
**01.45** **Indiana Jones and the Temple of Doom** Ævintýramynd frá 1984. Myndin gerist árið 1935 og fornleifafræðingurinn er kominn af stað í ný ævintýri. Í þetta sinn er förinni heitið til smábæjar í Indlandi þar sem íbúarnir trúa því að illir andar hafi tekið öll börnin í þorpinu í burtu, eftir að heilögum steini var stolið.
**03.40** **Delivery Man**

## RÚV Rás eitt

**06.55** **Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00** **Fréttir**
**07.03** **Vinill vikunnar**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.05** **Þeir hjá Kodak bókstaflega báru mig á höndum sér**
**09.00** **Fréttir**
**09.03** **Á reki með KK**
**10.00** **Fréttir**
**10.05** **Veðurfregnir**
**10.15** **Gæslan**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Vikulokin**
**12.00** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**13.00** **Bítlatíminn 2**
**15.00** **Flakk**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Endurtekin orð um bækur** Orð um bækur frá þessari öld um heimstyrjöldina síðari.
**17.00** **Þar sem orðunum sleppir** Staða tónlistarlífsins hér.
**18.00** **Kvöldfréttir**
**18.10** **Í ljósi sögunnar** Voulet-Chanoine-leiðangurinn.
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Sveifludansar** Gerry Mulligan og Chet Baker, GRP stórsveitin og Evrópska djasssveitin.
**20.50** **Úr gullkistunni** „Vertu eins og heima hjá þér"
**21.15** **Bók vikunnar** Undir fána lýðveldisins
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Litla flugan**
**23.00** **Vikulokin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.20** **Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost**
**12.40** **Step Up**
**14.05** **Notting Hill**
**16.05** **Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost**
**17.30** **Step Up**
**18.55** **Notting Hill**
**21.00** **Charlie Says**
**22.45** **Fighting With My Family**
**00.30** **Rambo. Last Blood**
**02.10** **Charlie Says**

## Stöð 2

**08.00** **Laugardagssögur**
**08.02** **Sögur af svöngum björnum**
**08.08** **Örstutt ævintýri**
**08.10** **Ég er kynlegt kvikyndi**
**08.12** **Örstutt ævintýri**
**08.15** **Greinda Brenda**
**08.18** **Börn sem bjarga heiminum**
**08.20** **Vanda og geimveran**
**08.30** **Monsurnar**
**08.40** **Ella Bella Bingó**
**08.50** **Blíða og Blær**
**09.10** **Leikfélag Esóps**
**09.20** **Tappi mús**
**09.30** **Latibær**
**09.40** **Dagur Diðrik**
**10.05** **Mia og ég**
**10.25** **K3**
**10.40** **Mörgæsirnar**
**11.00** **Angelo ræður**
**11.10** **Denver síðasta risaeðlan**
**11.20** **Angry Birds Stella**
**11.25** **Hunter Street**
**11.50** **Friends**
**12.10** **Bold and the Beautiful**
**13.40** **Bold and the Beautiful**
**14.00** **10 Years Younger in 10 Days**
**14.45** **Jamie. Keep Cooking and Carry on**
**15.10** **Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson**
**15.30** **Spartan. Ultimate Team Challenge**
**16.10** **The Masked Dancer**
**18.26** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.45** **Sportpakkinn**
**18.53** **Lottó**
**18.55** **Impractical Jokers**
**19.15** **TMNT (Teenage Mutant Ninja Turtle** Frábær ævintýramynd um stökkbreyttu skjaldbökurnar vinsælu.
**20.55** **The Lighthouse**
**22.45** **The Sisters Brothers**
**00.40** **The Clovehitch Killer**
**02.25** **Hunter Street**
**02.50** **Friends**
**03.10** **10 Years Younger in 10 Days**
**03.55** **Spartan. Ultimate Team Challenge**

## Stöð 2 Sport

**08.45** **KA/Þór - Fram** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
**10.00** **Víkingur R. - KA** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**11.40** **Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
**13.20** **Fjölnir - ÍR** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
**15.00** **Keflavík - KA**
**16.40** **Fylkir - Haukar**
**18.35** **Stjarnan - Breiðablik** Útsending frá leik k í Pepsi Max-deild karla.
**20.15** **KR - FH**
**21.55** **Fjölnir - ÍR** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
**23.35** **Breiðablik - Valur**

## Stöð 2 Sport 2

**07.55** **Charlton - Sheffield Wednesday**
**09.40** **Fulham - Middlesbrough**
**11.25** **Peterborough - Derby** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**13.30** **CSKA Moskva - Wolfsberg**
**15.10** **Hestalífið. Helgi Björnsson**
**15.25** **Arsenal - Rapid Vín**
**17.05** **UEFA Super Cup. Chelsea vs. Villareal**
**18.55** **Swansea - Sheffield United** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**21.00** **Peterborough - Derby**
**22.40** **Martin Hermannsson**
**23.10** **Swansea - Sheffield United**

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.00 Matur og heimili (e)**
**18.30 Mannamál- Ólafur Ragnar Grímsson (e)**
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**
**19.30 Pólitík með Páli Magnússyni (e)** Páll Magnússon fær til sín góða gesti og fer yfir það helsta sem er að gerast í íslenskum stjórnmálum.
**20.00 Herrahornið (e)** Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja girða sig almennilega í brók og líta út fyrir að vera fágaðir og flottir.
**20.30 Mannamál- Ólafur Ragnar Grímsson (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Refurinn Pablo**
**07.21 Hið mikla Bé !**
**07.44 Poppý kisukló**
**07.55 Kátur**
**08.07 Stuðboltarnir**
**08.18 Konráð og Baldur**
**08.31 Hvolpasveitin**
**08.54 Hrúturinn Hreinn**
**09.01 Úmísúmí**
**09.24 Robbi og Skrímsli**
**09.46 Eldhugar - Frances Glessner Lee - réttarrannsóknarkona**
**09.50 Sammi brunavörður**
**10.00 Skólahreysti** Úrslit.
**11.20 Fjörskyldan**
**11.35 Tæknin allt um kring**
**12.35 Sumartónleikar í Schönbrunn**
**14.15 Líkamsvirðingarbyltingin**
**14.45 Íslendingar. Þorvaldur Þorsteinsson**
**15.40 Hringfarinn Reykjavík - Dubai**
**16.25 Það kom söngfugl að sunnan**
**17.35 Mömmusoð**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Vísindahorn Ævars- Galileo Galilei**
**18.30 Vísindin allt í kring**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Sumarlandinn**
**20.20 Sá guli**
**21.10 Fjölskyldubönd Mother FatherSon**
**22.15 Þetta er bara heimsendir Juste la fin du monde**
**23.50 Ófærð** Íslensk sakamálasería úr smiðju Baltasars Kormáks.
**00.40 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.50 Tvöfaldur skolli**
**10.25 Golfarinn 1**
**11.00 PGA Tour Champions Learning Center**
**11.20 The Hero Challenge 2021 - Behind the Scenes**
**11.45 Champions Tour Highlights**
**12.40 PGA Tour Profiles**
**13.00 LET Tour** Bein útsending frá Trust Golf Women's Scottish Open.
**17.00 PGA Tour** Bein útsending frá Wyndham Championship.
**22.30 Ana Inspiration Charity Event - Annika Foundation**

## Sjónvarp Símans

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Dr. Phil**
**09.30 Dr. Phil**
**10.15 The Block**
**11.20 Bachelor in Paradise**
**12.45 The Bachelorette**
**14.45 The Biggest Loser**
**15.30 The Biggest Loser**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Ný sýn**
**18.05 Með Loga**
**19.05 The Block**
**20.10 Pabbi skoðar heiminn**
**20.45 Law and Order. Special Victims Unit**
**21.35 Yellowstone**
**22.25 Love Island**
**23.15 Penny Dreadful. City of Angels**
**00.15 Black Monday**
**00.50 New Amsterdam**
**01.35 Love Life**
**02.45 Seal Team**
**03.50 Love Island**
**04.45 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Hringsól** Á Ítalíu.
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Söngvamál** Á hjólum og teinum.
**09.00 Fréttir**
**09.05 Svona er þetta** Albert Jónsson.
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunnar** Lífsspeki kúa.
**11.00 Guðsþjónusta í Fella- og Hólakirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Sögur af landi**
**14.00 Tengivagninn**
**15.00 Hryðjuverk í háloftunum**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Sumartónleikar** Kammertónleikar á Verbier-hátíðinni.
**17.25 Orð af orði**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Gæslan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Þeir hjá Kodak bókstaflega báru mig á höndum sér**
**20.30 Djassþáttur**
**21.30 Úr gullkistunni** Brosandi land
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Á reki með KK**
**23.10 Frjálsar hendur** Vigfús Guðmundsson í villta vestrinu
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**10.35 Red Dog. True Blue**
**12.05 The Miracle Season**
**13.40 Something's Gotta Give**
**15.45 Red Dog. True Blue**
**17.15 The Miracle Season**
**18.50 Something's Gotta Give**
**21.00 The Night Is Young**
**22.25 The Good Liar**
**00.10 Miss Bala**
**01.55 The Night Is Young**

## Stöð 2

**08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni**
**08.02 Laugardagsklúbburinn**
**08.05 Rita og krókódíll**
**08.10 Regnbogasögur**
**08.10 Ég er fiskur**
**08.15 Veira vertu blessuð**
**08.15 Örstutt ævintýri**
**08.15 Ást er ást**
**08.15 Hæna Væna**
**08.25 Lærum og leikum með hljóðin**
**08.27 Litli Malabar**
**08.30 Blíða og Blær**
**08.50 Monsurnar**
**09.05 Tappi mús**
**09.10 Adda klóka**
**09.35 It's Pony**
**09.55 K3**
**10.05 Lukku láki**
**10.30 Angelo ræður**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Angry Birds Toons**
**11.05 Mörgæsirnar**
**11.30 Top 20 Funniest**
**12.10 Nágrannar**
**13.40 Nágrannar**
**14.00 Friends**
**14.25 Impractical Jokers**
**14.45 Bump**
**15.15 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer**
**15.35 First Dates**
**16.50 60 Minutes**
**17.40 Supernanny**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.50 Ísland í dag**
**19.05 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson**
**19.25 Grand Designs. Australia**
**20.20 The Heart Guy**
**21.05 War of the Worlds**
**21.55 Animal Kingdom**
**22.45 Timber Creek Lodge**
**23.30 Queen Sugar**
**00.10 Ballers**
**00.35 Ballers**
**01.05 Empire**
**01.45 Top 20 Funniest**
**02.30 Friends**
**02.50 Impractical Jokers**
**03.10 Bump**
**03.40 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer**

## Stöð 2 Sport

**09.00 Víkingur R. - KA**
**10.40 KR - FH**
**12.20 Stjarnan - Breiðablik**
**14.05 Víkingur R. - KR** Mjólkurbikar karla.
**15.50 KA - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**18.30 Pepsi Max Upphitun**
**19.00 FH - Leiknir R.** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**21.15 Pepsi Max Stúkan**
**22.15 Aberdeen - Breiðablik**
**23.55 FH - Leiknir R.**

## Stöð 2 Sport 2

**09.00 Chelsea - Luton Town** Útsending frá leik í FA Cup.
**10.40 Fulham - Burnley** Frá leik í FA Cup.
**12.15 Peterborough - Derby**
**13.55 Leicester - Slavia Prag**
**15.35 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**16.30 Manchester United - Real Sociedad**
**18.10 Barcelona - PSG**
**19.50 Leipzig - Liverpool**
**21.30 Swansea - Sheffield United**
**23.10 Peterborough - Derby**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.00 Mannamál- Ólafur Ragnar Grímsson (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Atvinnulífið (e)** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra.
**19.30 Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Lengjudeildarmörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
**20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá**

## RÚV Sjónvarp

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Sumarlandinn**
**11.40 Fólkið í landinu** Petra Sveinsdóttir.
**12.00 Spaugstofan 2009-2010**
**12.25 Grænir fingur 1989-1990**
**12.40 Stúdíó A** Agent Fresco, Greta Salóme og Axel Flóvent.
**13.10 Ævi** Unglingsár
**13.40 Nautnir norðursins** Grænland - seinni hluti
**14.10 Í fótspor hugvitsmannsins**
**15.10 Veröld sem var** Dellurnar.
**15.35 Með okkar augum**
**16.05 Átök í uppeldinu**
**16.45 Hundalíf**
**16.55 Siglufjörður - saga bæjar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Poppý kisukló**
**18.12 Loðmundur**
**18.19 Skotti og Fló**
**18.26 Lestrarhvutti**
**18.33 Kalli og Lóa**
**18.45 Rán - Rún**
**18.50 Bækur og staðir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Hvað getum við gert?**
**20.10 Attenborough. Undur eggjanna Natural World. Attenborough's Wonder of Eggs**
**21.10 Fiðrildi Butterfly**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Whitney Whitney. Can I Be Me**
**00.00 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.00 PGA Tour** Útsending frá Wyndham Championship.
**13.00 PGA Highlights**
**13.55 PGA Tour** Útsending frá Wyndham Championship.
**19.25 PGA Tour 2020** Útsending frá The Northern Trust.

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.05 90210**
**15.50 American Housewife**
**16.15 Black-ish**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 Top Chef**
**21.00 The Rookie**
**21.50 Seal Team**
**22.35 Love Island**
**23.25 The Royals**
**00.10 The Late Late Show**
**00.50 New Amsterdam**
**01.35 Younger**
**02.05 Bull**
**03.50 Love Island**
**04.40 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur** Íslenskt tónlistarfólk flytur lög eftir Bob Dylan.
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Hringsól** Á Ítalíu.
**15.00 Fréttir**
**15.03 Endurtekin orð um bækur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Millispil**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Beethoven. Byltingarmaður tónlistarinnar**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakiljan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar Musiq3 í Brussel**
**20.30 Meistaraverk Beethovens**
**21.20 Íslendingasögur-Listin að segja sögur - Ingi Hans Jónsson**
**21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.40 Call of the Wild**
**13.20 Britt-Marie Was Here**
**14.55 Johnny English**
**16.20 Call of the Wild**
**17.55 Britt-Marie Was Here**
**19.30 Johnny English**
**21.00 The Book of Love**
**22.40 Jay & Silent Bob Reboot**
**00.25 Motherless Brooklyn**
**02.45 The Book of Love**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.30 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The Good Doctor**
**10.05 One Born Every Minute**
**10.50 Kevin McCloud's Rough Guide to the Future**
**11.40 Love in the Wild**
**12.20 Last Man Standing**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Friends**
**13.15 Friends**
**13.40 The Office**
**14.00 Spegill spegill** Viðtalsþáttur með óhefðbundnu sniði þar sem Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands ríður á vaðið sem fyrsti spyrill.
**14.25 Matarboð með Evu**
**15.05 Saved by the Bell**
**15.30 The Goldbergs**
**15.50 Suits**
**16.35 First Dates**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer**
**19.55 Your Home Made Perfect**
**20.55 Bump**
**21.30 Queen Sugar**
**22.15 60 Minutes**
**23.05 Next**
**23.45 Krypton**
**00.30 The Victim**
**01.25 Empire**
**02.10 The Good Doctor**
**02.50 The Mentalist**
**03.35 The Office** Bandarískir gamanþættir um lífið á Dunder Mifflin pappírsskrifstofunni í Scranton Pennsylvaníu.

## Stöð 2 Sport

**08.55 Pepsi Max Stúkan**
**09.50 Fjölnir - ÍR** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
**11.30 Keflavík - KA**
**13.10 Fylkir - Haukar**
**15.05 KA - Stjarnan** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**16.45 FH - Leiknir R.**
**18.30 Pepsi Max Upphitun**
**19.00 Fylkir - Víkingur R.** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
**21.15 Pepsi Max Stúkan**
**21.50 KA - Stjarnan**
**23.30 FH - Leiknir R.**

## Stöð 2 Sport 2

**07.45 Manchester United - Liverpool** Útsending frá leik í FA Cup.
**09.25 Everton - Sheffield Wednesday**
**11.05 Wycombe - Tottenham**
**12.50 Porto - Juventus**
**14.25 Atlético Madrid - Chelsea**
**16.05 Atalanta - Real Madrid**
**17.50 Football League Show**
**18.15 Sevilla - Dortmund**
**19.55 Tottenham - Wolfsberg**
**21.30 Olympiacos - Arsenal**
**23.15 Manchester United - AC Milan**

# Bumbuhópar gleðja ljósmæður með fallegu framtaki



Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

**Svokallaðir bumbuhópar hafa verið vinsælir á Facebook síðustu árin, en þar koma saman konur sem eiga von á sér um svipað leyti. Nokkrir bumbuhópar tóku sig saman og söfnuðu fyrir veglegum glaðningi til að færa ljósmæðrum í þakklætisskyni fyrir óeigingjarnt starf.**

Bumbuhópar hafa verið vinsælir síðustu árin, en þar hópast saman konur sem eiga von á sér í sama mánuði og veita hver annarri stuðning, ráð og félagsskap. Júlí- og júní-bumbuhópana langaði að sýna þakklæti sitt til ljósmæðra á Landspítalanum, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í verki og hófu söfnun til að geta fært þeim ýmislegt skemmtilegt til að létta andann og gleðja. Þær Ásta Sóley Gísladóttir, Hrefna Hrund Erlingsdóttir og Kristín Freyja Óskarsdóttir tilheyra bumbuhópunum.

„Ég var að horfa á kvöldfréttir í byrjun júlí þegar sonur minn var nokkurra daga gamall, þar sem verið var að ræða álagið sem ljósmæður hafa þurft að takast á við í þessum metfjölda fæðinga sem er í ár. Mér varð hugsað til þess hversu vel ljósmæðrunum á fæðingardeild Landspítalans tókst að hlífa mér fyrir því að upplifa hversu mikið álagið er á þeim í raun og veru. Vitandi hvað er mikið að gera hjá þeim langaði mig að gleðja þær með einhverju sem myndi hjálpa þeim að slaka á,“ segir Hrefna Hrund.

„Ég var búin að vera hugsa hvað væri hægt að gera fyrir þessar yndislegu ljósmæður á þessum erfiðu tímum en það eina sem mér datt í hug var að færa þeim köku, svo kom snillingurinn hún Hrefna Hrund með þessa hugmynd sem mér leist mjög vel á,“ bætir Ásta Sóley við.

„Hugmyndin kom frá þeim en okkur sem erum í bumbuhópunum sem fæddu börn á Sjúkrahúsinu á Akranesi langaði að gera einnig eitthvað fyrir þessar frábæru ljósmæður sem hjálpuðu börnunum okkar að koma í heiminn. Ljósmæðurnar voru mjög ánægðar með gjafirnar,“ segir Kristín.

> „Ég held persónulega að þeir sem hafa þurft á aðstoð ljósmæðra að halda átti sig fyllilega á mikilvægi þeirra, einhverra hluta vegna þurfa þær samt að berjast fyrir betri launum og bættu starfsumhverfi.
>
> Hrefna Hrund.

**Eiga skilið dekur**

Pakkarnir voru veglegir og innihéldu meðal annars hátalara, herða- og fótanuddtæki, handakrem, kaffi og sælgæti.

„Ljósmæður vinna gífurlega mikilvægt starf, þær eru með okkur og styðja okkur í gegnum bestu en á sama tíma erfiðustu lífsreynslu sem maður gengur í gegnum. Þær áttu svo innilega smádekur skilið,“ segir Ásta Sóley.

„Þær eru með manni og aðstoða mann þegar maður er að ganga í gegnum eitt það stærsta sem maður gerir í lífinu, að fæða barn í heiminn,“ segir Kristín.

„Það er svo mikilvægt að fólk fái að heyra þegar það gerir vel og þær eiga skilið að finna þakklæti okkar í verki, sérstaklega þegar aðstæðurnar eru eins og þær eru í dag. Ég held persónulega að þeir sem hafa þurft á aðstoð ljósmæðra að halda átti sig fyllilega á mikilvægi þeirra, einhverra hluta vegna þurfa þær samt að berjast fyrir betri launum og bættu starfsumhverfi, svo kannski gera það ekki allir,“ segir Hrefna Hrund.

**Góður stuðningur**

*Hvert er mikilvægi bumbuhópa, finnið þið mikinn stuðning þar?*

„Við höfum allar nýtt okkur aðstoð hver frá annarri held ég, en að vera í slíkum hóp getur verið mjög hjálplegt þegar maður er í vafa eða hefur spurningar, eða jafnvel til að deila fróðleik með öðrum mæðrum. Þarna finnur maður aðrar mæður sem eru að upplifa svipaða hluti og maður sjálfur og getur maður fundið mikla huggun í því,“ segir Kristín.

„Já ég finn fyrir miklum stuðningi, mér finnst gott að geta talað við aðrar konur sem eru að ganga í gegnum það sama og ég og fengið og deilt ráðum. Ég hef eignast mjög góðar vinkonur út frá bumbuhópum,“ segir Ásta Sóley.

„Það er mjög gott að hafa þetta aðgengi að öðrum sem eru að ganga í gegnum sömu hluti á sama tíma og maður sjálfur. Að geta bæði deilt reynslu og þegið ráð varðandi allt mögulegt, hvort sem það tengist foreldri eða barni. Ég hef myndað tengsl við frábæran kjarna stelpna sem ég hlakka til að eiga samskipti við sem allra lengst og fylgjast með okkur og börnunum takast á við lífið áfram,“ segir Hrefna Hrund.

Formaður Ljósmæðrafélags Íslands, Unnur Berglind Friðriksdóttir, vill koma á framfæri innilegu þakklæti fyrir hönd ljósmæðranna fyrir þetta fallega framtak. ■



Hrefna Hrund og Ásta Sóley fóru með gjafirnar á Landspítalann fyrir hönd júlí- og júní-bumbuhópanna. MYND/AÐSEND



Kristín er meðlimur í bumbuhóp kvenna sem fæddu á Akranesi. Nokkrar af þeim tóku sig til og gáfu ljósmæðrum þar fallegan pakka.

**Kraftur – Fræðslu- og hagsmunafulltrúi**

Kraftur leitar að drífandi og skemmtilegum einstaklingi í 80% - 100% starf fræðslu- og hagsmunafulltrúa félagsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ábyrgð á fræðslustarfi félagsins
- Hagsmunagæsla fyrir unga krabbameinsgreinda einstaklinga og aðstandendur
- Skipulagning og utanumhald um fræðslustarf félagsins
- Umsjón með fræðsluvef og fræðslu á samfélagsmiðlum
- Umsjón með fræðslustarfi hvers kyns útgáfu á vegum Krafts
- Almenn upplýsingagjöf til félagsmanna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög gott vald á íslensku í bæði ræðu og riti krafa
- Góð enskukunnátta
- Þekking og reynsla af hagsmuna- og fræðslumálum kostur
- Góð almenn tölvufærni, reynsla af samfélagsmiðlum og vefumsjón kostur
- Hjarta fyrir málstaðnum
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Skilvirkni og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð samvinnu- og samskiptahæfni

**Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst nk.**
Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi,
**hlynur@hagvangur.is**

KRAFTUR
HAGVANGUR
hagvangur.is




ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

# Lífið í vikunni 08.08.21 14.08.21



### Stutt í fullorðinshúmorinn

Sumarhópur Leikhópsins Lottu hefur ferðast um landið í sumar og sett upp leiksýningar fyrir börn. Alltaf er þó stutt í fullorðinshúmorinn líka þannig að allir geti haft gaman af.



### Þjóðlagasamspil á KEX

Hópur fólks hittist einn miðvikudag í hverjum mánuði á KEX og er með þjóðlagasamspil. Linus Orri er einn fjögurra sem halda utan um viðburðinn.



### Fjögurra stjörnu Feigðarflan

Kvikmyndin The Suicide Squad féll vel í kramið hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins og fékk heilar fjórar stjörnur. Myndinni er leikstýrt af James Gunn, sem tókst fantavel til.



### Nýtt lag frá Hudson Wayne

Hljómsveitin Hudson Wayne gaf út lagið Khat í gær. Meðlimir sveitarinnar stefna á að gefa út lag þrettánda hvers mánaðar, sem enda svo á næstu breiðskífu þeirra.


BETRI SVEFN BETRA LÍF

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK




Kristín Karólína og Kristín Helga hafa áður unnið saman að tveimur sýningum, sú fyrri var í Berlín og hin síðari í Amsterdam. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

# Biðin varð að innblæstri

**Kristín Helga og Kristín Karólína opna sýninguna Vinsamlegast bíðið í MUTT galleríi í dag. Þær þurftu að snúa til Íslands úr námi erlendis vegna faraldursins. Þær fengu að fara inn í tóma flugstöð Keflavíkurflugvallar til að mynda fyrir verkið.**

steingerdur@frettabladid.is



Þær fengu leyfi til að mynda inni í tómri flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir sýninguna. MYND/AÐSEND

Í dag opna listakonurnar Kristín Helga Ríkharðsdóttir og Kristín Karólína Helgadóttir sýninguna Vinsamlegast bíðið í MUTT galleríi við Laugaveg. Þær þurftu að fara heim til Íslands í faraldrinum en voru báðar í myndlistarnámi erlendis. Biðstaðan sem fylgdi faraldrinum varð þeim innblástur í listsköpuninni.

„Við vorum báðar úti í mastersnámi í myndlist erlendis, ég í Bandaríkjunum og Kristín Karólína í Belgíu. Við þurftum svo báðar að snúa aftur heim út af Covid. Við ræddum mikið um þessa tilfinningu, að vera á nokkurs konar biðstofu, bara að bíða,“ segir Kristín Helga.

„Biðstofa kom strax upp eins og rými eða fyrirbæri. Þetta var eitthvað sem okkur langaði að vinna með. Sýningin hverfist um nokkurs konar biðstofu,“ segir Kristín Karólína.

„Bæði metafóríska og fýsíska,“ bætir Kristín Helga við.

„Sýningin er því búin að malla í þennan tíma. Þannig að þessi sýning sem hverfist um biðina þurfti líka að bíða,“ segir Kristín Karólína.

### Ákveðin heild

Þær langaði mikið að vinna saman, þar sem faraldrinum fylgdi mikil einvera.

„Við sóttum kraft hvor til annarrar. Við hvöttum hvor aðra áfram til að vera ekki bara heima og bíða,“ segir Kristín Helga.

Námið raskaðist og féll niður á köflum.

„Þannig að við vorum alltaf að panta flug sem þurfti svo að fresta. Flugvellir leika líka hlutverk á sýningunni,“ segir Kristín Karólína.

Sýningin saman stendur af ljósmyndum, vídeóverkum og innsetningum.

„Við sjáum þetta sem ákveðna heild. Þú gengur inn og þetta virkar eins og biðstofa. Ljósmyndirnar á veggjunum minna á auglýsingaplaköt sem eru oft á veggjum á biðstofum. Þær renna svolítið saman inn í vídeóverkið,“ segir Kristín Karólína.

Nöfnurnar kynntust í Berlín fyrir fjórum árum síðan.

„Við höfum tvisvar sinnum áður sýnt saman, fyndið að það virðist alltaf koma upp á tveggja ára fresti. Fyrst vorum við í Berlín, síðan Amsterdam og núna erum við að sýna hér. Við vinnum vel saman,“ segir Kristín Karólína.

„Við erum mjög gott teymi. Við fórum á Keflavíkurflugvöll þegar hann var alveg tómur, fengum að taka upp þar,“ segir Kristín Helga.

„Af því við vorum tvær saman þá vorum við miklu duglegri að bara kýla á hlutina. Þá er maður ekki að efast, heldur bara gerir það. Maður er með meiri kjark í að vaða bara áfram og spyrja hvort við megum fá að láni hótelherbergi, húsgögn eða fara inn á tóman flugvöllinn,“ segir Kristín Karólína.

> Hann Kristján hjá Isavia sagði að ef við ætluðum að taka myndir af einhverju fólki á vellinum þá væri það sko ekki að fara að gerast og hló.
>
> Kristín Helga.

### Tómur flugvöllur

Þær segja að það hafi komið þeim virkilega að óvart hvað allir tóku vel í hugmyndir þeirra og voru boðnir og búnir til að hjálpa.

„Við fengum eiginlega já við öllu sem við spurðum um,“ segir Kristín Helga.

„Maður bjóst einhvern veginn alltaf við að fólk segði nei. Við hugsuðum að við værum aldrei að fara að fá að taka upp á flugvellinum. Svo fengum við jákvætt svar,“ segir Kristín Karólína.

„Það voru bara eitt eða tvö flug á skjánum, sem var mjög skrýtið. Það var enginn þarna. Hann Kristján hjá Isavia sagði að ef við ætluðum að taka myndir af einhverju fólki á vellinum þá væri það sko ekki að fara að gerast og hló,“ segir Kristín Helga.

Kristín Karólína var að klára námið sitt en Kristín Helga stefnir á að fara aftur út til New York til að klára námið sitt þar.

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 16.00. MUTT gallerí er við Laugaveg 48. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*






NÚ **7.120**
SPARAÐU 1.780

**TIMON BORÐSTOFUSTÓLL**
blátt velvet, svartir fætur. 8.900 kr. **Nú 7.120 kr.**



NÚ **12.720**
SPARAÐU 3.180

**CORBY BORÐSTOFUSTÓLL** Svört plastseta, svartir fætur. 15.900 kr. **Nú 12.720 kr.**



NÚ **43.920**
SPARAÐU 10.980

**DEIA BORÐSTOFUSTÓLL** Svart velúr, svartir fætur. 54.900 kr. **Nú 43.920 kr.**



NÚ **23.920**
SPARAÐU 5.980

**EMILIA BORÐSTOFUSTÓLL** Bleikt velvet, svartir fætur. 29.900 kr. **Nú 23.920 kr.**

NÚ **87.920**
SPARAÐU 21.980



**RICHMOND BORÐSTOFUBORÐ** Olíuborin eikarspónn. Síldarbeinamynstur. 160 x 95 cm. 109.900 kr. **Nú 87.920 kr.**



**AMBLE BORÐSTOFUBORÐ**
Ø110 cm. Marmaraprint, svartir fætur.
42.900 kr. **Nú 34.320 kr.**



**SINGLE BORÐSTOFUBORÐ** Hvít laminat borðplata, svartir kantar og fætur.
80x120/217 cm. 64.900 kr. **Nú 51.920 kr.**




**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

BYKO



# Lengjum sumarið

**Reiknaðu út áætlaðan kostnað**
í girðinguna og pallinn á BYKO.is

málning

## Kjörvari 12
Olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir honum góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungumyndun.

**4.695**

86363041-640

4 ltr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



**Pensill**
Fyrir vatnsmálningu og lakk.
**2.095**
84155577

Tilboðsverð
**Herregård pallaolía XO**
Hágæða viðarolía með vörn gegn viðargráma og myglu og dregur úr sprungumyndun.
Glær eða gyllt
**2.796**
80602501/2
Almennt verð: 3.495
3.l
20%



Tilboðsverð
**Ferðagasgrill**
Létt og þægilegt ferðagasgrill, frábært í útileguna
**19.996**
50632100
Almennt verð: 24.995
20%
Þú sparar: 4.999
Kílóvött 2,93 | Brennarar 1



NAPOLEON
Tilboðsverð
**Rafmagnsgrill**
TravelQ Pro285. Svart og stílhreint rafmagnsgrill með 2200 watta brennara.
**34.996**
506600025
Almennt verð: 49.995
30%
Þú sparar: 15.000
Vött 2200 | Brennarar 1



Tilboðsverð
Broil King
Great Barbecues Every Time
**Royal S310**
með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við
**59.996**
50657513
Almennt verð: 79.995
25%
Þú sparar: 19.999
Kílóvött 8,8 | Brennarar 3



NAPOLEON
Tilboðsverð
**Rogue R425**
Hágæðagrill með 3 brennara og 12,3 kW kraft og grillflöt 60x45 cm. Grillið er með Lift Ease™ tækni og því auðvelt að opna og hægt að vera með grillið alveg upp að vegg
**74.996**
506600036
Almennt verð: 99.995
25%
Þú sparar: 24.999
Kílóvött 12,3 | Brennarar 3

**Tilboðsverð**

RYOBI

## Sláttuvél

Hörkuvél passar fyrir stóra garða, öflugur bensínmótor og stór safnkassi. Athugið að vélin kemur olíulaus.

**49.995**

7133004344

Almennt verð: 69.995

29%

Þú sparar: 20.000



---

**Tilboðsverð**

RYOBI

## Sláttuorf

18V Sláttuorf með stillanlegri sláttubreidd 25cm eða 30cm sem hentar vel þegar er verið að klippa gras og illgresi.

**14.577**

7133002813

Almennt verð: 24.295

40%

Þú sparar: 9.738



---

**Tilboðsverð**

Einhell

## Sláttuvél

GC-PM 46 B&S 1,65 kW. Frábært tæki til að tækla þykkan gróður í garði.

**55.996**

748300654

Almennt verð: 79.995

30%

Þú sparar: 23.999



---

RYOBI



**Tilboðsverð**

## Hekkklippur

H60cm hekkklippur með tvöföldu sagarblaði og kolalausum mótor. Hlíf fylgir með en rafhlaða fylgir ekki.

25%

Þú sparar: 10.749

**32.246**

7133004906

Almennt verð: 42.995

---

**Tilboðsverð**

RYOBI

## Sláttuorf hybrid

Sláttuorf 18V Hybrid. Líthium + 2,0Ah rafhlaða. Val um að nota rafhlöðu eða rafmangssnúru.

**30.537**

7133003710

Almennt verð: 50.895

40%

Þú sparar: 20.358



---

**Tilboðsverð**

Einhell

## Sláttuvél

GC-PM 46/4 S 1,9kw. Frábær sláttuvél sem hentar vel til að tækla þykkan gróður í garði. Vélin er með 2kW mótor og 1L bensístankl.

**48.996**

748300654

Almennt verð: 69.995

30%

Þú sparar: 20.999



---

**Tilboðsverð**

## Sláttuorf

ART 24. Kraftmikið sláttuorf sem er auðvelt að nota, frábært í að snyrta enda á grasblettum og stærri svæði sem erfitt er að ná til með sláttuvél.

**9.497**

7133003710

Almennt verð: 18.995

50%

Þú sparar: 9.498



BOSCH

---

**Tilboðsverð**

RYOBI

## Sláttuorf

Þráðlaus 18V sláttuorf með 2,5Ah Lithium rafhlöðu. 30cm skurðageta, sjálfvirk þráðspóla, 1,6mm lína.

**32.996**

7133003709

Almennt verð: 43.995

25%

Þú sparar: 10.999



---

**Tilboðsverð**

RYOBI

## Bensínsláttuorf

Kraftmikið bensín Sláttuorf með 55cc 2 strokka mótor. Sláttuorfið hentar fyrir öll stærri sláttuverkefni.

**59.996**

7133002545

Almennt verð: 79.995

25%

Þú sparar: 19.999



---



**Allir reiðhjólahjálmar** 30%

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
FRÉTTABLAÐIÐ


■ **Bakþankar**




Óttars Guðmundssonar


## Ólympíuleikar

Þátttaka Íslands í nýafstöðnum Ólympíuleikum var vandræðaleg. Keppendur þjóðarinnar luku eiginlegri keppni áður en hún hófst. Reyndar eru Íslendingar vanir illu gengi á Ólympíuleikum. Vilhjálmur Einarsson hirti silfurverðlaun árið 1956 og síðan hafa verðlaunapeningar verið jafn sjaldséðir á Íslandi og villtir páfuglar. Grannþjóðirnar Svíþjóð, Danmörk og Noregur komu heim með 24 verðlaunapeninga meðan keppendur Íslands sátu enn í rásholunum. Smáþjóðin San Marínó (35 þús. íbúar) fékk þrenn verðlaun á þessum leikum.

Íslensku fjölmiðlamennirnir í Tókýó skemmtu sér við að taka viðtöl hver við annan. Út úr leiðindum tóku þeir ástfóstri við handboltalið frá Barein af því þjálfarinn var úr Hafnarfirði.

Ástandið hefur aldrei verið vonlausara en nú. Líkamleg hreyfing og íþróttaiðkun eru á engan hátt hluti af daglegu lífi barna og unglinga. Nýlegar rannsóknir sýna að íslensk börn hafa aldrei verið kvíðnari eða þyngri en á þessum tæknivæddu velferðartímum. Það er ekki gott veganesti á Ólympíuleika.

Hvað er þá til ráða? Þjóðin verður að fá viðurkenndar séríslenskar keppnisgreinar eins og rafskutlurallý og maraþontölvuleiki eða flytja inn íþróttamenn sem eru óhamingjusamir í heimalandinu. Kúbanskur flóttamaður vann til gullverðlauna fyrir Portúgal í Tókýó. Ísland gæti sent erindreka til vansælla þjóða eins og Kúbu, Afganistan eða Norður-Kóreu og reynt að tæla hingað íþróttafólk með boði um íbúð og bíl og ókeypis áskrift að Stöð 2 til æviloka.

Það er útséð með að þjóðinni takist að vinna einhver Ólympíugull. Á hinn bóginn mætti vinna til verðlauna með flóttaíþróttamönnum undir íslenskum fána.

Það mundi vekja upp þjóðarstoltið og aftur væri hægt að taka upp hið gleymda víkingaklapp. ■





